

GAGARÍN

*Miðla sögum á ólíkan máta*

• græjur

allt Í MIÐJU BLAÐSINS

FASTEIGNIR

*Hunda- og kattahald í fjölbýli*

Sérblað um fasteignir

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



PETER FENNER

*Stoltur af því að vera í íslenska liðinu*

Telur Ísland geta sigrað Eurovision í ár

FÓLK 32




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

2. apríl 2007 — 91. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## MÁNUDAGUR

### Landslið poppara útskrifast

María Huld Markan er í hópi landsþekktra tónlistarmanna sem útskrifast úr tónsmíðanámi í LHÍ í vor.



FÓLK 42

### Stendur í stórræðum



Elín Ósk Óskarsdóttir söngkona og Óperukór Hafnarfjarðar setja upp hina sívinsælu óperu Cavalleria Rusticana.

MENNING 28

### Færumst nær Evrópu

Aflaheimildir tapast ekki með inngöngu Íslands í Evrópusambandið að sögn Össurar Skarphéðinssonar.

Í DAG 20

### Fullkomið Íslandsmót

Ragna Ingólfsdóttir varð þrefaldur Íslandsmeistari í badminton í gær og tapaði ekki hrinu á öllu mótinu.



ÍÞRÓTTIR 36

### VEÐRIÐ Í DAG




**MILT VEÐUR** Í dag verður vaxandi sunnanátt, 8-15 m/s í kvöld hvassast norðvestan til. Dálítil súld eða rigning norðvestan til í dag en víða einhver væta síðdegis eða í kvöld, síst þó austan til. Hiti 7-12 stig.

VEÐUR 4




# Málflutningur frjálslyndra sagður vera ógeðfelldur

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir segir engar samfélagslegar aðstæður réttlæta að gripið sé til neyðarráðstafana vegna innflytjenda líkt og Frjálslyndi flokkurinn boðar. Steingrímur J. Sigfússon segir þessa stefnu frjálslyndra geta haft áhrif á mögulegt stjórnarsamstarf. Bendum á staðreyndir segir Magnús Þór Hafsteinsson.**

**STJÓRNMÁL** „Ég verð að viðurkenna það að málflutningur frjálslyndra, meðal annars á ýmsum framboðsfundum sem þeir hafa verið á með okkar fólki og eins á bloggsíðum, hefur okkur þótt mjög ógeðfelldur. Mér sýnist á auglýsingunni í Fréttablaðinu í dag að þetta sé málefni sem þeir ætli beinlínis að gera út á í kosningabaráttunni og um það hef ég bara að segja á þessu stigi að það lofar ekki góðu,“ sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, um heilsíðuauglýsingu Frjálslynda flokksins í Fréttablaðinu í gær.

Yfirskrift auglýsingarinnar er: „Viljum við sitja uppi með sömu vandamál og aðrar þjóðir sem hafa leyft óhindraðan innflutning erlends vinnuafls?“ Þar segir enn fremur að flokkurinn ætli að beita sér fyrir því að undanþága í EES-samningnum um innflutning verkafólks verði nýtt og honum stjórnað.

Ingibjörg segir þessa stefnu jafngilda því að Íslendingar segi sig frá Evrópska efnahagssvæðinu. „Við í Samfylkingunni teljum engar þær aðstæður í samfélaginu sem réttlæti að gripið sé til einhverra neyðarráðstafana vegna innflytjenda eins og þeir eru að boða í þessari auglýsingu. Við tökum ekki þátt í svoleiðis, það er alveg ljóst.“

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, var staddur í Færeyjum í gær og hafði ekki séð auglýsinguna en heyrt af henni símleiðis. Hann telur þessa stefnu geta haft áhrif á mögulegt stjórnarsamstarf með frjálslyndum. „Það er engin leið að neita því að þetta getur vissulega haft áhrif og orðið afdrifaríkt. Ég er dapur yfir því að heyra þessar fréttir að þeir ætli að halda áfram að fikra sig inn á þessa braut. Meira vil ég ekki segja að svo stöddu.“

Magnús Þór Hafsteinsson, varaformaður Frjálslynda flokksins, telur engar líkur á að þessi stefna flokksins marki endalok hins svokallaðs kaffibandalags stjórnarandstöðuflokkanna. „Við erum að benda á staðreyndir í þessari auglýsingu og að kalla eftir því að þjóðin taki afstöðu til þessara mála. Ef hinir flokkarnir vilja reyna að þagga þessa umræðu í hel með hótunum um að þeir vilji ekki tala við okkur eða vinna með okkur, þá er það til marks um að það eru óábyrgir stjórnmálamenn í þessum flokkum sem þora ekki að taka umræðuna. Þannig eiga stjórnmálamenn ekki að vinna.“

thordur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**BJÖRK HEILLAÐI** Mikill fjöldi mætti á styrktartónleika gegn átröskun sem FORMA hélt á Nasa í gærkvöldi. Meðal þeirra sem fram komu var Björk Guðmundsdóttir sem frumflutti efni af nýjustu plötu sinni, Volta, sem kemur út 7. maí næstkomandi.

Baráttan um tilnefningar flokka:

## Clinton setur met í fjáröflun

**BANDARÍKIN** **Hillary Clinton, sem sækist eftir tilnefningu demókrata sem forsetaframbjóðandi flokksins í komandi kosningum, hefur sett met í fjáröflun fyrir kosningabaráttuna að því er BBC greinir frá.**



**HILLARY CLINTON** Talin sigurstranglegust þeirra sem berjast um forsetatilnefningu demókrata.

**Að sögn kosningastjóra hennar hefur Clinton safnað meira en 1,7 milljörðum króna á fyrsta ársfjórðungi ársins 2007. Sú upphæð er langtum hærri en fyrra met Al Gores, fyrrverandi varaforseta Bandaríkjanna, sem aflaði 586 milljóna á sama tímabili í aðdraganda forsetakosninganna árið 1996.** - sdg

Forstjóri Alcan segir starfsmenn sína í sorg eftir vonbrigði álverskosninganna:

## Erum ekki með neitt plan B

**KOSNINGAR** „Það er mikil sorg í mönnum og vonbrigði,“ segir Rannveig Rist, forstjóri Alcan á Íslandi, eftir atkvæðagreiðsluna um stækkun álversins í Straumsvík.

„Við höldum áfram að reka núverandi verksmiðju eftir bestu getu og tökum góðan tíma til að skoða hvað framhaldið ber í skauti sér. En við höfum ekkert annað plan en stækkun; það er ekkert plan B,“ segir Rannveig. Alcan hefur raforkusamning til ársins 2014.

Rannveig segir það hafa komið Alcan í opna skjöldu að þurfa að ganga í gegn um kosningarnar. „Þær voru ekki okkar val heldur komu allt í einu upp þegar við vorum komin mjög langt með stækkunarferlið; komin með samninga um alla orku, annaðhvort undirritaða eða mjög nálægt því, komin með umhverfismat og grófhönnun að mestu lokið. Það eru átta ára vinna sem liggur hér að baki,“ segir Rannveig sem kveður starfsfólk Alcan nú ætla að reyna að ná andanum.

„Fólk stóð sig alveg gríðarlega vel í kosningabaráttunni. Það vann drengilega og hafði miklar væntingar. Það er sátt við sjálft sig vegna þess hversu vel og heiðarlega það hefur unnið að þessu. Og það er óumræðanlega jákvæður punktur í þessu hversu vel baráttan hefur þjappað starfsfólkinu saman. En vonbrigðin eru mikil.“

- gar


BURT MEÐ ÓRÉTTLÁTT KVÓTAKERFI

XF

Frjálslyndi flokkurinn

www.xf.is





## SPURNING DAGSINS



*Hrannar, var þetta góður Hafnarfjarðarbrandari?*

„Þetta var að minnsta kosti dýr Hafnarfjarðarbrandari."

Hrannar Pétursson er upplýsingafulltrúi Alcan á Íslandi sem varð undir í kosningum um stækkun álvers fyrirtækisins í Straumsvík í Hafnarfirði.

Eldvarnavika í grunnskóla skilaði árangri í heimilisbruna í Borgarfirði:

# Sjö ára bjargaði systkinum sínum

**ELDSVOÐI** Sjö ára drengur, Brynjar Halldór Sævarsson, sýndi mikið hugrekki og bjargaði tveimur yngri systkinum sínum út úr reykjarkófi þegar eldur kom upp á heimili þeirra að Ferjubakka í Borgarfirði í laugardaginn.

Yngsta barnið á heimilinu, átján mánaða drengur, hafði kveikt á eldavél sem ekki er í notkun þar sem fjölskyldan hefur verið að gera upp húsið. Á eldavélinni voru tómir sementspokar sem kviknaði í og á skömmum tíma fylltist allt af reyk.

Ólöf María Brynjarsdóttir, móðir barnanna, var í þvottahúsinu þegar kviknaði í og varð því ekki vör við neitt fyrr en Brynjar lét hana vita þegar hann var að koma systkinum sínum út. Hún náði þá í slökkvitæki og tókst að ráða niðurlögum eldsins eftir töluverða baráttu.

Mikil mildi var að ekki fór verr og Ólöf þakkar það því að eldri sonur hennar vissi hvernig átti að bregðast við þar sem nýlega var haldin eldvarnavika í skólanum hjá honum og því að öll slökkvitæki á heimilinu voru í lagi. - eö



**BRYNJAR HALLDÓR SÆVARSSON** Sýndi mikið snarræði þegar hann bjargaði yngri systkinum sínum.

Hagur Hafnarfjarðar:

## Grunur um kosningasvindl

**KOSNINGAR** Samtökin Hagur Hafnarfjarðar eru að íhuga að fara fram á rannsókn á því hvort að stórfellt kosningasvindl hafi átt sér stað í tengslum við kosningarnar um stækkun álversins í Straumsvík.

Í fréttum Stöðvar 2 í gær sagði talsmaður samtakanna að grunur léki á að sjö hundruð andstæðingar stækkunar álversins hefðu skráð lögheimili sitt í Hafnarfirði gagngert til að greiða atkvæði. Samtökin hyggjast funda um málið á þriðjudag og taka í kjölfarið ákvörðun um hvort farið verði fram á rannsókn. - þsj

## Grímur Gíslason fréttaritari látinn

Grímur Gíslason, heiðursborgari Blönduóss, veðurathugunarmaður og fréttaritari Útvarps, er látinn. Grímur var 95 ára gamall, fæddur 10. janúar 1912 í Þórólfstungu í Vatnsdal.



**GRÍMUR GÍSLASON**

Grímur Gíslason var þekktur meðal útvarpshlustenda fyrir fréttir sínar af tíðarfari og aflabrögðum í laxveiðinni í Húnavatnssýslum. Fram kemur á vef ríkisútvarpsins að Grímur var gerður að heiðursborgara á Blönduósi þegar hann varð 90 ára. Grímur var veðurathugunarmaður í 25 ár til ársins 2003. Honum til heiðurs er afsteypa í miðbæ Blönduóss af veðurspámanninum eftir Ásmund Sveinsson. Grímur söng í kirkjukórum í sjö áratugi, síðast nú í desember. Kona Gríms var Sesselja Svavarsdóttir. Þau áttu fjögur börn.

# Neita að upplýsa um kreditkort ráðherra

**Þó að Ríkisendurskoðun leggist gegn því eru átta ráðherrar með kreditkort á nafni ríkisins. Úttektarheimildin er 700 þúsund krónur sem ekki eru ætlaðar til persónulega nota. Ráðuneytin neita að afhenda greiðsluyfirlitin.**

**FJÁRMÁL** Átta ráðherrar hafa kreditkort ríkisins á sínu nafni en fjórir ekki. Ráðuneytin átta neita öll að afhenda afrit af greiðsluyfirliti vegna kreditkortanna.

Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi segir ráðuneytin geta ákveðið hvort viðkomandi ráðherra hafi kreditkort ríkisins á sínu nafni. „Við höfum verið dálítið íhaldssamir með að menn væru ekki að nota þetta, sérstaklega vegna þess að utanumhaldið er erfitt. Við vorum spurðir um þetta á sínum tíma og vorum frekar á því að sleppa því en gátum ekki bannað það," segir ríkisendurskoðandi.

Það eru forsætisráðherra, utanríkisráðherra, landbúnaðarráðherra, menntamálaráðherra, umhverfisráðherra, fjármálaráðherra, sjávarútvegsráðherra og félagsmálaráðherra sem hafa kreditkort á sínu nafni, líkt og forverar þeirra.

Notkun kreditkorta ráðherranna er sögð bundin við kostnað vegna ferðalaga og þau eru ekki ætluð til persónulegra innkaupa. Úttektarheimildin er 700 þúsund krónur í nánast öllum ráðuneytum.



**STJÓRNARRÁÐIÐ** Notkun kreditkorta ráðherra á nafni ríkisins er sögð bundin við kostnað vegna ferðalaga og ekki til persónulegra innkaupa. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fréttablaðið spurði ráðuneytin hvort kort ráðherra hefði einhvern tímann verið notað til persónulegra innkaupa. Félagsmálaráðuneytið sagði kreditkort ráðuneytisins aldrei hafa verið notuð til persónulegra innkaupa.

Bolli Þór Bollason, ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu, sagði það ekki hafa gerst í ráðuneytinu að kreditkortið hefði verið notað fyrir einkaútgjöldum. Önnur ráðuneyti létu nægja að vitna í reglur um notkun kortsins: „Notkun þess er bundin við kostnað vegna ferðalaga ráðherra en ekki til persónulegra innkaupa," segir til dæmis í svari utanríkisráðuneytisins.

Bolli sagði kreditkort ríkisins á nafni ráðherra eða ráðuneytisstjóra vera notað til að greiða hótel og hugsanlega risnu ráðuneytisins. „Það kemur fyrir að ráðherra heldur boð í útlöndum og þá er stundum greitt með þessu korti en yfirleitt greiðir ráðuneytisstjórinn. Það er mjög sjaldgæft að forsætisráðherra noti sitt kort," segir Bolli Þór.

Spurður um ástæðu fyrir notkun kortanna segir Bolli Þór það einfaldlega vera spurningu um þægindi: „Menn voru ýmist að greiða af dagpeningum sínum, með eigin korti eða fá með sér mikið af gjaldeyri. Það er miklu eðlilegra að hafa kort á vegum ráðuneytisins og þvælast ekki um með gjaldeyri eða blanda eigin kortum í þetta." ghs@frettabladid.is



**BOLLI ÞÓR BOLLASON**



**SIGURÐUR ÞÓRÐARSON**



**NÚ VERÐA SAGÐAR FRÉTTIR** Þórhildur Ólafsdóttir fréttamaður að störfum í Efstaleitinu. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Ný lög um RÚV gengin í gildi:

## Ríkisútvarpið orðið hlutafélag

**FJÖLMIÐLUN** Ríkisútvarpið varð að opinberu hlutafélagi í gær þegar ný lög um það tóku gildi. Útsendingar Ríkisútvarpsins hófust í desember 1930 og var starfsemin rekin innan ramma opinberra stofnana í tæp 77 ár.

Páll Magnússon er framkvæmdastjóri og útvarpsstjóri Ríkisútvarpsins ohf. og Ómar Benediktsson formaður stjórnar.

Nokkrir létu af störfum við breytingarnar, þar á meðal nokkrir af æðstu stjórnendum. - bþs

Kauphöll Íslands:

## Minni umsvif með skuldabréf

**VERÐBRÉF Heildarvelta í Kauphöll Íslands í mars nam 350 milljörðum króna. Að því er segir í frétt frá Kauphöllinni er velta ársins þar með orðin 1.329 milljarðar. Það er 3 prósent meiri velta en á sama tíma í fyrra.**

**Veltan á þessu ári í Kauphöllinni skiptist þannig að hlutabréfavelta er 822 milljarðar, sem er 18 prósent aukning, og veltan með skuldabréf var 495 milljarðar sem er 15 prósent minna en í fyrra.**

**Markaðsvirði skráðra hlutabréfa var 3.037 milljarðar króna og skuldabréfa 1.253 milljarðar í lok marsmánaðar. Úrvalsvísitala hlutabréfa hefur hækkað um 16,9 prósent frá áramótum.** - gar

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Lögregla í átökum

Tveir lögreglumenn fóru til skoðunar á slysadeild eftir að hafa verið slegnir við friðstillingu fyrir utan skemmtistað í miðborginni í fyrrinótt. Meiðsl þeirra voru minni háttar en árásarmaðurinn var handtekinn og yfirheyrður í gær.

### Þrír gistu fangageymslu

Þrír þurftu að gista fangageymslu lögreglunnar á Akureyri í fyrrinótt vegna ölvunar. Til átaka kom á skemmtistað á Dalvík sömu nótt og var lögð fram kæra vegna líkamsárásar í gær.

### Ölvunarakstur víða

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði þrjá ölvaða ökumenn í fyrrinótt, einn var tekinn á Akranesi, annar í Vestmannaeyjum og tveir á Selfossi. Selfosslögreglan þurfti síðan að stöðva þriðja ölvaða ökumanninn um miðjan dag í gær.


BÍLL DAGSINS

NISSAN NAVARA 2.5 LE 32"

Nýskr. 12.06 - Sjálfskiptur - Ekinn 1 þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Íslendingar opna aðalræðismannsskrifstofu í Þórshöfn í Færeyjum:

# Tímamót í samskiptum frændþjóða

**UTANRÍKISÞJÓNUSTAN** Íslendingar opnuðu í gær aðalræðismannsskrifstofu í Þórshöfn í Færeyjum og var skjaldarmerki Íslands afhjúpað á húsinu og íslenski fáninn dreginn að húni. Aðalræðismaður Íslendinga er Eiður Guðnason sendiherra.

Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra þakkaði fráfarandi aðalræðismanni, Poul Mohr, sem staðið hefur vaktina í áratugi, og færði honum beisli að gjöf.

„Kæri Poul, þó að þú sért Færeyingur ertu líka Íslands sonur og verður alltaf," sagði hún.

Færeyingar ætla að stofna eigin sendistofu í Reykjavík síðar á árinu. - ghs

**MERKI AFHJÚPAÐ** Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra ahjúpaði skjaldarmerki Íslands á aðalræðismannsskrifstofunni í Þórshöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






**Í FRAMTÍÐINNI VERÐUR HÆGT AÐ GERA MIKLU MEIRA VIÐ PENINGINN**

Framtíðarreikningur er fermingargjöf sem verður verðmætari með hverju ári. Reikningurinn ber alltaf bestu vexti sparireikninga bankans og þar að auki bætum við 2.000 kr. við hverja gjöf upp á 5.000 kr. eða meira.* Framtíðarreikningurinn fæst í næsta útibúi Glitnis og á glitnir.is

GLITNIR

* Tilboðið gildir fyrir alla sem eru fæddir 1993 og gildir allt að fimm sinnum fyrir hvern einstakling.

## GENGIÐ 30.03.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 65,69 | 66,01 |
| Sterlingspund | 128,66 | 129,28 |
| Evra | 87,39 | 87,87 |
| Dönsk króna | 11,727 | 11,795 |
| Norsk króna | 10,772 | 10,836 |
| Sænsk króna | 9,352 | 9,406 |
| Japanskt jen | 0,5564 | 0,5596 |
| SDR | 99,16 | 99,76 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
119,1544

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Alvarlegt mál þegar öryggistækjum er kippt úr umferð segir lögregla:

# Númerum stolið af lögreglunni

**LÖGREGLUMÁL** Bílnúmerunum var stolið af báðum lögreglubílum lögreglunnar á Sauðárkróki í fyrrinótt. Þjófnaðurinn átti sér stað á milli klukkan fjögur og hálffimm um nóttina þar sem bílarnir stóðu fyrir utan lögreglustöðina.

Málið er litið mjög alvarlegum augum að sögn Sveinbjarnar Ragnarssonar hjá lögreglunni á Sauðárkróki. „Lögreglan getur ekki ekið um á númeralausum bílum frekar en aðrir og aldrei að vita hvenær þarf að nota lögreglubílana í neyð. Það er því ekkert grín að kippa svona öryggistækjum úr umferð með þessum hætti,“ segir Sveinbjörn.

Lögregluþjónar á Sauðárkróki urðu að notast við einkabíla við vinnu sína framan af degi í gær en um miðjan dag voru lögreglubílarnir komnir með bráðabirgðarnúmer. Að sögn Sveinbjarnar tekur að minnsta kosti tvo daga að fá ný númer.

Ekki er vitað hverjir stálu númerunum af bílunum en málið er í rannsókn og biður lögreglan á Sauðárkróki þá sem gætu hafi einhverjar upplýsingar um það að hafa samband við lögregluna. - eö



**LÖGREGLAN Á SAUÐÁRKRÓKI** Lögreglubílarnir tveir eru nú með bráðabirgðanúmer þar sem bílnúmerunum var stolið í fyrrinótt og tíma tekur að fá ný. MYND/ÓLI ARNAR BRYNJARSSON

Ný rússnesk lög um smásala:

# Útlendingar fá ekki að afgreiða

**RÚSSLAND** Erlendir ríkisborgarar mega ekki afgreiða á mörkuðum og í verslunum í Rússlandi samkvæmt nýjum lögum sem tóku gildi í gær.

Innflytjendasamtök fordæma lögin og segja þau ósanngjörn. Forseti Rússlands, Vladimir Pútín, hefur sagt að hagsmunir rússneskra borgara séu hér í húfi. Lögin eru sögð ætluð til að vinna gegn svörtum markaði.

Rússneskir markaðir veita mörgum fátækum innflytjendum atvinnu og eru allt að 20.000 útlendingar starfandi á mörkuðum í Moskvu í dag. - sdg

Aukin spenna í Úkraínu:

# Hótar að leysa upp þingið

**ÚKRAÍNA, AP** Yfir 70.000 manns komu saman í miðbæ Kænugarðs, höfuðborgar Úkraínu, í gær til að hvetja forseta landsins, Viktor Júsjenkó, að leysa upp þing og boða til nýrra kosninga.



**VIKTOR JÚSJENKÓ FORSETI ÚKRAÍNU**

Júsjenkó hefur hótað að grípa til þess ráðs vegna tilrauna höfuðandstæðings síns og forsætisráðherra, Viktor Janúkóvits, til að auka þingmeirihluta sinn með því að fá á sitt band þingmenn úr baklandi Júsjenkós.

Júsjenkó hefur lýst áhyggjum yfir að Janúkóvits gæti aukið meirihluta sinn á þingi í 300 af 450 þingsætum sem gerði honum kleift að koma í gegn stjórnarskrárbreytingum og hafa að engu neitunarvald forseta. - sdg

**BJÖRGUN**

### Biluð sjódæla olli vanda

Draga þurfti línubátinn Þorlák ÍS-15 til hafnar í Ólafsvík í gær þar sem hann varð vélarvana út af Svörtuloftum en aðalsjódæla bátsins hafði bilað. Slysavarnarbáturinn Björg dró Þorlák til hafnar og kom hann að landi í Ólafsvík um fimmleytið. Björgunarstarfið gekk vel og voru skipverjar bátsins aldrei í neinni hættu.

**APRÍLGABB**

### Sala á safni RÚV

Frétt um uppboð menningarverðmæta RÚV ohf. á blaðsíðu 6 í Fréttablaðinu í gær var uppspuni frá rótum og skrifuð í tilefni af 1. apríl.

# Straumsvíkurkosningin hefur ekkert gildi að lögum

**Iðnaðarráðherra segir engan hafa sigrað í atkvæðagreiðslunni um stækkun álversins í Straumsvík og að ákvörðunin hafi ekkert gildi að lögum. Steingrímur J. Sigfússon segir það valda stórstyrjöld ef menn ætli sér ekki að virða niðurstöðuna. Skoðanaleysi Samfylkingarinnar stendur upp úr að mati menntamálaráðherra.**

**KOSNINGAR** „Það er ekki hægt að tala um neinn sigurvegara í kosningum sem fara á þessa leið. Miklu frekar væri þá að tala um bræðrabyltu,“ segir Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, um niðurstöðu kosninga um breytt deiliskipulag vegna stækkunar álversins í Straumsvík. Hann telur mikilvægt að skýrar reglur gildi um íbúakosningar sem þessar. „Nú er það þannig að þessi ákvörðun hefur ekkert gildi að lögum. Sveitarstjórnin hefur allt vald og alla ábyrgð og getur breytt henni á morgun ef henni sýnist svo. Í þeim skilningi stenst hún að minnsta kosti ekki fram yfir næstu kosningar.“

Jón segist það einnig ákaflega óheppilegt að atkvæðagreiðsla sem þessi snúist gegn einu fyrirtæki. „Það er andstætt öllu frelsi í atvinnulífi og allri jafnræðisreglu.“

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, telur niðurstöðuna sögulegan sigur. „Í fyrsta lagi sigur lýðræðisins yfir afli peninganna og því hvernig stórfyrirtækið og bakhjarlar þess beittu sér. Í öðru lagi er þetta tímamótasigur í umhverfisbaráttunni.“ Hann segir það alveg skýrt í sínum huga að niðurstaðan er bindandi. „Það væri lýðræðisleg óhæfa og myndi valda stórstyrjöld ef menn ætluðu ekki að virða þessa niðurstöðu. Og það er enginn vafi í mínum huga að hún er hluti af vitundarvakningunni og breytingunni í þjóðarsálinni í þessum málum almennt.“

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra segir ánægjulegt hversu góð kosningaþátttakan hafi verið. „Ég hefði kosið meira afgerandi niðurstöðu, sama á hvorn veginn þetta hefði farið, en þetta er niðurstaðan og það ber að fara eftir henni þótt þetta hafi verið knappt.“

Hún segir mikla pólitík hafa verið í kosningunum og að sér finnist skoðanaleysi forystumanna Samfylkingarinnar standa upp úr að þeim loknum. „Menn verða að koma hreint til dyranna en ekki að skýla sér á bak við íbúaatkvæðagreiðsluna eða þjóðaratkvæðagreiðslu í framtíðinni. Sem kjörnir fulltrúar verða menn að þora að taka afstöðu, annars eru þeir einfaldlega embættismenn.“

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, segir hina miklu kosningaþátttöku vera sigur fyrir lýðræðið og frábæran vitnisburð um að stefna Samfylkingarinnar um beint íbúalýðræði virki. „Bæjarstjórn Hafnarfjarðar lagði málið fyrir kjósendur og það voru engin skilyrði sett önnur en þau að einfaldur meirihluti réði. Það er algerlega ljóst að siðferðislega og pólitískt er bæjarstjórnin því bundin af þessari niðurstöðu.“

Magnús Þór Hafsteinsson, varaformaður Frjálslynda flokksins, segir niðurstöðuna ekki hafa komið sér á óvart. „Það eru sjálfsagt margar ástæður fyrir því að þetta fór eins og það fór. En ég held að það sé fyrst og fremst það að fólk vill fara sér hægar í stóriðjumálum.“ thordur@frettabladid.is



**ÁLVERIÐ Í STRAUMSVÍK** Jón Sigurðsson segir ákvörðunina um að hafna stækkun þess ekki hafa neitt gildi að lögum. Steingrímur J. Sigfússon segir það lýðræðislega óhæfu ef menn ætla sér ekki að virða þessa niðurstöðu.

Jóhannes Geir Sigurgeirsson, stjórnarformaður Landsvirkjunar:

## Engin áhrif á virkjunaráform

Jóhannes Geir Sigurgeirsson, stjórnarformaður Landsvirkjunar, segir niðurstöðu kosningarinnar um stækkun álversins í Straumsvík geta haft skammtímaáhrif á framgang virkjunaráætlana fyrirtækisins í Þjórsá. Hann segir virkjanir þó hugsaðar til lengri tíma og ekki merktar neinum sérstökum verkefnum. „Þannig að þetta hefur engin áhrif á virkjunaráform til lengri tíma, en til skemmri tíma þá getur þetta breytt einhverju.“

Jóhannes segir að á sínum tíma þegar ákveðið var að fara í viðræður við Alcan um sölu á orku til stækkunarinnar hafi verið valið á milli tveggja aðila. „Century var með beiðni líka vegna hugsanlegs álvers í Helguvík. En ég get ekkert sagt um það á þessu stigi hvort þær viðræður verði teknar aftur upp.“




**Einstakt úrval af snyrtivörum fyrir þig**

Þú þarft bara að fara á einn stað til að kaupa lyf eða snyrtivörur fyrir þig og þá sem þér þykir vænt um. Þú færð allt sem lætur þér líða vel í Lyf & heilsu Kringlunni.

Lyf & heilsa Kringlunni


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HLÝINDI** Veðurkortin eru töluvert hlý fyrir daginn í dag og á morgun. Á ég fastlega von á að hitinn í dag komist í 12-13 stig austan til á landinu og á morgun eru horfur á 15-17 stigum, einnig á landinu austanverðu þar sem jafnframt verður sólríkt á morgun ef spár ganga eftir. Hins vegar stefnir allt í vægt frost norðan til á landinu á miðvikudag.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG** Hæg suðlæg átt í fyrstu. Sunnanátt í 5-10 m/s í kvöld. Dálítil súld eða rigning, einkum þegar kemur fram á síðdegið. Hiti 5-9 stig.

um hádegi »




» á morgun




13-18 m/s víðast hvar en þó hægari suðvestan til.

» miðvikudagur




Norðvestan 8-15 m/s.

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 13°C heiðskírt | London | 14°C heiðskírt | Alicante | 20°C hálfskýjað |
| Billund | 13°C heiðskírt | París | 15°C hálfskýjað | Mallorca | 17°C hálfskýjað |
| Osló | 10°C hálfskýjað | Frankfurt | 15°C léttskýjað | Basel | 13°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 13°C heiðskírt | Friedrichshafen | 13°C léttskýjað | Eindhoven | 14°C heiðskírt |
| Gautaborg | 13°C heiðskírt | Berlín | 14°C heiðskírt | Las Palmas | 20°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



# Gleðilega páska




## Páskalambið í ár

unnið í samstarfi við landslið matreiðslumeistara

Sérvalið lambalæri marinerað í ólífulíu, sítrónu, fersku rósmaríni og hvítlauk.

20% afsláttur við kassa




**Nautalundir**
- frá Nýja Sjálandi, frosnar



**Kalkúnaskip** smjörsprautað
- spennandi um páskana



**Hamborgarhryggur Hagkaupa**
- hryggur sem þarf ekki að sjóða




**Jóa Fel ísterta**
- frábær í eftirréttinn




20% afsláttur við kassa

**Jóa Fel kalkúnafylling**
- spennandi kalkúnafylling




**Jóa Fel sósur**
- ómissandi á reyktan og grafinn lax

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## KJÖRKASSINN



*Finnst þér að tannlæknar eigi að fá að auglýsa þjónustu sína?*

| | |
|---|---|
| Já | 92,2% |
| Nei | 7,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Er þörf á 240 manna varalögregluliði á Íslandi?*

Segðu skoðun þína á visir.is vísir

Stangveiðitímabilið hófst í gær þegar veiði í nokkrum ám og vötnum var leyfð:

# Veiðimenn mættu á bakkana í gær

**STANGVEIÐI** Veiði hófst í nokkrum ám og vötnum í gær. Veiðimenn við Vífilsstaðavatn fengu þar langþráð tækifæri til að bleyta veiðarfærin og draga á land fisk í soðið. Ítali og Tyrki sem voru að hefja veiðar við vatnið um miðjan dag í gær sögðust hafa frétt af því að veiðimenn sem hefðu verið þar fyrr um daginn hefðu fengið fisk.

Af öðrum stöðum þar sem veiðin er hafin má nefna Þorleifslæk við Hveragerði, Minnivallalæk, Brúará, Vatnasvæði Lýsu á Snæfellsnesi, Steinsmýrarvötn og Tungufljót.

Veiði í Þingvallavatni og Elliðavatni byrjar ekki fyrr en 1. maí.

**- gar**



**VEIÐIMENN** Lucas frá Ítalíu og Ernes frá Tyrklandi við veiðar í Vífilsstaðavatni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Tölur yfir mannfall í Írak:

# Fleiri óbreyttir borgara deyja

**ÍRAK** Mannfall meðal óbreyttra borgara í Írak jókst um 13 prósent í mars frá því í febrúar þrátt fyrir hertari öryggisaðgerðir í höfuðborginni Bagdad samkvæmt gögnum sem nokkur írösk ráðuneyti söfnuðu saman og fréttavefur BBC greinir frá.

Bandarískir erindrekar segja ofbeldi í Bagdad hafa dregist saman um 25 prósent að undanförnu en svo virðist sem aðgerðir uppreisnarmanna fari í auknum mæli fram fyrir utan höfuðborgina vegna aukinna öryggisaðgerða þar. Samkvæmt tölunum lést 1.861 óbreyttur borgari í mars á móti 1.645 í febrúar.

**- sdg**










# Pálmi segir kálfinn ekki launa ofeldið

**Pálmi Haraldsson segir fyrrum eigendur Iceland Express hafa fengið á annað hundrað milljónir í sinn hlut. Auk þess hafi 250 milljónir verið lagðar í félagið. Ógöngur félagsins séu á ábyrgð fyrri eigenda sem hafi stýrt illa miðaframboði.**

**VIÐSKIPTI** Pálmi Haraldsson fjárfestir mótmælir harðlega fullyrðingum fyrrum eigenda Iceland Express um kaup á félaginu og aðkomu hans og Jóhannesar Kristinssonar að félaginu. Hann segir fullyrðingar um að þeir félagar hafi keypt félagið á fimmtán milljónir ómerkilegan hálfsannleik sagðan gegn betri vitund.

„Staðreyndin er sú að við borguðum fimmtán milljónir fyrir helming hlutafjár og lögðum 250 milljónir í félagið og áttum þar með 89 prósent í félaginu. Seljendur héldu eftir ellefu prósenta hlut sem þeir fengu svo á annað hundrað milljónir fyrir þegar við höfðum snúið við rekstri félagsins. Ég segi nú ekki annað en að sjaldan launar kálfur ofeldið.“

Pálmi segir félagið hafa verið í sölumeðferð allt árið 2004 og fjárfesta ekki hafa þorað að koma að félaginu. Hann vísar á bug öllum fullyrðingum um tengsl við Icelandair og beitingu þess félags til að ná fram hagstæðum kaupum, hann hafi enda ekki verið í stjórn Flugleiða þegar félagið var keypt.

„Staðreyndin er sú að Iceland Express var komið í þrot og hefði lokað eftir örfáa daga með tilheyrandi tjóni fyrir marga miðaeigendur og fjölda starfsmanna. Samkeppnin við Icelandair réði ekki þar úrslitum, heldur fremur að menn voru með allt of mikið framboð á London og Kaupmannahöfn sem leiddi til farmiðasölu á mjög lágu verði og taprekstri.“

Hann segir fyrsta verk nýrra eigenda hafa verið að draga úr framboði og fækka ferðum til einstakra áfangastaða. „Það segir sig sjálft að ef dregið er úr framboði og eftirspurn helst óbreytt, þá hækkar meðalverð farmiða.“ Pálmi segir að þar við bætist að áfangastöðum hafi verið fjölgað og virði félagsins í dag taki mið af þeim breytingum sem nýir eigendur hafi gert á rekstrinum.

Pálmi segir mistök fyrri eigenda Iceland Express hafa legið í að ýta frá sér Jóhannesi Georgssyni sem hafi kunnað að reka flugfélag. „Eftir urðu fjórir í forstjóraleik sem kunnu ekki að reka flugfélag.“

Pálmi segist afar ósáttur við að menn komi fram með slíkum hætti og reyni að gera sig og þessi viðskipti tortryggileg. „Þarna tala menn gegn betri vitund og manni sárnar að þeir kjósi að reyna að ata menn auri sem sýndu þeim sanngirni í þessum viðskiptum.“

**hafliði@frettabladid.is**



**ÓSÁTTUR VIÐ YFIRLÝSINGAR** Pálmi Haraldsson segir fyrrum eigendur Iceland Express fara vísvitandi rangt með staðreyndir. Félagið hafi verið komið í þrot vegna þess að þeir kunnu ekki nægjanlega til verka í rekstrinum.

Tæplega tvítugur piltur situr í síbrotagæslu eftir alvarleg afbrot:

# Framdi vopnað rán og braust inn

**LÖGREGLUMÁL** Skammt var milli alvarlegra afbrota sem tæplega tvítugur piltur, sem nú situr í síbrotagæslu, framdi um síðustu helgi.

Aðfaranótt laugardagsins braust hann inn í íbúðarhús í austurborginni. Þjófavarnarkerfi fór í gang og pilturinn hljóp á brott tómhentur. Lögreglunni tókst að rekja fótspor mannsins í nýfallnum snjónum, sem þá lá yfir öllu. Eftir að sporin höfðu verið rakin í rúma klukkustund fannst þjófurinn. Hann var handtekinn og fékk að gista fangageymslur en var síðan látinn laus.

Næstu nótt, aðfaranótt sunnudagsins, var hann handtekinn ásamt tveimur öðrum piltum eftir að þeir höfðu framið vopnað rán í verslun 10-11 við Setberg í Hafnarfirði. Piltarnir þrír réðust inn í verslunina og ógnuðu starfsmanni með dúkahníf. Einn ræningjanna huldi augu sín með sólgleraugum og hinir voru með lambhúshettur á höfði. Þeir þvinguðu starfsmanninn til að opna peningakassa og tæmdu hann, stálu sígarettum og létu sig hverfa á bíl. Lögreglan fann þá skömmu síðar hjá Vífilsstöðum.

Tveir piltanna hafa verið látnir lausir, en hinn þriðji situr í síbrotagæslu til 25. apríl.

**- jss**



**INNBROT OG RÁN** Tæplega tvítugur piltur braust inn í íbúðarhús og 10-11 verslun tvær nætur í röð.

# KAUPTU PRÍVATBÍL FYRIR SEÐIL Á AVANT.IS

## Seðillinn styttir þér leið í bílafjármögnun

Avant Seðillinn er nýjung sem gerir fjármögnun bifreiðakaupa einfaldari og fljótlegri en nokkru sinni fyrr. Þú fyllir út umsókn á avant.is og færð svo sendan Seðil í pósti eftir nokkra daga.

Seðillinn er staðfesting á að þú fáir hagstætt bílalán hjá Avant. Þú ferð einfaldlega með hann á næstu bílasölu og kaupir svona bíl. Þægilegra getur það varla verið!




ENNEMM/SIA/NM27036

Avant er nýtt fyrirtæki á sviði bílafjármögnunar sem byggir á traustum grunni Sjóvá fjármögnunar.

AVANT
Styttu þér leið



**1.** *Hvað eru bresku sjóliðarnir sem eru í haldi Írana margir?*

**2.** *Hvað missa nýbakaðir foreldrar að meðaltali margra mánaða svefn fyrsta ár barnanna?*

**3.** *Hvaða Íslendingur fékk nýlega inngöngu í leiklistardeild Julliard-skólans í New York?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 42

Lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins segir varalið lögreglu skynsamlegt skref:

# Útúrsnúningur að kalla varaliðið her

**ÞJÓÐARÖRYGGI** „Ég tel stofnun varaliðs lögreglunnar skynsamlegt skref," segir Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins. „Við búum í þannig heimi að staða mála getur breyst mjög hratt og þá er betra að vera vel undirbúinn en óundirbúinn."

Í ræðu sinni á fundi Varðbergs og Samtaka um vestræna samvinnu í fyrradag lagði Björn Bjarnason dómsmálaráðherra til að stofnað yrði 240 manna varalið lögreglunnar, sem hægt væri að kalla til ef þörf krefur vegna öryggis ríkisins.

Össur Skarphéðinsson, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, segir lýsingu á hlutverki varaliðsins ekki geta annað þýtt en að liðið verði æft í vopnaburði. Því sé ekki hægt að skilgreina það öðru vísi en sem útgáfa af herliði þótt ríkisstjórnin kalli það eitthvað allt annað. Þetta kom fram í tilkynningu sem Össur sendi í gær.



ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON



STEFÁN EIRÍKSSON

„Það er grundvallarmisskilningur og útúrsnúningur að mínu mati að kalla þetta her, þarna er verið að tala um borgaralegar ráðstafanir," segir Stefán. Hann telur ólíklegt að liðið verði þjálfað í vopnaburði og finnst líklegra að það sinni störfum á borð við umferðar- og mannfjöldastjórnun þegar þörf krefur. - sþs

Blátt áfram samtökin sátt:

# Betur stutt við bak þolenda

**KYNFERÐISBROTAMÁL Með breytingu á lögum um fyrningu kynferðisbrota er betur stutt við bakið á þolendum slíkra brota að mati samtakanna Blátt áfram.**

**Í yfirlýsingu samtakanna er fagnað lagabreytingum þess efnis að fyrning í kynferðisbrotamálum hefjist ekki fyrr en við átján ára aldur þolenda og að brot fyrnist ekki næstu fimmtán ár á eftir.**

**Samtökin telja að eftir lagabreytinguna sé þolendum gert auðveldara að gera sér grein fyrir því að ofbeldið sem þeir urðu fyrir sé á engan hátt þeirra sök.** - eö






**SENDIRÁÐIÐ GRÝTT** Mótmælendur grýttu steinum í breska sendiráðið í Teheran og kröfðust þess að því yrði lokað. NORDICPHOTOS/AFP

# Viðræður um lausn hafnar

**Bretland á í beinum tvíhliða viðræðum við Íran um lausn bresku hermannanna. Breska sendiráðið í Teheran var grýtt í fjölmennum mótmælum í gær.**

**LONDON, AP** Varnarmálaráðherra Bretlands, Des Browne, greindi frá því í gær að bresk stjórnvöld ættu í „beinum tvíhliða viðræðum við Írana" um lausn hermannanna fimmtán sem Íranar handtóku fyrir rúmri viku. Browne sagði Breta hafa stuðning nánast alls alþjóðasamfélagsins á bak við sig.

Írönsk stjórnvöld hafa birt tvö myndbönd síðustu daga þar sem breskir hermenn eru sýndir biðjast afsökunar á að hafa verið inni í íranskri lögsögu þegar þeir voru handteknir. Í gærkvöldi birtist þriðja myndbandið sem sýndi tvo af hermönnunum. Myndbandið var talsett af fréttamanni sem sagði hermennina játa að hafa verið í óleyfi í íranskri lögsögu. Bresk stjórnvöld hafa fordæmt myndbandsbirtingar Írana af hermönnunum og segja þær gerðar í áróðursskyni.

Hundruð íranskra námsmanna grýttu breska sendiráðið í Teheran, höfuðborg Írans. Kröfðust þeir þess að sendiherra Breta yrði vísað úr landi og sendiráðinu lokað. Námsmennirnir hrópuðu ókvæðisorð að Bretlandi og Bandaríkjunum og hvöttu írönsk stjórnvöld að standa fast á sínu gagnvart vesturveldunum. Tugir lögreglumanna vörnuðu því að mótmælendurnir réðust til inngöngu í sendiráðið. Engar skemmdir urðu á sendiráðinu.

Forseti Írans, Mahmoud Ahmadinejad, sagði á laugardag að bresk stjórnvöld sýndu „hroka" með því að neita að biðjast afsökunar á því að hermennirnir hafi verið staddir ólöglega inni í íranskri lögsögu þegar þeir voru handteknir. Bresk stjórnvöld standa enn föst á því að hermennirnir hafi verið staddir í íraskri lögsögu og hafa útilokað að þau muni biðjast afsökunar.

Stjórnmálaskýrendur telja sumir hverjir að stjórnvöld í Íran séu að búa sig undir langvarandi deilu um hermennina sem sýni vald og vilja harðlínumanna til að standa uppi í hárinu á Vesturlöndum. Nú þegar hermennirnir hafa verið í haldi í rúmlega viku fer ótti manna vaxandi um að það stefni í endurtekningu á gísladeilunni árið 1979 þegar bandarískum gíslum var haldið föngum í 444 daga.

sdg@frettabladid.is

Samfylkingin

„Við viljum tryggja ókeypis tannvernd fyrir börn."





**Foreldrar eiga ekki að borga svona mikið fyrir tannviðgerðir barna sinna.**

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, 4. sæti í Reykjavíkurkjördæmi norður
Róbert Marshall, 3. sæti í suðurkjördæmi

xS


NÓATÚN
Bestir í kjöti
Páskatilboð!
Lambalæri
af nýslátruðu
Úr Kjötborði Nóatúns
LAMBAHRYGGUR
AF NÝSLÁTRUÐU
1.298 kr. kg
35% afsláttur
LAMBALÆRI
AF NÝSLÁTRUÐU
998 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
40% afsláttur
NÓATÚNS
BAYONNESKINKA
839 kr. kg
Hamborgarhryggur
Þú sparar
200
kr. kg
NÓATÚNS GRÍSA-
HAMBORGARHRYGGUR
1.298 kr. kg
26% afsláttur
GOURMET GRÍSAKÓTELETTUR
LÉTTREYKTAR
1.199 kr. kg
Veislukaffi
um páskana
VEISLUKAFFI
BAUNIR EÐA MALAÐ
499 kr. pk.
Toppverð!
PEPSI
PEPSI MAX
99 kr. 2 l
Líf
MAÍSKORN
6 fyrir 4
Harðfiskur
STEIN BITUR
Tilboð
30% afsláttur
Verði ykkur að góðu!



**GRÆNEÐLUR** Fjögur hundruð dauðar græneðlur fundust í vörubíl í Gvatemala. Talið er að 300 þeirra hafi kafnað við flutninginn. Græneðlur eru í útrýmingarhættu. NORDICPHOTOS/AFP

Forseti efri deildar rússneska þingsins vill stjórnarskrárbreytingu:

# Pútín sitji áfram eftir árið 2008

**RÚSSLAND, AP** Forseti efri deildar rússneska þingsins kallaði á fimmtudag eftir því að stjórnarskránni yrði breytt þannig að Vladimír Pútín yrði gert kleift að sitja áfram í embætti fram yfir núverandi kjörtímabil sem rennur út á næsta ári, en talsmenn forsetans höfnuðu slíkum hugmyndum strax.

Í ræðu sem þingforsetinn, Sergei Míronov, flutti eftir endurkjör sitt í embætti, sagði hann að kjörtímabil forseta ætti að lengja úr fjórum árum í að minnsta kosti fimm og að forsetum skyldi heimilt að sitja í embætti í fleiri en tvö kjörtímabil í röð.

Forsetakosningarnar á næsta ári eru mikill prófsteinn fyrir stjórnmálakerfið í Rússlandi og hvers konar lagabreytingar sem til þess eru fallnar að gera Pútín kleift að sitja lengur yrðu að minnsta kosti á Vesturlöndum álitnar grafa undan lýðræði í landinu.

Dmitrí Peskov, talsmaður forsetaembættisins, vísaði tillögu Míronovs á bug og sagði Pútín mótfallinn öllum breytingum á stjórnarskránni sem gætu lengt setu hans í embætti.

Garrí Kasparov, fyrrverandi heimsmeistari í skák og nú einn af mest áberandi talsmönnum stjórnarandstöðunnar í Rússlandi, sagði tillögu Míronovs vera „móðursýkislegt væl“ í því liði manna sem á stöður sínar undir hollustu við Pútín og óttast að missa þær ef nýr forseti tekur við. - aa



**PÚTÍN OG MÍRONOV** Vladimír Pútín Rússlandsforseti ásamt Sergei Míronov, forseta efri deildar þingsins, og Borís Gryzlov, forseta neðri deildarinnar. F RÉTTABLAÐIÐ/AP

Tollkvótar í kjötinnflutningi:

# Auglýst á ný því boðin voru of há

**KJÖTMARKAÐUR** Tollkvótar vegna innflutnings á kjöti frá Evrópuríkjum hafa verið auglýstir öðru sinni. Tilboðum í kvótana var hafnað á dögunum þar sem þau þóttu of há.

Í tilkynningu frá landbúnaðarráðuneytinu eru áhugasamir hvattir til að stilla tilboðum sínum í hóf; annað vinni gegn „yfirlýstu markmiði aðgerða ríkisstjórnarinnar um að lækka vöruverð til neytenda“.

Samtals eru boðnar út heimildir til innflutnings á yfir hálfu tonni af kjöti. Tilboðum skal skila til ráðuneytisins í síðasta lagi á morgun. - ghs

25 ár frá Falklandseyjastríðinu:

# Enn þráttað um Falklandseyjar

**LONDON, AP** Bresk stjórnvöld lýstu í gær yfir eftirsjá vegna dauðsfalla sem urðu hjá stríðandi fylkingum í Falklandseyjastríðinu fyrir 25 árum.

Hinn 2. apríl árið 1982 réðst argentínski herinn inn í bresku nýlenduna Falklandseyjar. Til harðra átaka kom og létust um 650 argentískir hermenn og yfir 250 breskir hermenn í þeim á næstu tíu vikum á eftir.

Ríkin komu aftur á diplómatískum samskiptum árið 1990 en deilur um eyjarnar hafa þó áfram orsakað spennu í samskiptum ríkjanna.

Argentínsk stjórnvöld hafa þrýst á Sameinuðu þjóðirnar um að styðja nýjar viðræður um sjálfstæði eyjanna. - sdg

Aðstoðarlögreglustjóri segir breytingar á kynferðisbrotakafla hegningarlaga hafa auðveldað störf lögreglunnar:

# Skortir heimildir til að hlera síma

**LÖGREGLUMÁL** Lögregluna skortir úrræði til að geta rannsakað miðlun á vændi. Þetta var meðal þess sem fram kom í máli Jóns H. B. Snorrasonar, aðstoðarlögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins, á fundi sem efnt var til í Háskólanum í Reykjavík í ljósi breytinga á almennum hegningarlögum.

Jón telur breytingarnar hafa auðveldað störf lögreglunnar verulega í aðgerðum gegn skipulögðum glæpum. Oft séu það sömu einstaklingarnir sem annist miðlun á vændiskonum og fíkniefnum. Þó skorti ríkari heimildir til símhlerana og athugunar á tölvupóstum þeirra sem eru grunaðir um að annast sölu á vændi.

Jón segir að sér hafi komið á óvart að lögregla hefði ekki haft betri yfirsýn yfir skipulagt vændi þegar hann tók til starfa sem aðstoðarlögreglustjóri. Hins vegar hafi lögin eins og þau voru fyrir breytingar skýrt betur hvað taldist til lögbrota. Mikil bót sé fólgin í því að ekki sé lengur hægt að sækja fólk til saka fyrir að selja sig eins og var áður. Hann segir upprætingu á skipulagðri vændismiðlum nú forgangsmálaflokk lögreglunnar. - kdk



**VÆNDI Á ÍSLANDI**
Jón H. B. Snorrason, aðstoðarlögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, og þingmennirnir Kolbrún Halldórsdóttir og Sigurður Kári Kristjánsson ræddu um vændi á Íslandi í ljósi breytinga á almennum hegningarlögum á málfundi laganema við Háskólann í Reykjavík í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA




Skemmtu þér í dag

Alþjóðlegi barnabókadagurinn 2. apríl

Á heimilum, í bókasöfnum og bókabúðum um allt land er fullt af frábærum barnabókum með sprellfjörugum persónum sem gaman er að kynnast. Njóttu þess að lesa barnabók í dag – þú gætir eignast skemmtilegan vin.

Hlustaðu - Lestu - Skoðaðu

Borgarbókasafnið, Tryggvagötu 15, kl. 15.30

Úr bókaskáp bernskunnar. Hvaða bækur lásu barnabókahöfundar þegar þeir voru litlir og vissu enn ekki að þeir myndu sjálfir skrifa bækur. Hlustaðu á upplestur. Lestu hvað höfundarnir skrifa um uppáhaldsbækurnar sínar. Skoðaðu bækurnar sem eru til sýnis.

Ásmundarsafn við Sigtún, kl. 13.00-16.00

Þjóðsögur – myndskreyttar munnmælasögur. Sýning tólf barnabókateiknara. Hlustaðu á upptökur af frásögnum sögumanna. Lestu sögurnar. Skoðaðu ævintýralegar myndir. Ókeypis aðgangur fyrir yngri en 18 ára.

FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA

iBbY Á ÍSLANDI

BORGARBÓKASAFN REYKJAVÍKUR

250 kr.

Tvöhundruð og fimmtíu krónur

Ávísunin gildir til 12. apríl í Bókabúð Máls og menningar og Eymundsson um land allt þegar keyptar eru barna- og unglingabækur fyrir amk. 1.000 kr.

9 773535 202157

Eymundsson Bóksali frá 1872

BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR LAUGAVEGI 18


Persónuupplýsingar:

# Átján ný leyfi til rannsókna

**RANNSÓKNIR** Átján ný leyfi til vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við rannsóknir og verkefni voru gefin út af Persónuvernd í mars. Stofnunin hefur nú gefið út 39 slík leyfi það sem af er þessu ári. Leyfin sem veitt voru í mars á meðal annars að nota til að rannsaka ofvirka kalkkirtilsvefi, einangrun á stromal stofnfrumum úr fituvef fengnum úr fitusogsaðgerðum, botnlangabólgu hjá börnum, sjálfsskilning, samskiptavenjur og sérfræðiþekkingu á lystarstoli, áhættuþætti kransæðasjúkdóma og efnaskiptavillu hjá geðklofasjúklingum í eftirfylgd á Kleppi, gagnsemi klukkuprófa í greiningu heilabilunar og þróun á heilsufari, færni og lifun íbúa á hjúkrunarheimilum. - gar



**SJÚKLINGUR** Íslenskir vísindamenn fá að ráða í sjúkragögn.

**SVÍÞJÓÐ**

## Framseldir til Þýskalands

Dómstóll í Stokkhólmi hefur ákveðið að tveir menn, annar frá Marokkó og hinn frá Jórdaníu, skuli framseldir til Þýskalands á grundvelli evrópskrar handtökuskipunar, að því er saksóknari greindi frá á fimmtudag. Í Þýskalandi eru mennirnir grunaðir um aðild að hryðjuverkasamsæri.

Vísindamenn í hættuleiðangri:

# Björguðu lífi fálkaunga

**SAN FRANSISCO, AP** Bandarískir vísindamenn hrifsuðu þrjú egg úr fálkahreiðri undir brúnni við San Fransisco-flóa. Vildu þeir forða ungunum frá banvænu falli er egg þeirra myndu klekjast út.

Eggin voru í um það bil 60 metra hæð og leist vísindamönnunum ekki á blikuna að skilja þau þar eftir. „Þetta er hættulegasti staður í heimi fyrir þau,“ sagði Brian Latta líffræðingur. Nýtti hann tækifærið á meðan kvenfálkinn var í burtu og hrifsaði eggin á meðan karlfálkinn var einn til varnar hreiðrinu. „Þegar konan kemur aftur á hann eftir að lenda í miklum vandræðum.“ - fb

Ljós slökkt í Sydney:

# Vekja athygli á hlýnun jarðar



SYDNEY

**ÁSTRALÍA, AP** Ljós voru slökkt víðs vegar um stærstu borg Ástralíu, Sydney, í eina klukkustund til að vekja fólk til umhugsunar um hlýnun jarðar. Athöfnin kallaðist „Jarðar-klukkustundin“ og studdu stjórnvöld í Sydney, umhverfisverndarsinnar og fyrirtæki dyggilega við bakið á henni.

Vonast skipuleggjendur til að athöfnin hvetji fólk til að hugsa um hvernig hægt sé að spara orku og hvað það geti gert til að koma í veg fyrir mengun.

Á hverjum degi fer mikil orka til spillis þegar kveikt er á milljónum ljósa og tölva á hverri nóttu bæði í fyrirtækjum og á heimilum. Telja menn að með því að slökkva á ljósum og tölvum geti Sydney dregið úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda um fimm prósent á hverju ári. - fb

Endurlífgunarráð Íslands:

# Um 70 læra endurlífgun

**HEILBRIGÐISMÁL** Um 70 nemendur munu sitja námskeið í sérhæfðri endurlífgun í næstu viku.

Endurlífgunarráð Íslands hefur hafið undirbúning að inngöngu í evrópska endurlífgunarráðið. Sem hluti af því ferli þarf að halda námskeið til að þjálfa íslenska leiðbeinendur í að kenna samkvæmt ákveðnum stöðlum. Í þeim tilgangi eru þessi námskeið haldin nú.

Með því að ganga í evrópska endurlífgunarráðið verður Endurlífgunarráð Íslands hluti af stærri heild og hefur þannig möguleika á að taka þátt í evrópskri samvinnu, auk þess að tryggja gæði varðandi kennslu í endurlífgun. - jss

SIMPLY CLEVER

AFL OG HAGKVÆMNI SAMEINAST

TÆKNIUNDRIÐ TDI® DÍSILVÉLIN EYÐIR AÐEINS 4,9 LÍTRUM




**Skoda**Octavia

**Skoda** Octavia með 1,9 lítra **TDI**® dísilvél sannar að afl og hagkvæmni getur farið saman. Vélin skilar 105 hestöflum en eyðslan er einungis 4,9 lítrar í blönduðum akstri á hverja 100 km.

Svo er Octavia **TDI**® einnig fáanleg fjórhjóladrifin og meira en tilbúin í átök vetrarins. Hvort sem hindrunin er háir snjóskaflar eða hátt eldsneytisverð þá ertu í toppmálum á Skoda Octavia **TDI**®.

Í ágúst 2006 tókst Stefáni Ásgrímssyni, ritstjóra FÍB blaðsins, að ná eyðslu bílsins í **3,63 lítra** þegar hann ók rúmlega hringveginn, alls 1.515 km, í áheitaakstri HEKLU fyrir Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna.

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666 HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 172–174, sími 590 5000 www.hekla.is, hekla@hekla.is



Vinstri græn á ferð um landið

Fundur í Hafnarfirði í kvöld

VINSTRIHREYFINGIN grænt framboð

Heiða, Gestur og Guðfríður Lilja spjalla við kjósendur á Gamla bókasafninu, Mjósundi 10, 2. hæð í kvöld kl. 20:00.

**ALLT ANNAÐ LÍF!** - með vinstri grænum



**UNGUR ÁHORFANDI** Kornungur ísraelskur arabi fylgist einbeittur með hátíðarhöldum í arababænum Sakhnin í norðurhluta Ísrael. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Armbandsúr rak á land í Færeyjum eftir langt volk í hafi:

# Var grafið á Norðurpólnum

**FÆREYJAR, AP** Armbandsúr, sem norski ævintýramaðurinn Jørgen Amundsen, afkomandi heimskautafarans fræga Roalds Amundsen, gróf í ísinn á Norðurpólnum fyrir þremur árum, skolaði á land í Færeyjum á dögunum, þar sem ellefu ára drengur fann það.

Finnandinn, Niels Jákup Mortensen, kom auga á lítinn svartan kassa 22. mars sl. nærri heimili sínu í Famijns á Suðurey, syðstu ey Færeyja. Í kassanum reyndist vera úrið sem Amundsen gróf í ísinn við Norðurpólinn í leiðangri þangað árið 2004. Amundsen bjó til 250 eintök af armbandsúri sem hann hannaði til að standast heimskautaaðstæður og gróf eitt þeirra til minningar um forföður sinn.

Hjálmar Hátún, haffræðingur við færeysku hafrannsóknastofnunina, sagði það vera mjög líklegt að úrið hefði rekið þessa 3000 km suður á bóginn með ís sem brotnaði frá Norðurheimskautsísnum. Langt væri síðan sýnt hefði verið fram á að hafstraumar bæru heimskauts-rekís þessa leið.

Færeyska dagblaðið Sósialurin hafði eftir Amundsen að drengurinn mætti eiga úrið. Hin 249 úrin hafa verið seld fyrir að jafnaði sem svarar um 750.000 krónum. **- aa**



**FÆREYJAR** Ellefu ára drengur fann úrið sjórekið á Suðurey, 3.000 km frá þeim stað sem það var skilið eftir á.

Þúsundir flýja heimili sín:

# Sjö látnir í flóðum í Argentínu

**ARGENTÍNA, AP** Um 38.000 manns hafa þurft að flýja heimili sín vegna vatnavaxta í ám í þremur héruðum Argentínu. Mikið hefur rignt undanfarna daga og hafa alls sjö látist í flóðunum að sögn lögreglu.

„Þetta er svo óvenjulegt, ég hef aldrei áður séð svona mikla rigningu,“ sagði Eduaro Wagner, opinber starfsmaður borgarinnar Santa Fe eftir að þar hafði rignt samfellt í fimm daga.

Aðeins tvö ár eru síðan 30 manns létust vegna flóða í Santa Fe þegar nokkur hús fóru hreinlega á kaf. **- sdg**






**NICOLAS SARKOZY** Hörkuímynd hjálpar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Óeirðir virðast vatn á myllu hægrimanna í Frakklandi:

# Fylgið við Sarkozy og Le Pen eykst

**FRAKKLAND, AP** Ungmenni, sem gengu berserksgang í jarðlestarstöð í París fyrr í vikunni og hrópuðu ókvæðisorð um Nicolas Sarkozy, fyrrverandi innanríkisráðherra og forsetaefni gaullista, kunna með háttseminni að auka líkurnar á kjöri hans frekar en hitt.

Samkvæmt niðurstöðum skoðanakannana sem birtar voru á fimmtudag hafa óeirðirnar verkað sem vatn á myllu Sarkozys, sem hefur getið sér orð fyrir að taka á glæpum og skemmdarverkafýsn ungmennanna í innflytjendahverfum landsins af hörku. Einn annar forsetaframbjóðandi nýtur þó einnig góðs af þessu, en það er hægriöfgamaðurinn Jean-Marie Le Pen sem lengi hefur hamrað á því að innflytjendurnir frá Afríku væru helsta böl Frakklands.

Eftir óeirðirnar á þriðjudag einbeitti Sarkozy sér að því að tala til ótta kjósenda með tali um að hvergi skyldi slakað á klónni í að verjast glæpum og skemmdarverkum.

Aðalkeppinautur Sarkozy, sósíalistinn Segolene Royal, beindi athyglinni að því að óeirðirnar sýndu að Sarkozy hefði mistekist að bæta ástandið í innflytjendahverfunum í tíð sinni sem innanríkisráðherra.

Fyrri umferð kosninganna fer fram 22. apríl. **- aa**




Heilbrigðisráðherra um komur barna til tannlækna:

# Þúsundir barna fara ekki til tannlæknis

**HEILBRIGÐISMÁL** Um 8500 börn á aldrinum 3 til 17 ára höfðu ekki farið til tannlæknis í þrjú ár árið 2005. Þetta kom fram í vikunni í svari Sivjar Friðleifsdóttur heilbrigðisráðherra við fyrirspurn um komur barna til tannlækna.

Mikil umræða hefur verið um tannheilsu barna í kjölfar rannsóknar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Lýðheilsustöðvar. Niðurstöðurnar sýndu að íslensk börn voru með mun fleiri skemmdar tennur en jafnaldrar þeirra á Norðurlöndunum, helmingi fleiri en samanburðarhópar í Svíþjóð. Siv segir að unnið verði að því að bæta úr stöðunni og hefur meðal annars lagt fram tillögur um endurgjaldslausar skoðanir vissra árganga. Hún minnir þó á að ábyrgðin liggur einnig hjá foreldrum. **- kdk**

# Komdu norður!

# Páskaævintýri á Akureyri



## Komdu á skíði!

Opið alla páskana í Hlíðarfjalli. Hreinræktað skíðaævintýr! Samhliðasvig og sprettganga í Fjallinu – og í miðbænum.

## Komdu í leikhús!

Lífið notkunarreglur, Best í heimi og Ausa hjá Leikfélagi Akureyrar. Nánar á www.leikfelag.is.

## Komdu í sund!

Vatnaparadísin í Sundlaug Akureyrar opin frá kl. 9.00-19.00 alla páskana.

**Bærinn iðar af lífi um páskana:** Myndlistarsýningar, sinfóníutónleikar, rokktónleikar, öðruvísi tónleikar, dansleikir, úrval veitingarhúsa, kynning á mat úr héraði, kaffihúsin opin, Íslandsmót í kraftlyftingum, góða veðrið og góða skapið í sannkölluðu páskaævintýri á Akureyri.







GEIMSTOFAN

**Allt um viðburðina í bænum**
**á www.akureyri.is/atburdadagatal.**

**Akureyri.is - Nordurland.is**

HIV-smitaðar mæður:

# Mælt með brjóstagjöf

**HEILSA** Með því að ala börn eingöngu á brjóstamjólk fyrstu sex mánuðina geta mæður dregið mjög úr hættunni á að smita barn sitt af HIV-veirunni. Þetta kemur fram í nýlegri suður-afrískri rannsókn.

Í rannsókninni voru borin saman börn sem eingöngu fengu brjóstamjólk við þau sem fengu annars konar næringu. Gefur rannsóknin til kynna að lítil hætta sé á að HIV smitist með brjóstagjöfinni auk þess sem hún veiti vörn gegn niðurgangi og lungnabólgu.

Á Vesturlöndum hafa líkurnar á því að mæður smiti börn sína af HIV minnkað úr 25 prósentum í tvö prósent vegna ýmissa heilbrigðisráðstafana. Slíkar ráðstafanir eru ekki á hverju strái í þróunarlöndunum og því gæti aukin brjóstagjöf reynst góð lausn. **- fb**



**BRJÓSTAGJÖF** Brjóstagjöf dregur úr líkunum á HIV-smiti.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



**FORSETINN MEÐ BARACK OBAMA** Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, átti fund með Barack Obama öldungadeildarþingmanni í Washington. Obama er í framboði til forseta Bandaríkjanna.

Forsetinn hitti stjórnmálamenn í Washington:

# Talaði um orku- og umhverfismálin

**UTANRÍKISMÁL** Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, átti á fimmtudaginn fundi með bandarískum ráðamönnum í Washington. Á þeim kom fram mikill áhugi á því að sendinefndir Bandaríkjamanna kæmu til Íslands á næstu mánuðum til að ræða samstarfsverkefni um endurnýjanlega orku, baráttu gegn loftslagsbreytingum og samvinnu háskóla- og tæknistofnana.

Fyrsti fundur forseta var með Nancy Pelosi, forseta fulltrúadeildar Bandaríkjaþings. Þar ræddi forsetinn meðal annars um framlag Íslands til nýtingar á umhverfisvænni orku, ekki síst jarðhita, tækifæri til að nýta hann í Bandaríkjunum og mögulegt samstarf Íslendinga og Bandaríkjamanna í umhverfis- og orkumálum.

Á fundi forseta með Barack Obama öldungadeildarþingmanni, sem tilkynnt hefur framboð sitt til embættis forseta Bandaríkjanna, var einkum rætt um samstarf á sviði endurnýjanlegrar orku víða um heim, samvinnu Íslendinga og Bandaríkjamanna og hvernig mögulegt væri að breyta fyrrum herstöðinni í Keflavík í alþjóðlega háskóla- og rannsóknarmiðstöð. **- ghs**



**FUNDAÐI MEÐ NANCY PELOSI** Fyrsti fundur Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands, var með Nancy Pelosi, forseta fulltrúadeildar Bandaríkjaþings.

Stærsti flokkurinn í Simbabve:

# Samþykkt að styðja Mugabe

**SIMBABVE, AP** Stærsti stjórnmálaflokkur Simbabve, Zanu-PF. útnefndi á fimmtudag Robert Mugabe, forseta landsins, forsetaframbjóðanda flokksins í kosningunum sem fara fram á næsta ári.



**ROBERT MUGABE**

Spenna hefur verið sögð innan flokks Mugabe að undanförnu um hver taki við af honum og vegna bágs efnahagsástands í landinu.

Á neyðarfundi leiðtoga ríkja í suðurhluta Afríku á fimmtudag var stuðningi lýst við Mugabe þrátt fyrir alþjóðlega gagnrýni á harðar aðgerðir stjórnvalda gagnvart stjórnarandstöðunni í Simbabve síðustu vikur. **- sdg**




ARGUS / 07-0166

**10% vaxtaauki!**

Þeir sem stofna sparnaðarreikningana **SPRON Vaxtabót** eða **Viðbót** á Netinu **fyrir 1. maí næstkomandi** fá um næstu áramót 10% vaxtaauka á áunna vexti til 1. júlí nk.

Nýttu þér þetta **TILBOÐ** og stofnaðu reikning á spron.is

spron






**13.–27. ágúst**
**Fararstjóri:**
Þóra Valsteinsdóttir

Verð í tvíbýli
**295.200 kr.**

**Innifalið:** Flug til Mílanó og gisting, vikusigling með fullu fæði og allri afþreyingu um borð. Fyrirfram greitt þjórfé um borð í skipinu og hafnargjöld, akstur milli skips og hótela og íslensk fararstjórn.

Tilhugsunin um fljótandi lúxushótel sem líður á milli áfangastaða er freistandi. Skemmtisigling um Eyjahafið er stórkostleg upplifun þar sem þú vaknar á hverjum degi á nýjum stað. Veitingastaðir, barir, diskótek, næturklúbbar og leikhús með vinsælum söngleikjum bíða þín. Siglt er frá Ítalíu til Króatíu, Tyrklands og Grikklands og fallegar eyjar heimsóttar. Ógleymanlegt ferðalag á fyrsta flokks skemmtiferðaskipi.

ÚRVAL ÚTSÝN ~ LÁGMÚLA 4
108 REYKJAVÍK ~ SÍMI 585 4000
FAX 585 4065 ~ INFO@UU.IS

ÚRVAL-ÚTSÝN

VISA

OROBLU

**KYNNINGAR**

**á nýju sumarvörunum frá Oroblu í Lyfju í dag, mánudag:**

- kl. 13-17 í Lágmúla
- kl. 13-17 í Smáralind

*Kaupauki* fylgir hverri Oroblu vöru







www.lyfja.is

LYFJA

KRÓNAN fyrst og fremst. ... í verðsamkeppni



## „ORÐRÉTT“

### Skipti hann um skoðun?

**„Við byrjum svo að lifa með þessu á morgun.“**

PÉTUR ÓSKARSSON, TALSMAÐUR SÓLAR Í STRAUMI, UM NIÐURSTÖÐUR ÍBÚAKOSNINGAR Í HAFNARFIRÐI.

**Fréttablaðið 1. apríl.**

### Á rökkurmiðum

**„Mér finnst þetta ekki of djúpt í árinni tekið.“**

VIÐAR HELGI GUÐJOHNSEN, FRAMBJÓÐANDI FRJÁLSLYNDA FLOKKSINS, UM GREIN ÞAR SEM HANN REKUR VANDAMÁL Á BORÐ VIÐ SKIPULAGÐAR NAUÐGANIR OG BERKLASMIT TIL FJÖLGUNAR INNFLYTJENDA.

**Fréttablaðið 1. apríl.**

*nær og fjær*
**tilveran**

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** HÖRÐUR TORFASON

# *Leitar að kerti með logandi ljósi*



„Ég er að leita að kerti fyrir tónleikana sem verða á mánudagskvöldið,“ segir Hörður Torfason söngvasáðmaður. „Ég hef verið að undirbúa þá og það kemst fátt annað að þessa dagana. Maður þarf að huga að ýmsu vegna svona tónleika, til dæmis lagaval, það þarf að vera í samræmi við beiðnir sem fólk sendir inn um óskalög,“ segir Hörður en hann er stundum stoppaður á götu úti og spurður hvort hann taki ekki örugglega þetta lag eða hitt. Hann segist hlýða aðdáendum sínum í í 99 prósentum tilvika.

„Svo er ég að vinna að nýrri plötu sem kemur út í haust og er þriðja platan í fimm platna ævintýri sem ég er að skrifa og heitir Vitinn. Þessi plata verður kölluð Jarðarsaga.“

Annars líst Herði illa á eitt í umræðu síðustu daga og það er varalið Björns Bjarnasonar. Spurður um afstöðu til komandi kosninga segir Hörður að kominn sé tími til að skipta um æðstu menn. Hann er þó ekki búinn að ákveða hvað hann ætlar að kjósa. „Maður gerir það ekkert upp við sig fyrr en í kjörklefanum.“

Í einkalífi Harðar er „bara bros og ánægja. Ég fer vonandi í ferðalög á næstunni en er ekki búinn að ákveða hvert. Helst vil ég komast út fyrir Evrópu. Ég fór um áramótin til Suður-Kína og til Lhasa, höfuðborgar Tíbets. Þar var gamall draumur að rætast. Ferðin var stórkostleg og það urðu mikil skoðanaskipti í henni. Það er allt annað að sjá svona með eigin augum. Allt annað en maður les í fjölmiðlum. Þessi appelsínugula blaðra sem ég var með af Tíbet og friðsælum munkum, hún sprakk. Það er trúarkúgun í gangi þarna og hryllilegt að sjá heila þjóð nauðuga í bænastellingum alla daga.“


BUB
Bættu um betur




**Hófst þú nám í bifvélavirkjun, bílamálun eða bifreiðasmíði en laukst því ekki?**

**Ertu starfandi í þessum greinum eða greinum tengdum þeim?**

**Hefur þú áhuga á að ljúka því námi sem þú hófst?**

Bættu um betur - bílgreinar er tilraunaverkefni sem miðar að því að meta færni sem viðkomandi býr yfir inn í skólakerfið, óháð því hvernig hennar hefur verið aflað. Markmiðið er að þátttakendur í verkefninu ljúki sveinsprófi.

Áhugasömum er bent á að hafa samband við Iðuna-fræðslusetur í síma **590-6400** (Iðunn eða Ragnar) og fá frekari upplýsingar um verkefnið. Þar er einnig hægt að skrá sig á kynningarfund.

**Nánari upplýsingar er að finna á idan.is og mimir.is**

STARFSMENNTARÁÐ
BHS BÓKMENNT HANDMENNT SIÐMENNT
FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS
MÍMIR símenntun
IÐAN fræðslusetur

EINN TVEIR OG ÞRÍR 4.199



vísir www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR


# Erfiður starfsvettvangur fyrir fjölskylduna

**Fjórir kvensendiherrar, þar af þrír sendiherrar erlendra ríkja á Íslandi, ræddu um reynslu sína af því að vera konur í utanríkisþjónustunni á fundi í Háskóla Íslands í síðustu viku. Þó að glatt væri á hjalla og hlátrasköllin mikil voru þær sammála um að það væri mikilvægt að konum fjölgaði í utanríkisþjónustunni.**



**MIÐLUÐU AF REYNSLU SINNI** Reynslusögurnar flugu þegar þrír sendiherrar erlendra ríkja á Íslandi, Madeleine Ströje-Wilkens, sendiherra Svíþjóðar, Carol Van Voorst, sendiherra Bandaríkjanna, og Anna Blauveldt, sendiherra Kanada, tóku þátt í umræðum um konur í utanríkisþjónustunni ásamt Sigríði Snævarr, sendiherra Íslands, á fundi í Háskóla Íslands nýlega. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Madeleine Ströje-Wilkens, sendiherra Svíþjóðar, lýsti því þegar hún, önnur tveggja kvenna í stórum hópi karla, var í viðtali vegna starfsins.

„Við áttum að segja orðið máni, eða „måne“ á sænsku, og karlarnir sögðu þetta frábærlega vel hver á eftir öðrum. Svo kom röðin að mér og ég lagði alla mína krafta í þetta og sagði „m-å-n-e“. Ég veit ekki hvort var verra, hláturinn eða þögnin á eftir. Á þeirri stundu gerði ég mér ljóst að ég yrði aldrei sendiherra,“ sagði hún og kvaðst hafa dregið þann lærdóm að eitthvað yrði að koma í staðinn fyrir hæfileikann til að tala.

Að starfa í utanríkisþjónustunni krefst þess greinilega að hægt sé að sinna öllum störfum. Madeleine starfaði í Afríku í níu ár. „Þar eignaðist ég barn, drap eiturslöngu og svo veit ég ekki hvað ég hef gert við mörg klósett.“

Madeleine varpaði fram spurningunni hvort það skipti máli að konur væru í utanríkisþjónustunni og svaraði játandi. „Þetta er spurning um lýðræði. Við konur erum meira en helmingur mannfjöldans,“ sagði hún og kvaðst telja að það hjálpaði körlunum líka, til dæmis við að forgangsraða betur heimili og vinnu.

Carol Van Voorst, sendiherra Bandaríkjanna, rifjaði upp atvik fyrir tuttugu árum þegar hún fékk það hlutverk að taka þátt í pallborðsumræðum og sannfæra háskólastúdínur um að ganga í utanríkisþjónustuna. „Þegar ég var búin að tala voru þær allar búnar að ákveða að fara á Wall Street. Það liðu tuttugu ár þar til ég var beðin aftur fyrir svipað verkefni,“ sagði hún.

Carol rifjaði einnig upp fund með þremur eldri konum úr utanríkisþjónustunni í pallborði. Ein hafði gifst á sextugsaldri, önnur ung en skilið og ekki eignast nein börn og sú þriðja hafði aldrei gifst eða eignast börn. „Þegar ég hafði hlustað á þær tala um að líf kvenna í utanríkisþjónustunni færi batnandi stóð ég upp og spurði: Verðum við að hafa þetta svona til að komast áfram í utanríkisþjónustunni? Það varð dauðaþögn. Og síðan stóð ein af konunum upp „já“ og settist niður aftur. Hún hafði að mörgu leyti rétt fyrir sér. Það eru konurnar sem koma á eftir minni kynslóð sem njóta byltingarinnar.“

> **FIMM KONUR SENDIHERRAR**
>
> Sendiherrar Íslendinga eru um fjörutíu talsins, þar af eru fimm konur. Þær eru:
>
> Elín Flygenring prótokollmeistari
> Bergdís Ellertsdóttir sendiherra
> Berglind Ásgeirsdóttir sendiherra
> Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, sendiherra í Suður-Afríku
> Sigríður Snævarr, sendiherra og staðgengill ráðuneytisstjóra

Carol segir að konur í bandarísku utanríkisþjónustunni hafi þurft að hætta ef þær giftust á þeirri forsendu að ekki væri hægt að reka heimili og starfa í utanríkisþjónustunni á sama tíma. Þegar hún gekk í utanríkisþjónustuna 1980 var engin kona háttsett, konurnar höfða engar fyrirmyndir og ekkert tengslanet. Þær vissu ekkert hvernig þær áttu að haga sér. Á áttunda áratugnum tók þetta að breytast.

Utanríkisþjónustan er erfiður starfsvettvangur fyrir fjölskylduna. Bandaríkjamenn hafa 177 sendiráð. „Ástandið er sums staðar svo hættulegt að maður getur ekki tekið fjölskylduna með. Það er mikið álag. Við erum skotmark víða. Það er hærra hlutfall dauðsfalla af völdum ofbeldis í utanríkisþjónustunni en hernum. Þetta er eitthvað sem verður að hafa í huga.“

### Lesið upp úr Völuspá fyrir KGB

Fjórðungur starfsmanna í kanadísku utanríkisþjónustunni er konur. Anna Blauveldt er sendiherra Kanada á Íslandi og hún telur þetta of lágt hlutfall. Hún bendir á að það sé stór fjölskylduákvörðun að ganga í utanríkisþjónustuna. Mestu skipti að gera fjölskyldunni þetta eins auðvelt og hægt er. Eiginmaður Önnu starfar sem ráðgjafi og skiptir því ekki máli hvar hann er staðsettur. Þau hjónin eiga níu ára dóttur. Anna segir að þau hafi tekið öll leikföng dótturinnar með til að hún gæti tekið upp þráðinn sem frá var horfið í Kanada.

Anna gefur þeim sem hyggja á feril í utanríkisþjónustunni það ráð að kynna sér vel viðkomandi land, ferðast um það og mynda tengsl.

Sigríður Snævarr sendiherra gekk í utanríkisþjónustuna árið 1978 og var send til Moskvu í júní 1979. „Meðan aðrar þjóðir skóluðu diplómatana sína var ég send yfir járntjaldið til Moskvu með óskum um góða ferð og ánægjulega dvöl. Ég var 26 ára,“ sagði hún.

Sigríður sagði að járntjaldið hefði verið áþreifanlegt. „Það var ólýsanlegt. Ég fór inn í klefa með spegla á öllum hliðum. Meðan ég var skoðuð sagði fyrirrennari minn: Brostu. Þetta er í síðasta skiptið í langan tíma sem þú brosir,“ sagði hún.

Starfsmenn sendiráðsins í Moskvu voru alls staðar hleraðir. „Ég sagði ekki orð fyrstu tvö árin án þess að það væri allt skrifað niður. Að lokum gafst ég upp á að búa í íbúðinni minni því að rafmagnið var alltaf tekið af og það var ekki gott að vera lengi einn í myrkrinu. Og maturinn var ónýtur því að rafmagnið var alltaf að detta af ísskápnum. Ég flutti inn til ritarans og spurði: Af hverju menntum við ekki þessa vesalings KGB-menn? Og svo lásum við upp úr Völuspá og fornsögunum,“ sagði hún.

„Minn metnaður var alltaf að vera heiðursgestur á árlegum kvöldverði KGB,“ sagði hún við mikil hlátrasköll.

ghs@frettabladid.is

www.frjalsilif.is



# GÓÐ ÁVÖXTUN FRJÁLSA LÍFEYRISSJÓÐSINS

FRJÁLSI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

Ávöxtun síðustu 4 ár




**Árið 2006 var gott ár fyrir Frjálsa lífeyrissjóðinn. Virk eignastýring sjóðsins skilaði sjóðfélögum hærri ávöxtun í öllum fjárfestingarleiðum en fjárfestingarstefna þeirra segir til um.**

## Bónusgreiðslur í séreign

Eignir umfram heildarskuldbindingar voru 8,1%. Sjóðfélagar sem eiga réttindi í tryggingadeildinni munu njóta sterkrar tryggingafræðilegrar stöðu með bónusgreiðslu í frjálsa séreign þeirra úr tryggingadeildinni. Að þessu sinni verða um 900 milljónir kr. greiddar í bónus til sjóðfélaga. Þetta er annað árið í röð sem sjóðfélagar fá greiddan bónus en árið 2006 var hann 1,7 milljarðar kr.

## Ársfundur

Ársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins verður haldinn 24. apríl nk. kl. 17.15 á Nordica hótel, Suðurlandsbraut 2.

**Dagskrá:**

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning ársreiknings
3. Tryggingafræðileg athugun
4. Fjárfestingastefna sjóðsins
5. Kosning stjórnar og varamanna
6. Kjör endurskoðanda
7. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
8. Laun stjórnarmanna
9. Önnur mál

Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins verða birtar á heimasíðu Kaupþings og verða aðgengilegar í höfuðstöðvum bankans tveimur vikum fyrir ársfund. Stjórn sjóðsins vill hvetja sjóðfélaga til að mæta á fundinn.



Frjálsi lífeyrissjóðurinn var valinn besti lífeyrissjóður Evrópu í flokknum *Uppbygging lífeyrissjóða* árið 2005 í árlegri keppni á vegum tímaritsins IPE (Investment & Pension Europe).

## Meginniðurstöður ársreiknings

í milljónum króna

| | |
|---|---|
| **Efnahagsreikningur 31.12.2006** | |
| Eignir: | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 33.910 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 24.304 |
| Veðlán | 375 |
| Verðtryggður innlánsreikningur | 43 |
| Húseignir og lóðir | 15 |
| *Fjárfestingar alls* | **58.646** |
| Kröfur | 152 |
| Aðrar eignir | 1.003 |
| **Eignir samtals** | **59.801** |
| Skuldir | (187) |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | **59.614** |
| **Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2006** | |
| Iðgjöld | 4.306 |
| Lífeyrir | (798) |
| Fjárfestingartekjur | 8.597 |
| Fjárfestingargjöld | (160) |
| Rekstrarkostnaður | (77) |
| **Hækkun á hreinni eign á árinu** | **11.867** |
| Hrein eign frá fyrra ári | 44.837 |
| Sameining við Lífeyrissjóð Bolungarvíkur | 2.910 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | **59.614** |
| **Lífeyrisskuldbindingar skv. niðurstöðu tryggingafræðings 31.12.2006** | |
| Eignir umfram áfallnar skuldbindingar | 1.290 |
| Í hlutfalli af áföllnum skuldbindingum (%) | 12,6% |
| Eignir umfram heildarskuldbindingar | 2.642 |
| Í hlutfalli af heildarskuldbindingum (%) | 8,1% |
| **Kennitölur** | |
| Eignir í ísl.kr (%) | 66,1% |
| Eignir í erl.mynt (%) | 33,9% |
| [1] Fjöldi virkra sjóðfélaga | 10.363 |
| Fjöldi sjóðfélaga í árslok | 38.379 |
| [2] Fjöldi lífeyrisþega | 671 |

[1] Meðaltal fjölda sjóðfélaga sem greiddi iðgjald á árinu.
[2] Meðaltal lífeyrisþega sem fékk greiddan lífeyri á árinu.

KAUPÞING

## Svona erum við

> Innheimtir skattar á tekjur og eignir, í milljónum króna
Heimild: Hagstofa Íslands




**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

FBL-GREINING: FRIÐARVIÐRÆÐUR Í MIÐ-AUSTURLÖNDUM

# *Tilboð arabaríkja um land fyrir frið*

Leiðtogar arabaríkja hafa á ný lagt fram tilboð til ísraelskra stjórnvalda um land fyrir frið. Tilboðið var fyrst lagt fram árið 2002 en þá hafnað af Ísrael.

**Hvað felst í tilboðinu um land fyrir frið?**
Viðurkenning arabaríkjanna á Ísraelsríki og varanlegur friður þar á milli gegn því að Ísrael hverfi frá því landi sem það hertók í sex daga stríðinu árið 1967. Einnig er kveðið á um palestínskt ríki með Austur-Jerúsalem sem höfuðborg og að sanngjörn lausn verði fundin á málum palestínskra flóttamanna sem voru hraktir af landi sínu sem nú er Ísrael.

**Um hvaða landsvæði er að ræða?**
Sex daga stríðið var háð 5. júní til 10. júní árið 1967 á milli Ísraels og arabaríkjanna Egyptalands, Jórdaníu og Sýrlands. Írak, Sádi-Arabía, Kúveit og Alsír lögðu einnig til herlið og vopn. Í lok stríðsins höfðu Ísraelar lagt undir sig Gólanhæðir, Vesturbakka Jórdanár og Austur-Jerúsalem, Gazaströndina og Sínaiskaga. Stærð Ísraels þrefaldaðist við þessa viðbót.



**Hvernig hafa Ísraelar brugðist við tilboðinu?**
Ísraelsk stjórnvöld höfnuðu tilboðinu þegar það var fyrst lagt fram fyrir fimm árum síðan. Ríkisstjórnir forsætisráðherranna Ariel Sharons og Ehud Olmerts hafa stutt áætlanir um einhliða brotthvarf frá sumum landsvæðum sem voru hertekin árið 1967. Árið 2006 féll þó skuggi á slíkar áætlanir eftir ítrekaðar eldflaugaáætlanir herskárra Palestínumanna og Líbana frá landsvæðum sem Ísraelar höfðu horfið frá.

Ehud Olmert hefur nú lýst yfir að raunverulegur möguleiki sé á að innan fimm ára muni Ísrael ná að gera ítarlegan friðarsamning við óvini sína.

**Heimildir: Fréttavefur BBC og Wikipedia.**

## SPURT OG SVARAÐ
STANGAVEIÐI

### *Sport fyrir alla*


**BJARNI JÚLÍUSSON**
Formaður Stangaveiðifélags Reykjavíkur.

Stangaveiðitímabilið hófst í gær, fyrsta apríl. Bjarni Júlíusson, formaður Stangaveiðifélags Reykjavíkur, dró að sjálfsögðu fram stöngina.

Fyrir hverja er stangaveiði?
Eins og Stangaveiðifélag Reykjavíkur hefur lagt mikla áherslu á upp á síðkastið er stangaveiði fyrir alla; menn, konur, börn og fölskyldur.

Stunda margir stangaveiði?
Ég held ég fari rétt með að það séu um fimmtíu þúsund manns sem stunda stangaveiði að einhverju marki og í félaginu okkar eru ríflega fimm þúsund manns.

Hvað er veiðitímabilið langt?
Vatnaveiði er heimil allt árið og frá fyrsta apríl má veiða silung í ám. Laxveiðin byrjar upp úr miðjum júní og júlí og ágúst eru mestu laxveiðimánuðirnir. Í september og október er það svo sjóbirtingurinn og eftir það fer þetta að róast. Flestir taka sér smá pásu yfir veturinn en samt eru þeir til sem fara í vötnin og bora holu í gegnum ísinn og dorga yfir háveturinn.

# Fátt um tækifæri án nýs sæstrengs

**Hugmyndir eru uppi um að reisa netþjónabú hérlendis sem sinnt gæti þörfum ýmissa fyrirtækja úti í heimi. Viðamikil gagnahýsing er einnig á listanum yfir þá þjónustu sem Ísland gæti orðið þekkt fyrir á næstu árum. Án áreiðanlegs netsambands er þó ekki hægt að búast við því að erlend stórfyrirtæki flykkist hingað með viðskipti sín.**


FRÉTTASKÝRING
SALVAR SIGURÐARSON
salvar@frettabladid.is

Meðal þeirra fyrirtækja sem hafa sýnt þessum verkefnum áhuga eru bandaríski hugbúnaðarrisinn Microsoft og íslenska gagnahýsingarfyrirtækið Data Íslandia. Sjálfur Bill Gates, forstjóri Microsoft og ríkasti maður veraldar, hefur veitt framkvæmdastjóra Microsoft á Íslandi, Halldóri Jörgenssyni, skriflegt umboð til þess að kanna aðstæður og ræða við fagaðila um netþjónabú hérlendis.

Ein af ástæðunum fyrir þessum áhuga á Íslandi sem staðsetningu fyrir netþjónabú og gagnahýsingu er ódýr orka, því þess konar starfsemi er afar orkufrek. Halldór segir viðræður við innlend fyrirtæki um orkuverð ekki hafnar, en ódýr orka hérlendis sé kostur.

**Ótryggt netsamband**
En orka er ekki allt sem starfsemi af þessu tagi útheimtir. Netþjónabú og gagnahýsingar þurfa að taka á móti og senda geysimikið af gögnum. Til þess þarf mikla bandvídd og ekki síður stöðuga nettengingu.

Áreiðanleiki netþjóns er yfirleitt mældur í mínútum, það er að segja hversu margar mínútur á ári ekki er hægt að tengjast honum. Algeng viðmiðun hjá fyrirtækjum sem þurfa nauðsynlega að vera í stöðugu netsambandi er 99,999 prósenta áreiðanleiki, eða fimm mínútur af sambandsleysi á ári. Samband Íslands við útlönd hefur verið langt undir þessum mörkum undanfarin ár.

Því er ljóst að það er erfitt að reka netþjónabú á landi sem tengt er umheiminum með tveimur neðansjávarsnúrum, þar sem önnur er þrettán ára gömul og löngu fullnýtt, og hin hefur bilað yfir tuttugu sinnum síðan hún var lögð fyrir rúmum þremur árum.

**Nýr strengur nauðsynlegur**
Í lok seinasta árs samþykkti ríkisstjórnin tillögu Sturlu Böðvarssonar samgönguráðherra um lagningu nýs sæstrengs milli Íslands og Evrópu, til þess að tryggja öruggt netsamband við umheiminn. Undirbúningur hófst rétt eftir áramót og er kominn vel á veg.

Guðmundur Gunnarsson, framkvæmdastjóri Farice hf., sem á og rekur Farice-sæstrenginn, segir ákvörðunar um lagningu sæstrengsins nýja að vænta eftir páska. Hann mun að öllum líkindum heita Farice-2 og liggja frá Íslandi til Írlands eða Skotlands, með mögulegri viðkomu í Færeyjum.

„Það er alveg á hreinu að starfsemi á borð við netþjónabú og gagnahýsing þrífst ekki hér á landi nema til komi nýr sæstrengur,“ segir Guðmundur. Ef allt gengur eftir verður Farice-2 lagður sumarið 2008 og tekinn í notkun síðar sama ár.

**Íslenskur kísildalur?**
Kísildalurinn, eða Silicon Valley, er svæði í Kaliforníuríki Bandaríkjanna sem þekkt er fyrir gríðarmikinn fjölda tölvu- og tæknifyrirtækja. Sol Squire, framkvæmdastjóri Data Íslandia, segir að vel sé hægt að gera eitthvað svipað hér á landi sé rétt haldið á spöðunum.

„Við erum að fá ótrúleg tækifæri upp í hendurnar og það er mjög mikilvægt að undirbúa grunninn rétt. Fyrirtæki hafa gríðarlegan áhuga á landi sem býður upp á hundrað prósent græna orku, en án áætlunar varðandi framtíðina eru þau hikandi við að binda sig,“ segir hann.

„Ísland verður að hafa áætlun um það hvernig svona hlutir eiga að vaxa. Fyrirtæki eru að flytja úr landi vegna þess að netsambandið er ekki nógu öruggt, og taka með sér störf, viðskipti, starfsfólk og kunnáttu. Án sæstrengs hefur Ísland enga samkeppnisstöðu á þessum markaði.“


**HÉR ER INNSTUNGAN** Í Færeyjum er Farice-1 strengurinn tekinn á land í Funningsfirði. Frá vinstri eru Halldór Þorkelsson fyrirtækjaráðgjafi, Guðmundur Gunnarsson, framkvæmdastjóri Farice, Steinn Logi Björnsson, stjórnarformaður Farice, og Jón Birgir Jónsson, fyrrverandi stjórnarformaður. Jón Birgir bendir á hvar Farice-1 er stungið í samband í Færeyjum. MYND/SIGURJÓN RAGNAR




## Tvær snúrur á hafsbotni

Að Íslandi liggja tveir sæstrengir; Cantat-3 og Farice-1.

Cantat-3 liggur frá Kanada til Evrópu með viðkomu á Íslandi og í Færeyjum. Hann er tekinn á land í Vestmannaeyjum og eru gögnin flutt þaðan á meginlandið með ljósleiðara. Strengurinn var tekinn í notkun árið 1994 og hefur flutningsgetu upp á tvo og hálfan gígabita á sekúndu í hvora átt, en Íslendingar ráða aðeins yfir hluta þeirrar bandvíddar.

Farice-1 var tekinn í notkun í janúar árið 2004 og liggur hann frá Íslandi til Skotlands með viðkomu í Færeyjum. Ólíkt Cantat-3 er hann tekinn á land á Seyðisfirði, og gögnin flutt þaðan um landið. Farice hf., sem er í eigu ríkisins og fjarskiptafyrirtækjanna á Íslandi auk fleiri aðila, á og rekur sæstrenginn. Möguleg flutningsgeta Farice-1 er margfalt meiri en hjá Cantat-3, eða 720 gígabita á sekúndu. Það jafngildir því að hægt sé að senda rúmlega hundrað bíómyndir, hver þeirra 700 megabæti á stærð, um strenginn á hverri sekúndu.

Þrátt fyrir þessa miklu flutningsmöguleika er aðeins agnarlítill hluti af Farice-1 nýttur í dag, eða um tveir gígabitar á sekúndu. Með lækkandi verði og aukinni flutningsþörf er búist við að nýtingin stóraukist á næstu árum.

Netþjónabú og gagnahýsing:

## Samansafn sérhæfðra tölva

Netþjónn er annað orð yfir tölvu sem tekur við beiðnum gegnum netið, til dæmis beiðni um að skoða heimasíðu, og sinnir þeim. Þegar netnotandi slær inn netfangið www.visir.is er hann að senda beiðni á netþjón Vísis um að skoða síðuna. Netþjónninn tekur við beiðninni og sendir notandanum síðuna í gegnum netið.

Netþjónabú kallast það þegar mikill fjöldi netþjóna er hýstur á sama stað. Netþjónarnir geta verið að hýsa margar mismundandi síður eða jafnvel eina mjög vinsæla. Til að mynda er Wikipedia hýst á yfir hundrað netþjónum, þar af eru 89 á einum stað í Flórída í Bandaríkjunum.

Gagnahýsing er af svipuðum meiði og netþjónar, en það eru ekki tölvur sem hýsa heimasíður heldur geyma þær ýmiss konar gögn fyrir þá sem vilja. Í raun má líkja gagnahýsingu við geymsluhúsnæði nema í stað geymsla eru tölvur og harðir diskar, og í stað húsgagna og búslóða eru gögn.


Heildarlausn fyrir snyrtinguna
Lotus Professional

Á tilboði í apríl 2007
Valdar gerðir af Lotus Professional skömmturum og tilheyrandi áfyllingum fyrir snyrtinguna.


Arngrímur Þorgrímsson
Sölustjóri hjá RV


3.982 kr.
Blár enMotion snertifrír skammtari


1.865 kr.
Blár sápuskammtari Foam


1.865 kr.
Blátt WC Compact statíf fyrir tvær rúllur

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

25 ára Rekstrarvörur 1982–2007

TUNGLIÐ RV6230A



20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM DRÖGTUM
ÚT ÞESSA VIKU
Laugavegi
Mörkinni
Grafarvogi
Kópavogi
Hafnarfirði
Keflavík
Selfossi
ZIKZAK
TÍSKUHÚS

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Niðurstaða kosninganna í Hafnarfirði er tæpast sigur fyrir andstæðinga stóriðju.

# Ekki í túnfætinum heima

JÓN KALDAL SKRIFAR

Niðurstaða kosninganna í Hafnarfirði, um breytt deiliskipulag vegna stækkunar álversins í Straumsvík, hefur verið hyllt sem sigur fyrir lýðræðið og náttúruvernd.

Auðvelt er að taka undir fyrra sjónarmiðið en minni innistæða er að öllum líkindum fyrir fagnaðarlátum umhverfisverndarsinna og álversandstæðinga.

Í því samhengi er rétt að minna á að Hafnfirðingar voru á laugardag ekki að kjósa um hvort stöðva beri virkjanir eða stóriðjuframkvæmdir á Íslandi, heldur fyrst og fremst um hvort ætti að heimila tvöföldun á umfangi álverksmiðju Alcan í túnfætinum hjá þeim.

Núverandi stærð bygginga Alcan í Straumsvík er um 140 þúsund fermetrar og er óhætt að segja að þær séu ekki mikið augnayndi, eins og liggur nánast í hlutarins eðli; kerskálar verða seint tilnefndir til arkitektúrverðlauna. Ef stækkunaráform Alcan hefðu náð fram að ganga hefðu bæst við 120 þúsund fermetrar af verksmiðjubyggingum í Straumsvík. Það er á við tvö stykki af verslunarmiðstöðinni Smáralind til að setja þann fjölda af fermetrum í eitthvert samhengi.

*Það var ánægjulegt að fylgjast með því hvernig pólitískir fulltrúar í bæjarstjórn Hafnarfjarðar héldu sig til hlés í aðdraganda kosninganna. Sum mál eru í eðli sínu síður flokkspólitísk en önnur. Skipulag er sannarlega eitt af þeim.*

Burtséð frá því hvaða starfsemi á að fara fram á athafnasvæði af slíkri stærðargráðu, hlýtur það að vera sjálfsagður réttur íbúa sem eiga heimili í næsta nágrenni við það, að hafa eitthvað um málið að segja.

Og sú varð einmitt niðurstaða bæjaryfirvalda í Hafnarfirði. Stækkun álversins var lögð í dóm Hafnfirðinga og uppskeran er söguleg. Íbúakosning þar sem 80 prósent þeirra sem voru á kjörskrá mættu á kjörstað og greiddu atkvæði um hvernig þeir vilja að verði umhorfs í Hafnarfirði í framtíðinni.

Það var ánægjulegt að fylgjast með því hvernig pólitískir fulltrúar í bæjarstjórn Hafnarfjarðar héldu sig til hlés í aðdraganda kosninganna. Sum mál eru í eðli sínu síður flokkspólitísk en önnur. Skipulag er sannarlega eitt af þeim.

Að kosningunum loknum er ljóst að álverið mun fara úr Straumsvík miklu fyrr en ef stækkunin hefði verið samþykkt. Þegar sá dagur rennur upp er ekkert sem hindrar lengur að byggðin haldi áfram að teygja sig eftir strandlengjunni í átt að Reykjanesbæ eins og er æskilegast.

Um afstöðuna til frekari virkjana, stóriðjuuppbyggingu og umhverfisvernd verður svo kosið í vor.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




Tilboð til 15.maí

**Hraunsnef sveitahótel** Borgarbyggð býður upp á þrírétta kvöldverð ásamt gistingu og morgunmat fyrir 7900 kr á mann og miðast verðið við tvo saman í herbergi.

Norðurárdal • 311 Borgarbyggð • Sími: 435 0111 • www.hraunsnef.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Óumbeðin pólitík

Rannveigu Rist, forstjóra Alcan, var vissulega hent inn í óvenjulegar aðstæður. Hún þurfti óvænt að taka þátt í harðri pólitískri baráttu. Minnir þetta á þegar Kári Stefánsson, forstjóri deCODE, hellti sér í pólitískan slag um gagnagrunn á heilbrigðissviði. Fæstir stjórnendur fyrirtækja þurfa að taka svo beinan þátt í stjórnmálum. Kannski þess vegna eru þeir í viðskiptum, þar sem baráttan er oftast einfaldari. Rannveig virtist á köflum vera þreytt á þessari umræðu og leiðast hún. Kannski hefði gengið betur ef Rannveig hefði fengið pólitískt uppeldi Kára? Þó má segja að hún hafi staðið sig vel. 88 atkvæði réði því svo að 8 ára undirbúningur fór í súginn.



### Ráðvillt í Bónus

Margir hafa áhyggjur af minnkandi orðaforða og versnandi íslenskukunnáttu ungs fólks. Í ljósi þess er saga úr Bónus forvitnileg. Kona ein var að vandræðast við kassann hvort hún ætti að kaupa tvær tegundir af tiltekinni vöru. Eftir nokkrar bollaleggingar ákveður hún sig loksins og segir: „Ég ætla að fá hvoru tveggja.“ Starfsmaðurinn lítur ráðvilltur á hana. Kallar þá vinnufélaginn á næsta kassa: „Þetta þýðir að hún ætlar að kaupa báðar vörurnar. Ég lenti í þessu í síðustu viku.“



### Mörg hlutverk

„Í staðinn er fleygt í þau risavöxnum álbræðslum á vegum erlendra auðhringa, en þær ógurlegu virkjanaframkvæmdir, sem sú „lausn“ krefst, valda stórfelldum og óafturkræfum spjöllum á náttúru Íslands,“ skrifar Þórður Sveinsson, formaður Ungra jafnaðarmanna í Hafnarfirði, í málgagn þeirra á síðasta ári. En Þórður er ekki bara formaður UJ í Hafnarfirði. Hann er lögfræðingur Persónuverndar, félagi í samtökum herstöðvaandstæðinga og – jú – var starfandi formaður kjörstjórnar í álverskosningunni í Hafnarfirði.

bjorgvin@frettabladid.is

# Ísland færist nær Evrópu



ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

**Í DAG** | Evrópumál

Íslendingar munu ekki tapa aflaheimildum þó þeir gangi í Evrópusambandið. Það er ein merkasta ályktunin sem draga má af ítarlegri skýrslu Evrópunefndar, sem út kom á dögunum. Í henni kemur skýrt fram að úthlutun aflaheimilda innan sambandsins byggist á sögulegri veiðireynslu sem miðast „við nýlegt tímabil sem gæfi eðlilega mynd af veiðum undanfarin ár“. Þar sem ekkert ríkja sambandsins hefur veitt svo neinu nemur í íslenskri landhelgi undanfarna þrjá áratugi þarf því enga undanþágu til að tryggja forræði Íslendinga á veiðum í lögsögu landsins. Þar með er lögð endanlega til hvílu ein þrálátasta röksemd andstæðinga aðildar Íslands að Evrópusambandinu.

**Ótvírætt forræði yfir fiskveiðum**

Forræði Íslands yfir sjávarauðlindinni við inngöngu í Evrópusambandið var niðurstaða æðstu embættismanna sambandsins á sviði sjávarútvegsmála sem komu fyrir Evrópunefndina. Sumir þeirra voru svo bjartsýnir fyrir okkar hönd að telja að harðsnúnir samningamenn af Íslands hálfu gætu tryggt okkur auknar veiðiheimildir í krafti nýrra fiskveiðisamninga sem sambandið hefði gert við þriðju ríki, eða gegnum vannýtta samninga sem þegar eru fyrir hendi.

Þetta er athyglisverð niðurstaða og mikilvæg. Andstæðingar aðildar hafa árum saman dregið upp þá mynd, að gengju Íslendingar í sambandið þýddi það innrás erlendra ryksuguskipa inn í landhelgina sem myndu eira. Þetta hefur verið harðasta og tilfinningaríkasta röksemdin gegn því að Ísland sækti um aðild. Skýrsla Evrópunefndarinnar hefur afgreitt þá bábilju endanlega út af borðinu.

Einn ávinningurinn af aðild að Evrópusambandinu væri að Íslendingar ættu þá möguleika á að taka upp evruna í stað krónunnar. Ýmsir hafa talið hægt að gera það með einhliða tengingu, eða sérstöku samkomulagi við Evrópusambandið. Þó skiptar skoðanir hafi verið í Evrópunefndinni á því hvort upptaka evru yrði jákvæð fyrir Íslendinga, þá sló skýrsla nefndarinnar hinu föstu, að evran yrði ekki tekin upp hér á landi nema Ísland gengi áður í Evrópusambandið og myntbandalagið.

*Núverandi sveiflur í gengi krónunnar draga úr trúverðugleika hagkerfisins í augum erlendra fjárfesta, og gera verðsamanburð erfiðari.*

**Evran er góður kostur**

Reynslan sýnir að í ólgusjó alþjóðlegra fjármagnshreyfinga getur örmynt átt mjög erfitt með að standast áhlaup spákaupmanna. Núverandi sveiflur í gengi krónunnar draga úr trúverðugleika hagkerfisins í augum erlendra fjárfesta, og gera verðsamanburð erfiðari. Æ fleiri rök hníga að því að það kynni að vera í þágu hagsmuna íslensks atvinnulífs og launafólks að Íslendingar undirbúi að taka upp evruna.

Íslensku útrásarfyrirtækin eru að verða of stór fyrir krónuna. Þau sækja eðlilega í uppgjör, skráningu og rekstur í erlendri mynt. Hinn kosturinn sem þau eiga er einfaldlega að flytja starfsemi sína á annað og öflugra myntsvæði. Þannig er líklegt að Íslendingar verði að taka upp evru í framtíðinni til að halda í öflugustu mótora íslensks atvinnulífs.

Helstu kostir evrunnar eru verðstöðugleiki, og þarmeð lægri verðbólga, lægri viðskiptakostnaður, og gengissveiflur gagnvart evrusvæðinu myndu hverfa. Samruni krónunnar við evruna myndi ýta undir utanríkisviðskipti, og í vinnu Evrópunefndar kom fram að aukningin gæti numið á milli 60-300%. Upptaka evrunnar myndi því auka hagvöxt á Íslandi. Vaxtamunur milli Ísland og evrulandanna myndi hverfa, og fyrir almenning fælist gríðarleg kjarabót í lægri vöxtum á lánum til neyslu og húsnæðiskaupa.

**Sérstaða Samfylkingarinnar**

Það er athyglisvert, að Samfylkingin er eina stjórnmálahreyfingin sem hefur afdráttarlausa og jákvæða afstöðu til Evrópusambandsins og evrunnar. Sérstaka athygli vekur hversu harða og ósveigjanlega afstöðu Sjálfstæðisflokkurinn tekur gegn aðild að Evrópusambandinu en fulltrúar flokksins í Evrópunefnd tvímenntu með Vinstri grænum í áliti þar sem dyrunum til Evrópu er skellt aftur og slagbröndum skotið fyrir.

Samfylkingin er því í dag eini flokkurinn sem tekur opna og málefnalega afstöðu til Evrópu, sem byggist ekki á kreddum heldur því, hvernig hagsmunir Íslands eru best tryggðir. Lægri vaxtakostnaður, lægra matarverð og lægri verðbólga skipta máli fyrir íslenska neytendur – og þarmeð fyrir Samfylkinguna.

# Niðurgreiðslur á raforkuverði

**UMRÆÐAN**

Raforkuverð



JÓN SIGURÐSSON

Fyrir ber að frásagnir fjölmiðla snarskekkja upplýsingar um það efni sem greina átti frá. Fyrir nokkrum dögum var því lýst á ársfundi Orkustofnunar á Akureyri að álitamál sé hve miklar niðurgreiðslur eigi að vera á raforkuverði í dreifbýli andspænis möguleikum til þess að auka orkusparnað með umbótum á húsnæði.

Ríkisútvarpið skýrði frá þessu með þeim hætti að allmargir skildu sem svo að sú stefna hafi verið tekin að draga mjög úr eða jafnvel fella niður allar niðurgreiðslur á raforkuverði í dreifbýlinu.

Þetta er fjarri öllu lagi. Á þessu ári verður varið tæpum 1.100 milljónum króna til niðurgreiðslna og tengdra verkefna. Á síðasta ári var tæpum milljarði króna varið í sama skyni. Auk niðurgreiðslna er meðal annars um að ræða framlög til stofnkostnaðar hitaveitna, framlög til orkusparnaðar og húsaviðgerða og fleira.

Mikið hefur verið rætt um að orkukostnaður í dreifbýlinu hafi hækkað verulega síðustu tvö til þrjú ár, eftir nýskipan raforkumála var komið á. Yfirlit frá Rarik bendir ekki til þess að þetta eigi sér stoð í veruleikanum. Miklu fleiri njóta sambærilegs verðs eða 5-15% lækkunar í raunverði á tímanum frá 2004 heldur en þeir sem hafa þurft að taka á sig hækkanir. Þær hækkanir sem þó hafa orðið eru hjá flestum innan við 15% á þessum tíma.

Greining á ástæðum verðhækkana á raforku í dreifbýli á þessum sama tíma leiðir ekki til þess að sömu ástæður finnist hjá öllum eða flestum þeim sem hafa orðið fyrir hækkunum. Svo virðist sem einkum sé um atvikbundnar hækkanir að ræða. Í þessu efni ber að hafa í huga að það getur skipt máli meðal annars hvort um er að ræða vel einangruð hús eða ekki, og einnig ber að hafa í huga að niðurgreiðslur eiga aðeins við um íbúðarhúsnæði.

Nauðsynlegt er að vanda greiningu slíkra ástæðna og velja af kostgæfni þau úrræði sem koma til greina í hverju atviki. En sú stefna ríkisstjórnarinnar liggur alveg fyrir að mæta þörfum fólksins í dreifbýlinu með niðurgreiðslum og aðstoð við hitaveitur og einnig við viðgerðir á húsnæði.

*Höfundur er viðskipta- og iðnaðarráðherra.*

# Eru Píkusögur klám?

**UMRÆÐAN**
V-dagurinn

Nýlega var V-dagurinn haldinn á landsvísu þar sem uppistaðan var flutningur á leikritinu Píkusögum. Þetta er sjötta árið í röð sem verkið er flutt á Íslandi en undanfarið hafa sprottið upp sjónarmið í þá veru að Píkusögur sé einfaldlega dulbúið klám. Þetta viðhorf helgast mögulega af því að mikil umræða um klám hefur átt sér stað í samfélaginu og sú umræða virðist hafa klofið stóran hóp fólks í fylkingar með hugmyndafræðilega gjá á milli sín. Skoðanaskipti milli fylkinganna verða því miður oft heiftúðug og stundum er gripið til óvandaðra meðala, til dæmis að kalla Píkusögur klám.


ÞÓREY VILHJÁLMSDÓTTIR


HILDUR SVERRISDÓTTIR

V-dagssamtökin bera ábyrgð á Píkusögum og vilja ítreka hvaða baráttu leikritið þjónar, ekki síst út af þeim fjölmörgu konum sem hafa ljáð verkinu mikilvæga rödd sína en eru nú vændar um að hafa tekið þátt í klámi.

Píkusögur eru baráttutæki gegn ofbeldi á konum þar sem er kafað undir yfirborðið og vísað til þeirra duldu fordóma sem halda aftur af konum. Eve Ensler, höfundur leikritsins, vill að konur og karlar standi jafnfætis hvað orðræðu um kynlíf snertir og í þeim tilgangi leitast hún við að varpa ljósi á muninn milli kynjanna í þeim efnum.

Leikritið á að auðvelda konum að orða það sem áður þótti ósæmandi að konur segðu og rjúfa þannig höft tungumálsins. Aðstöðumunur kynjanna í þeim efnum er mikill og hefur víðtækar afleiðingar sem ekki má gera lítið úr. Margar konur blygðast sín til dæmis of mikið til að geta sagt frá kynferðisofbeldi sem þær hafa orðið fyrir. Í leikritinu eru senur sem vafalítið fá einhverja til að roðna, meðal annars tæpitungulausar lýsingar á lystisemdum kynlífs. Þær þjóna hins vegar þeim tilgangi að koma þeim skilaboðum áleiðis að konur eiga og mega njóta kynlífs.

*Leikritið á að auðvelda konum að orða það sem áður þótti ósæmandi að konur segðu...*

Spurt hefur verið hvort ekki sé óþarfi að vísa til orðsins píka í titlinum; hvort ekki sé hægt að finna eitthvað „þægilegra" orð? Slíkar vangaveltur eru skiljanlegar í ljósi þess að mörgum finnst orðið píka óþægilegt. En það er einmitt kjarni málsins og það sem leikritið vill vinna bug á; það er ótækt að algengasta orðið yfir kynfæri kvenna hafi niðrandi merkingu og óþægilegan hljóm. Það er því tilhlökkunarefni þegar sá dagur rennur upp að fólk gengur kinnroðalaust út að lokinni leiksýningu á Píkusögum því þá verðum við komin skrefi lengra í átt að auknu kynfrelsi kvenna.

Sá sem veltir leikritinu og tilgangi þess fyrir sér hlýtur að gera sér grein fyrir því að Píkusögur hafa ekkert að gera með klám.

*Höfundar sitja í stjórn V-dagssamtakanna.*

# Heimska og ábyrgðarleysi

**UMRÆÐAN**
Öryggis- og varnarmál

ÚTDRÁTTUR:

Ég furða mig á endalausri heimsku og ábyrgðarleysi stjórnarandstöðunnar í öryggismálum. Þingmönnum stjórnarandstöðunnar þykir greinilega meira um vert að koma ódýrum skotum á dómsmálaráðherra, en að taka á málinu af alvöru.


ÓLI TYNES

Flest ríki líta á það sem frumskyldu að tryggja öryggi þegna sinna. Lítum til okkar nánustu vina. Danmörk, Noregur, Svíþjóð og Finnland eru friðsöm og góð lönd sem vilja öllum vel. Þau telja engu að síður skyldu sína að halda úti bæði umtalsverðum herafla og öflugum leyniþjónustum. Þar eru leyniþjónustur bæði innan hers og lögreglu. Það þykir bara sjálfsagður hlutur.

*Öryggisgæsla á Íslandi byggist á tveim póstum. Landhelgisgæslunni og lögreglunni.*

Ísland er ekki lengur utan alfaraleiðar. Hingað kemur alls konar fólk úr öllum áttum. Eins og til Balí. Eins og til Spánar. Eins og til Bretlands. Svo nefnd séu nokkur ríki sem hafa orðið fyrir árásum illmenna.

Til skamms tíma voru Íslendingar nokkuð vel í sveit settir, með bandarískt herlið í landinu. Nú eru mjög breyttir tímar. Björn Bjarnason, dómsmálaráðherra, reynir að bregðast við þeim breytingum með því að efla öryggisgæslu í landinu.

Öryggisgæsla á Íslandi byggist á tveim póstum. Landhelgisgæslunni og lögreglunni. Verið er að gera mikið átak til þess að styrkja Gæsluna. Nú er leitað leiða til þess að styrkja lögregluna. Meðal annars er rætt um að koma upp varaliði. Það kallar Össur Skarphéðinsson „tindátaleik fyrir fullorðna".

Í þessum skætingi kristallast afstaða stjórnarandstöðunnar í öryggismálum Íslendinga. Þetta hafa verið hennar viðbrögð við nánast öllu sem velt hefur verið upp. Það er ekki sæmandi alþingismönnum að tala svona. Jafnvel þótt þeir séu í stjórnarandstöðu.

*Höfundur er fréttamaður.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is.





HVÍTA HÚSIÐ / SÍA / 7769




*...með viðbótarsöfnun MasterCard ferðaávísunar*

Ítalía er alltaf heillandi, en auðvitað ræður þú ferðinni þegar þú ferðast með MasterCard!

Með því að skipta við samherja MasterCard ferðaávísunar, safnar þú allt að 20% upphæðarinnar sem þú kaupir fyrir inn á ferðaávísunina þína.

Nánari upplýsingar á www.kreditkort.is eða í síma 550 1500

MasterCard

# Vinstri græn – umbúðalaus

**UMRÆÐAN**
Stefna Vinstri grænna

Í aðdraganda kosninga velta margir vöngum yfir kosningabaráttu flokkanna. Við í Vinstri grænum höfum fundið fyrir miklum meðbyr að undanförnu, ekki aðeins í skoðanakönnunum heldur líka í umræðunni í þjóðfélaginu. Við erum viss um að ástæðan er ekki bara sú að áherslur okkar – umhverfisvernd, velferð og kvenfrelsi – hafa öðlast meira vægi í hugum fólks, heldur ekki síður vegna þess að andrúmsloftið, áferðin og málflutningurinn er með öðru sniði en gerist og gengur hjá hinum flokkunum.

Við ætlum að leggja okkar af mörkum til að kosningabaráttan verði jákvæð og skemmtileg, og ætlum þess vegna fremur að tala fyrir okkar áherslum og stefnumálum en að setja út á stefnumál annarra flokka. Auðvitað erum við óhrædd við að gagnrýna það sem aflaga hefur farið í samfélaginu síðustu ár, en við ætlum að gera það á jákvæðan og uppbyggilegan hátt svo að kjósendur hafi skýran valkost við stefnu sitjandi ríkisstjórnar. Þá leggjum við mikla áherslu á að reka hóflega kosningabaráttu. Við erum meðvituð um að áhrif fjársterkra aðila í þjóðfélaginu á stjórnmálin geta verið hættuleg lýðræðinu. Kosningar mega aldrei snúast um að flokkarnir og stuðningsaðilar þeirra geti keypt sér stuðning kjósenda í gegnum auglýsingar. Þess vegna ætlum við að gæta hófs í auglýsingum, en leggja meiri áherslu á að koma okkar stefnumálum á framfæri á fundum, samkomum og spjalli við kjósendur.


SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

Við vinstri græn erum stolt af umhverfisverndaráherslum okkar, og við fléttum þeim saman við allt sem við viljum gera. Í huga okkar er umhverfisvernd ekki afgangsstærð sem hægt er að hugsa um þegar allt annað hefur verið ákveðið. Kosningabaráttan okkar er engin undantekning á því. Við ætlum að gera allt sem í okkar valdi stendur til að umhverfið líði ekki fyrir að það er kosningavor, til dæmis með því að lágmarka kosningarusl á okkar vegum. Fyrst og fremst leggjum við vinstri græn þó áherslu á að tala skýrt. Við viljum að kjósendur geti treyst því sem við segjum – að við komum til dyra eins og við erum klædd. Við setjum ekki málflutning okkar í ólíkar umbúðir eftir því sem þykir vinsælt hverju sinni, heldur leitumst við að vera samkvæm okkur sjálfum. Við stóðum til dæmis sameinuð gegn stóriðjustefnunni og Kárahnjúkavirkjun þegar aðrir flokkar annaðhvort vildu ekki eða þorðu ekki að láta í sér heyra. Hið sama má segja um tillögur okkar um róttækar aðgerðir í kvenfrelsismálum.

*Við setjum ekki málflutning okkar í ólíkar umbúðir eftir því sem þykir vinsælt hverju sinni, heldur leitumst við að vera samkvæm okkur sjálfum.*

Við viljum minni umbúðir og meira innihald. Við viljum frekar gæði en magn. Við erum óhrædd við að andæfa. Það er stemning fyrir okkar rödd og hún verður sterk í vor!

*Höfundur er kosningastýra VG á höfuðborgarsvæðinu.*

# Hvað skyldi mengunarkvótinn, kælivatnið og aðstaðan kosta?

**UMRÆÐAN**
Mengunarkvóti

Heyrst hefur að við gjaldtöku á mengun í ýmsum löndum Evrópu hafi sum fyrirtæki minnkað svo mikið mengunina að þau hafi getað selt eða leigt frá sér mengunarkvóta. Einnig hefur verið í fréttum að aukin mengun frá flugvélum kalli á aðgerðir, sem felast í mengunarskatti á flugfélög.

Út frá þessu hefi ég velt fyrir mér verði á mengunarkvóta og hvernig þetta sé hjá okkur. Það hlýtur að vera heimsmarkaðsverð á mengunarkvóta líkt og á olíu, sem hægt sé að fá upplýst hvert sé nema hér sé sama leyndin og á raforkuverði til stóriðju á Íslandi.

Skyldu stóriðjufyrirtækin hér greiða eithvað fyrir kvótann núna? Það er nokkuð ljóst að í upphafi hefur álverið í Straumsvík ekki greitt neitt fyrir mengunina, því þá var ekki búið að finna upp mengunarkvótann. Líklega hefur Norðurál ekki heldur greitt neitt fyrir hana. Nýlega hafa bæði þessi álver skipt um eigendur og næsta víst að gjafakvótinn hefur verið reiknaður inn í söluverðið. Þeir hafa nefnilega meira viðskiptavit, sem stjórna svona fyrirtækjum en þeir, sem almennt eru kosnir til starfa á hinu háa Alþingi.

Í mínum huga er kristaltært að mengunarkvóti er þjóðareign, sem alþingismönnum leyfist ekki að gefa. Ekki frekar en þjóðarauðlindina í sjónum. Ástæðulaust er að gefa þessi verðmæti þjóðarinnar. Eðlilegra væri ákveðið árlegt leigugjald miðað við hve mikil mengunin er við framleiðslu á hvert kg áls. Gjaldið kæmi strax á ný álver og stækkanir. Þau sem eru í rekstri fengju ákveðinn aðlögunartíma líkt og flugfélögin eiga að fá. Þetta hefði strax í för með sér minni mengun. Stóriðjuverin hefðu hag af því og myndu sjálf velja hagkvæmustu lausn, hvort sem það heitir vothreinsun, þurrhreinsun eða eitthvað annað.


SIGURÐUR ODDSSON

Kælivatnið: Þó ekki skorti vatn á Íslandi er óþarfi að gefa það frekar en Norðmenn gefa olíuna. Arabarnir gáfu að vísu olíuna hér áður fyrr, en þeir eru löngu hættir því. Eitt stk. álver hlýtur að nota geysimikið af kælivatni. Það er kominn tími til að þjóðin hafi tekjur af þessari auðlind líkt og af raforkunni.

Fasteignagjöld og lóðir: Fréttaefni er að nú standi til að álverið í Straumsvík fari að greiða fasteignagjöld. Maður hrekkur við. Getur verið að ofan á allar niðurfellingar opinberra gjalda, sem öll álverin hafa fengið, hafi þau líka verið undanþegin fasteignagjöldum? Ekki nóg með að lóðirnar séu gefins miðað við það sem aðrir verða að greiða fyrir þær, ef það þá fást einhverjar lóðir keyptar.

Í fréttum af deiliskipulagi sem nú er kynnt vegna fyrirhugaðrar stækkunar álversins í Straumsvík kom fram að það gæti kostað upp undir milljarð að færa þjóðveginn. Í sömu fréttum kemur fram að spurning sé, hvort Hafnarfjarðarbær eða Vegagerðin borgi brúsann. Í báðum tilfellum mega skattborgararnir punga út fyrir þessu.

*Eitt stk. álver hlýtur að nota geysimikið af kælivatni. Það er kominn tími til að þjóðin hafi tekjur af þessari auðlind líkt og af raforkunni.*

102 fm 4 herb. heilsárshús á steyptum grunni með gólfhita. 6700 fm kjarri vaxin eignarlóð við Kerið. 140 fm verönd við húsið. **Helgi Már s. 530 1808**

Föst lág söluþóknun

# Draumahús

## Komin til að vera!

**Í tilefni af því að Draumahús hafa komið sér varanlega fyrir að Strandgötu 41, Hafnarfirði verða boðin einstök kjör á söluþóknun á íbúðarhúsnæði!**

**Íbúðarhúsnæði í einkasölu: 199.900 + vsk**

**Íbúðarhúsnæði í almennri sölu: 299.900 + vsk**

Smáa letrið: Tilboðið gildir út maí 2007 og aðeins fyrir eignir staðsettar í Hafnarfirði, Garðabæ, Álftanesi og á Suðurnesjum

Hafðu samband við sölumenn okkar í síma **530 1820 / 530 1800**

Draumahús

530 1800 Mörkinni 4

í samstarfi við Viðskiptahúsið
FASTEIGNIR • FYRIRTÆKI • SJÁVARÚTVEGUR

# Heimilið þitt erlendis

Draumahús í samstarfi við Viðskiptahúsið kynna fasteignir við strendur Spánar, Mallorka og Mexíkó. Um ræðir fullbúnar gæðaeignir frá hinu virta byggingafélagi á Spáni, TM Real Estate Group.

Nýr DVD-diskur er kominn sem inniheldur upplýsingar um svæðin, eignirnar og næsta nágrenni.


Einbýlishús


Íbúðir


Húsgögn fylgja


Innréttingar fylgja

TM

**TM Real Estate Group**
**Fagfólk í þína þágu**

- Stofnað 1969
- Hefur byggt 15.000 eignir
- Með skrifstofur í meira en 10 löndum
- Stærstu fjármálafyrirtæki Spánar og Evrópu ábyrgjast fjármögnun
- Hefur hlotið alþjóðleg verðlaun fyrir gæði og þjónustu
- Eitt af leiðandi fyrirtækjum Spánar á sínu sviði

**KYNNING Í DAG**
**Hjá Draumahúsum Mörkinni 4 milli kl. 17 og 19 allir velkomnir!**


Njótið lífsins

Nánari upplýsingar í síma **530 1800** eða á **draumahus.is**

Draumahús ehf • Hjalti Pálmason hdl og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar
Mörkinni 4 • 108 Reykjavík • Sími 530 1800 • Strandgötu 41 • 220 Hafnarfjörður • Sími 530 1820 • Fax 530 1801
draumahus@draumahus.is • draumahus.is

HÚSIÐ FASTEIGNASALA
- heilshugar um þinn hag -

| | | | |
|---|---|---|---|
| Vilhjálmur Bjarnason | lögg. fast.sali | Kristinn Erlendsson | sölumaður |
| Helgi H. Jónsson | lögg. fast.sali | Ólafur H. Haraldsson | sölumaður |
| Guðný Guðmundsdóttir | sölumaður | Ólafur Sævarsson | sölumaður |
| Gunnar Magnússon | sölumaður | Vilborg G. Hansen | sölumaður |
| Heimir Hafsteinn Eðvarðsson | sölumaður | Erla R. Guðmundsdóttir | bókari |
| Hrafnhildur Helgadóttir | sölumaður | Ómar Haraldsson | tölvuumsjón/frágangur |
| Kolbeinn Sigurðsson | sölumaður | Ingvaldur Mar Ingvaldsson | framkv.stjóri |

**Suðurlandsbraut 50**
Bláu húsin v/Faxafen
husid@husid.is
**Sími 513 4300**

## Stærri íb og sérh. Gunnarsbraut - Norðurmýri



Falleg 135 fm 5 herbergja efri sérhæð og ris. Sér inngangur. Parket á íbúð er nýlegt. Fallegar innréttingar Hitalögn er í hellulagðri innkeyrslu. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru á húsinu í sumar og eru þær framkvæmdir á kostnað seljanda.
**Verð 35,0 millj.**

## Einbýli Keilufell - Rvk



Gott einbýli á tveimur hæðum ásamt bílskúr á fallegri lóð í efra Breiðholti. 4 Svefnherbergi, 2 baðherbergi, rúmgóð stofa og gott eldhús. Stærð 185,2 fm. Stór sólpallur og góð hellulögð verönd ásamt lóð í góðri rækt. Stutt er í helstu þjónustu, Eign sem vel er þess virði að skoða.
**Verð 36,9 millj.**

## Rað- og parhús Fellasmári - Kóp



Einstaklega vandað og snyrtilegt 147.2 fm raðhús á einni hæð með innbyggðum 24,1 fm bílskúr með glæsilegum garði og flottu útsýni innanlega í lítilli og sérlega fallegri botnlangagötu í Smárahverfi Kópavogs. Örstutt í alla verslun og þjónustu. Góð aðkoma, engar tröppur eða pallar. Glæsileg eign fyrir vandláta. **Verð 47 millj.**

## 3 herbergja Austurströnd - Seltjarnarnes



- Nýlegt parket
- Þvottahús á hæðinni
- Lyftuhúsnæði
- Bílskýli
- Verð 24,9m.

Upplýsingar gefur Hrafnhildur í síma 894-3800

## 3 herbergja Álfatún - Fossvogsdalur



Góð 3 herbergja íbúð á efstu hæð með fallegt útsýni. Mjög barnvæn staður, stutt í leikskóla, snælandsskóla, íþróttasvæði HK og útivistarsvæðið Fossvogsdalinn. Gólfefni eru parket og flísar, vandaðar innréttingar bæði í eldhúsi og á baðherbergi.
Íbúðin er laus við kaupsamning. Vel þess virði að skoða.
**Verð 23,8 millj.**

## 2 herbergja Gautland - Rvk



Björt og rúmgóð 60,4 fm 2ja herbergja íbúð á jarðhæð í litlu 3ja hæða fjölbýli sem er með klædda gafla og er á sérlega góðum stað í fossvoginum og með góðu útsýni.
**Verð 18,8 millj.**

## 2 herbergja Engjavellir - Hfj



Engjavellir, falleg 2ja herbergja íbúð með sér inngangi af svölum ásamt sér geymslu á 3 hæð (efstu ) í nýlegu fjölbýli. Eignin er 64,2 fm að stærð ásamt 6,7 fm sér geymslu samtals 70,9 fm og skiptist í forstofu, gang, svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús/geymsla, stofu, svalir, borðstofu og eldhús.
Falleg íbúð. **Verð 17,6 millj.**

## 2 herbergja Grettisgata - Rvk



Er þetta HÚSIÐ þitt. 2ja herbergja vel skipulagða íbúð á jarðhæð með sérinngangi og öllu sér og innan íbúðarinnar í steinsteyptu og nokkuð snyrtilegu sex íbúða hús á eignarlóð á frábærum og rólegum stað í miðbæ Reykjavíkur, stutt að labba í bæinn en samt þægilega langt frá. Stórt herbergi með stórum skáp. Björt íbúð, mikið af gluggum.
Verð 11,7 millj.

## Jörð Tjarnarhólsmýri



10,4 ha lóð undir hestabúgarð í heilsársbyggð sem rísa á skammt frá Svínavatni. Á lóðinni er 84 fm hesthús, sem þarfnast lagfæringa, og leyfi er til að byggja 250 fm einbýlishús ásamt 30 fm gestahúsi, eða samtals 280 fm. Vatn og rafmagn er komið að lóðarmörkum. Þetta er upplagt tækifæri fyrir hestaáhugamanninn að setjast að í sveitarsælunni.
**Verð 15,0 millj.**

Frum

# Sumarhús

## Gröf í Bláskógarbyggð



Höfum fengið í sölu Árbæ, sem er vandað og fallegt 53,7 fm sumarhús með 18 fm millilofti og gömlum 7,2 fm geymsluskúr og nýju ca 10 fm húsi, bústaðurinn er á 5,000 fm eignarlóð á fallegum stað í skógi vöxnum trjálund rétt við litla á og snýr eignin sérlega vel með tilliti til kvöldsólar. Nýlegur og flottur fimm manna heitur pottur á sérbyggðum palli og einnig er veiðiréttur í Grafará og kvíslum hennar sem liggja við lóðarmörkin. Stutt er í alla þjónustu á Laugarvatni. **Verð 15,8 millj.**

## Bláskógarbyggð



Mjög vandaður, vel byggður og fallegur um 28 fm sumarbústaður í landi Austureyjar í Bláskógarbyggð við Apavatn, merkt á skilti sem Austurey ásamt góðum ca 35 fm trésólpalli fyrir framan húsið. Tekur um 60 mín. að keyra frá Reykjavík en um 100 km eru á staðinn. Ekið er sem leið liggur austur fyrir Ingólfsfjall og þar upp til vinstri næstum því alveg að Laugarvatni og ekið þar til hægri, afleggjari sem er merktur Útey og Austurey og farið þann veg alveg á enda að Apavatni og sést húsið þegar komið er að vatninu. **Verð 7 millj.**

## Þúfa í Kjós



Fallegur sumarbústaður í landi Þúfu í Kjós, Um er að ræða fallegt um 49,2 fm sumarhús á steyptum súlum, húsið er á einni hæð með góðu svefnlofti ásamt óskráðri um 11 fm geymslu við húsið og annari óskráðri geymslu á grillverönd nokkuð frá bústaðnum.
*Verð 12,9 millj.*

## Klettakór
## 203 Kópavogur



- Glæsilegar íbúðir með sérinngangi og bílskýli
- Íbúðirnar skilast í júní tilbúnar án gólfefna
- Stærð íbúða um 177fm ýmist á 1-2 hæðum
- Verð frá 43-49 milljónum
- Byggingaraðili er ÁF-hús
- Hringið og pantið tíma til að skoða

## Litlikriki 4-6
## 270 Mosfellsbær



**Verð 39.900.000**
Glæsilegt 6 herb. parhús á tveimur hæðum 194,3 fm ásamt innbyggðum 30 fm bílskúr. Eignin er samtals 224,3 fm á góðum stað í Krikanum í Mosfellsbæ. Eignin skiptist í anddyri, eldhús, stofu, borðstofu, fjögur svefnherbergi, tvö baðherbergi, þvottahús, geymslu og bílskúr. Stórt hjónaherbergi með fataherbergi og sérbaðherbergi. Húsið afhendist tilbúið að utan og að innan verður húsið full einangrað, hitalagnir í gólfplötu og búið að setja upp innveggjagrind fyrir alla milliveggi. Lóð verður gróffjöfnuð. Útsýni yfir til Esjunnar. Teikningar eru á skrifstofu. Hægt verður að fá eignina fullbúna.

**OPIÐ: Mánudaga til föstudaga kl. 9:00 - 17:00 — www.husid.is**


Inga Má
Sölufulltrúa
821 4644


Sigurður
Framkvæmdastjóri
898 6106


Jónas Örn Hdl.
Lögg.fasteignasali

RE/MAX Mjódd

## GLÆSIÍBÚÐIR Á 2 OG 3 HÆÐ

# SÖLUSÝNING Í DAG

## MÁNUDAG KL. 17:00 - 19:00

### LAUGAVEGUR 86-94

Tökum við tilboðum á staðnum












*Íbúðir á annari hæð, allt 2ja herb.:*

- Íbúð nr. 202: SELD
- Íbúð nr. 203: 70,4 m² // ásett verð kr. 27.800.000
- Íbúð nr. 204: SELD
- Íbúð nr. 205: 70,4 m² // ásett verð kr. 27.800.000
- Íbúð nr. 206: 81,9 m² // ásett verð kr. 32.300.000
- Íbúð nr. 207: 94,5 m² // ásett verð kr. 37.300.000
- Íbúð nr. 208: 83,1 m² // ásett verð kr. 32.800.000
- Íbúð nr. 209: 74,8 m² // ásett verð kr. 29.500.000
- Íbúð nr. 210: 75,0 m² // ásett verð kr. 29.600.000
- Íbúð nr. 211: 75,0 m² // ásett verð kr. 29.600.000

*Íbúðir á þriðju hæð, allt 2ja herb., ein 3ja herb.:*

- Íbúð nr. 301 SELD
- Íbúð nr. 302 SELD
- Íbúð nr. 303 SELD
- Íbúð nr. 304 SELD
- Íbúð nr. 305 SELD
- Íbúð nr. 306: 81,9 fm // ásett verð kr. 34.800.000
- Íbúð nr. 307: 94,5 fm // ásett verð kr. 40.100.000
- íbúð nr. 308: 82,6 fm // ásett verð kr. 35.100.000
- Íbúð nr. 309: 88,9 fm // ásett verð kr. 37.8 M (3ja herb)
- Íbúð nr. 310: 75 fm // ásett verð kr. 31.900.000
- Íbúð nr. 311: 75 fm // ásett verð kr. 31.900.000

***Nánari lýsingu og upplýsingar er að fá hjá:***
*Inga Má sölufulltrúa GSM: 821 4644 // ingim@remax.is*
*Sigurði framkvæmdastjóra GSM: 898 6106 // sg@remax.is*

RE/MAX Mjódd

RE/MAX Mjódd • Þönglabakka 1 • 109 Reykjavík • Sími: 520 9550 • Fax: 520 9551

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

# UMBROT

Tökum að okkur að setja upp prentverk, stór sem smá.

Auglýsingar, bækur, blöð, dreifibréf, fréttabréf, nafnspjöld, tímarit og hvað eina sem þarf að prenta.

frum
Grensásvegi 12A • 108 Reykjavík
sími: 568 1000//gsm: 824 6610//frum@frum.is//www.frum.is

STÓRBORG
fasteignasala

Kirkjustétt 4 - 113 Reykjavík - Sími 534 8300

## STÓRBORG KYNNIR Í EINKASÖLU:

Frum





Glæsilega 77 fm 3ja herbergja íbúð á þriðju hæð á besta stað í miðbænum við Garðastræti. Íbúðin var öll nýstandsett árið 2003. Ólur í öllum innréttingum. Eikarparket og flísar eru á gólfum. Nýtt eldhús og baðherbergi. Sjón er sögu ríkari.

***Áhugasamir hafi samband við Gunnar Ólason, sölufulltrúa Stórborgar, í síma 694-9900 eða gunnar@storborg.is***

*Stefán Hrafn Stefánsson hdl. Löggiltur fasteignasali*



GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

## BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR

• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir



## Húseigendamál

**Sigurður Helgi Guðjónsson hrl., formaður Húseigendafélagsins, svarar spurningum.**

# Með kjafti og klóm í fjölbýli

**FJÖLEIGNARHÚSALÖGIN. HUNDASAMÞYKKTIR. SAMRÆMI**
Viðfangið eru hundar í fjölbýli. Um það eru reglur í fjöleignarhúsalögunum frá 1994 og einnig staðbundnar samþykktir sveitarfélaga. Húseigendafélagið barðist fyrir því að samþykktir sveitarfélaga um hundahald yrðu samræmdar fyrirmælum fjöleignarhúsalaga. Flest sveitarfélög hafa gert það enda annað ávísun á úlfúð, deilur og réttaróvissu. Mun sjónum beint að fyrirmælum fjöleignarhúsalaganna og hundasamþykktar Reykjavíkur frá 2002 um hundahald í fjölbýli.

**FRAMKVÆMD HUNDASAMÞYKKTAR REYKJAVÍKUR**
Hundasamþykktin í Reykjavík var lengi á skjön við fjöleignarhúsalögin en frá 2002 hefur verið samræmi þar á milli, a.m.k. í orði kveðnu en á framkvæmdinni hafa verið hnökrar. Hafa sumar afgreiðslur yfirvalda hundamála í Reykjavík vakið furðu og er framkvæmdin til muna strangari í garð hundaeigenda en lögin og samþykktin leyfa séu þau skýrð og túlkuð af lágmarks lagakunnáttu.

**HUNDALÓGIK. FURÐULEG TÚLKUN**
Var tilgangurinn 2002 að laga reglur samþykktarinnar að lögunum en einnig voru gerðar betrumbætur til skýringar og fyllingar. Því miður hefur framkvæmdin ekki verið í samræmi við það sem að var stefnt og réttarbætur hafa snúist upp í andhverfu sína vegna furðulegrar túlkunar og framkvæmdar. Virðist sem illskiljanleg hundalógik hafi verið höfð að leiðarljósi. Lóð hefur t.d. verið kölluð „sameignlegt rými“ og „sér inngangar“ verið taldir sameignlegir ef þeir eru á sömu hlið húss og vita að sömu stétt eða tröppum. Sá er þetta ritar kenndi á sínum tíma lögskýringar við lagadeild HÍ og hefði svona öfugsnúin lagatúlkun verið ávísun á lóðrétt fall á þeim bæ.

**FJÖLEIGNARHÚSALÖGIN. ASTMA- OG OFNÆMISSJÚKIR**
Samkvæmt lögunum um fjöleignarhús er hunda- og kattahald háð samþykki allra eigenda eða a.m.k. þeirra, sem hafa sameiginlegan inngang, stigagang eða annað sameiginlegt húsrými. Þessar takmarkanir á dýrahaldi komu inn í lögin samkvæmt tilmælum frá Samtökum gegn astma og ofnæmi. Verndarhagsmunirnir eru ofnæmissjúkt fólk og heilsa þess og líf en hins vegar er ekki verið að slá skjaldborg um þá, sem verða fyrir öðru ónæði af völdum slíkra dýra eða hafa ímugust á þeim.

**TILGANGUR LÖGGJAFANS**
Tilgangur löggjafans birtist svona: „Breytingin við A-lið 41. gr. felur í sér að til að mega halda hunda eða ketti í fjöleignarhúsum verði að fá samþykki þeirra eigenda sem hafa hvers kyns sameiginlegt húsrými. Tillagan byggist fyrst og fremst á að nokkuð er um að börn og fullorðnir hafi ofnæmi fyrir þessum dýrum. Getur slíkt ofnæmi haft það alvarleg áhrif að fólk geti jafnvel þurft að flytja úr eigin íbúðarhúsnæði gangi ekki að fá skilning sameigenda á þessu vandamáli. Er breytingunum ætlað að koma í veg fyrir slíkar aðstæður.“

**HAGSMUNAMAT. EIGNARRÁÐ OG HEILBRIGÐI**
Hér vegast á andstæð sjónarmið eða hagsmunir. Annars vegar þeirra sem vilja halda hunda og ketti og telja það mannréttindi og innifalið í venjulegum eignarráðum. Og hins vegar hagsmunir fólks, sem vill ekki óþægindi frá nágrönnum sínum umfram það, sem er óhjákvæmilegt. Það er ljóst að dýr, einkum kettir, geta valdið fólki margvíslegum óþægindum og jafnvel sjúkdómum. Þessir hagsmunir voru vegnir saman og þeir síðarnefndu urðu þyngri á metunum og samþykkti Alþingi þessar takmarkanir einum rómi.

**VIÐKVÆMNI OG GRENNDARREGLUR**
Eigandi á almennt ekki lögvarða kröfu á því að nágrannar taki við hagnýtingu eigna sinna tillit til veikleika hans eða viðkvæmni. Mörkin milli þess, sem leyfilegt er og óleyfilegt, þess sem umlíða verður og þess sem ekki má, eru ákvörðuð samkvæmt almennum mælikvarða. Ákvæði fjöleignarhúsalaganna vegna astma- og ofnæmissjúkra er á skjön við þessa meginreglu grenndarréttarins.

**TILFINNINGAR. OFNÆMI. ÁST Á DÝRUM. BLÓRABÖGGLAR**
Þegar einum hagsmunum er fórnað á altari annarra vilja reiði og sárindi búa um sig. Einkum þar sem tilfinningar eru ráðandi en fólk ber einatt miklar og heitar tilfinningar til dýra sinna. Meðan aðrir hafa ímugust á þeim sem sóðakvikindum og ónæðisvöldum. Oft er ósætti með eigendum um eitthvað alls óskylt en ófriðarbálið blossar um dýrin. Dýrin verða þá blórabögglar og bitbein vegna þess að þau liggja vel við höggi og vegna þess að tilvist þeirra og tilvera er oft ótrygg og einatt upp á náð og miskunn sameigenda. Er þá oft einskis svifist og ljótur leikur leikinn.

**SAMEIGINLEGUR INNGANGUR. SAMEIGINLEGT HÚSRÝMI. TÚLKUN**
Hunda- og kattahald í fjölbýli er að lögum háð samþykki allra eigenda eða a.m.k. þeirra, sem hafa sameiginlegan inngang, stigagang eða annað sameiginlegt húsrými. Við skýringu ákvæðisins verður í fyrsta lagi að gæta að því að það felur í sér takmarkanir á eignarráðum eigenda og því ber að túlka það þröngt. Verður að velja þann skýringarkost, sem hefur minnstar takmarkanir í för með sér. Leiki vafi á því hvort samþykki þurfi eða ekki, t.d. hvað teljist sameiginlegt rými, þá verður að telja líkur á því að dýrahald sé leyfilegt. Í öðru lagi verður að túlka ákvæði með hliðsjón af forsögu þess og þeim löggjafarsjónarmiðum og verndarhagsmunum, sem lágu til grundvallar við setningu þess. Og í þriðja lagi er með ákvæðinu gengið gegn meginreglum grenndarréttarins um viðkvæmni og styður það enn frekar að ákvæðið beri að túlka þröngt. Þessi túlkun og lögskýring er í samræmi við viðurkennd túlkunar- og lögskýringarsjónarmið eins og þau eru kennd 1. árs nemum í lögfræði.

**NÁNAR UM SAMEIGINLEGT HÚSRÝMI**
Ástæða þess að áskilið er samþykki þeirra sem hafa sameiginlegt húsrými er að dýrið fari þar um og því geti ofnæmisvaldar borist frá því til veikra íbúa. Sé viðkomandi húsrými þannig staðsett og þess eðlis að dýrið komi þar aldrei og eigi þar aldrei erindi, þá standa öll rök til þess að ekki þurfi samþykki meðeigenda. Má nefna ruslageymslur sem dæmi.

**SAMÞYKKI. AFTURKÖLLUN. ÞINGLÝSING**
Samþykki gildir fyrir ákveðinn hund meðan hann lifir. Það er óafturkallanlegt að óbreyttum aðstæðum en ef forsendur breytast verulega, t.d. ef óþægindi og ónæði eykst úr hófi eða ofnæmi kemur upp, þá geta sameigendur afturkallað samþykki sitt. Það er nauðsynlegt eða a.m.k. tryggast að þinglýsa samþykki fyrir hundahaldi enda segir í lögum að þinglýsa þurfi öllum ákvörðunum sem kalla á samþykki allra eigenda.

**HUNDASAMÞYKKT REYKJAVÍKUR**
Þegar sótt er um leyfi fyrir hundi í fjöleignarhúsi í Reykjavík þar sem inngangur er sameiginlegur skal fylgja skriflegt samþykki þeirra sameigenda, sem hlut eiga að máli. Og þegar íbúð hefur sérinngang, þótt um sé að ræða annars konar sameiginlegt húsrými eða sameiginlega lóð þá þarf ekki samþykki annarra eigenda. Túlkun á þessari skýru reglu í samræmi við fjöleignarhúsalögin virðist á barnafæri en samt hefur yfirvöldum hundamála tekist að rangtúlka hana og snúa út úr henni þannig að borgararnir vita ekki sitt rjúkandi ráð.

**SAMÞYKKTIN ER GÓÐ EN FRAMKVÆMDIN EKKI**
Samþykktin er í fínu samræmi við ákvæði fjöleignarhúsalaganna sé hún rétt túlkuð og skýrð. Það sem helst gæti orkað tvímælis er bannið við að hundur sé á sameiginlegri lóð. Þegar inngangur er sameiginlegur þarf samþykki þeirra sem hlut eiga að viðkomandi inngangi. Hins vegar þarf ekki samþykki sameigenda þótt um annað sameiginleg húsrými sé að ræða. Orð samþykktarinnar eru skýr og það er óþolandi ef yfirvöld hunsa þessi fyrirmæli með lögfræði fáránsleikans að leiðarljósi.

**VÁ FYRIR DYRUM**
Nú mun vera langt komin endurskoðun á hundasamþykkt Reykjavíkur. Ekkert samráð hefur verið haft við Húseigendafélagið þótt félagið hafi mikla reynslu bæði almennt í grenndarmálum og fjöleignarhúsamálum og málum vegna dýra í sambýli og nábýli. Eins lagði félagið mjög mikla vinnu og þekkingu fram við síðustu og næstsíðustu endurskoðun samþykktarinnar. Miðað við framkvæmdina og fyrri reynslu af tregðu yfirvalda til breytinga og bóta og viðleitni til að taka réttarbætur til baka þá er vá fyrir dyrum. Að vísu eru komnir til sögunnar nýir og dugandi pólitískir vendir sem binda verður vonir við.

**Lesendum Fréttablaðsins er velkomið að senda fyrirspurn á netfangið huseigandi@frettabladid.is**


**Eignamiðlun Suðurnesja**
*Sigurður V. Ragnarsson, löggiltur fasteignasali*
*Reynir Ólafsson, löggiltur fasteignasali*

**Víkurbraut 46**
**240 Grindavík**
**Sími 426 7711**
**Hafnargötu 20**
**230 Keflavík**
**Sími 421 1700**
**www.es.is**



**Arnarhraun 21, Grindavík**
Fallegt einbýlishús ásamt bílskúr klætt með múrsteini 165,8 ferm. 3 svefnherb. Bílskúr flísalagður. Hellulögð innkeyrsla. Sólpallur **Verð: 30.000.000,-**



**Selsvellir 7, Grindavík**
Glæsilegt einbýlishús ásamt bílskúr 181,7 fm. Ný gólfefni, endurnýjað þak og þakkantur. Hellulagt plan með hita. Stór sólpallur ásamt heitum potti. **Verð: 29.900.000,-**



**Austurhóp, Grindavík**
Einbýlishús m/bílskúr í byggingu 151,7 fm. sem skilast fokheld, tilbúin undir tréverk eða fullbúin. **Fokheld hús kr. 16.000.000,- Fullbúin hús kr. 28.800.000,-**



**Baðsvellir 9, Grindavík**
Fallegt einbýlishús 146 fm. ásamt 51,5 fm. bílskúr. Byggð var við húsið ný forstofa 1998. Nýlegt járn á þaki bílskúrs. Ræktuð og snyrtileg lóð. Sólpallur. Mjög góður staður.**Verð: 28.600.000,-**



**Hellubraut 8, Grindavík**
112,8 fm efri hæð ásamt 38,1 fm. auka húsnæði á lóð sem möguleiki væri að útbúa sem íbúð og leigja út. Búið að skipta um gler og yfirfara glugga. Hitalagnir nýlegar, rafmagn er nýyfirfarið og legaliðatafla. Nýlegt járn á þaki. **Verð: 17.500.000,-**



**Selsvellir 19, Grindavík**
Mikið endurnýjað einbýlishús 160 fm ásamt bílskúr. Þak og þakkantur endurnýjað. Nýir plastgluggar og K-einangrunargler í öllu húsinu og einnig í bílskúr. Nýjar hurðir á bílskúr. Varmaskiptir. **Verð: 25.900.000,-**



**Suðurhóp 11 og 13, Grindvík**
Timburparhús í byggingu, klætt með báruáli liggjandi og jatópaviður við útgönguhurðar. Bílaplan hellulagt, snjóbræðslukerfi. Lóð grófjöfnuð. Íbúðin er fullbúin ásamt tækjum, aukalega í eldhúsi er örbylgjuofn, tvöfaldur ísskápur og uppþvottavél. Í þvottahúsi fylgir þvottavél og þurrkari. **Verð: 32.400.000,-**



**Suðurvör 11, Grindavík**
Gott parhús með bílskúr 160,2 fm. á góðum stað. Lóð girt og ræktuð. Arinn í stofu. Ofnar og lagnir endurnýjað. Heitur pottur. Innkeyrsla lögð með Bonamite, snjóbræðslukerfi.**Verð: 23.900.000,-**



**Leynisbraut 11, Grindavík**
Vel viðhaldið einbýlishús 115,4 ferm. ásamt 38,8 ferm. bílskúr. Nýtt parket á stofu, eldhúsi, holi og gangi. Búið að endurnýja þak. Gryfja í bílskúr **Verð: 22.900.000,-**



**Vesturhóp 29, Grindavík**
Einbýlishús úr timbri, klætt báruáli ásamt bílskúr, 205 fm. í byggingu. Skilast fullbúið að innan með gólfefnum. Bílskúr flísalagður. Lóð tyrfð. **Verð: 33.900.000,-**



**Ásabraut 13, Grindavík**
235,7 fm. einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Á neðri hæð íbúð, kjörin til útleigu. Nýtt þak og þakkantur. Nýtt neysluvatn og forhitari.**Verð: 32.000.000,-**



**Vesturhóp 4, Grindavík**
Parhús í byggingu 171,2 ferm. ásamt bílskúr. Afhendist fullbúið með gólfefnum og innréttingum nema á baðherbergjum verður komið gólfefni. Hellulögð innkeyrsla einnig hellulagður sólpallur, gengið út úr stofu.Verð: 32.900.000,-



**Hólavellir 18, Grindavík**
Gott 74,3 fm. raðhús ásamt 28 fm. bílskúr. 2 svefnherb. eldhús, baðherb. og stofa. Góð lán áhvílandi. **Verð: 17.800.000,-**



**Staðarhraun 28A, Grindavík**
Gott 3ja herbergja raðhús 78,8 fm. 2 svefnherb. Sólpallur. Gott áhvílandi lán frá með 4,15% vöxtum.**Verð: 14.500.000,-**



**Suðurhóp 1, Grindavík**
Glæsilegt 20 íbúða hús í byggingu í Grindavík, fyrir 50 ára og eldri. Lyfta í húsinu. Bílageymslur fylgja hverri íbúð. Skilast með vönduðum innréttingum, flísar á anddyri, baðherb. og þvottah. Skápar í hjónaherb. og anddyri. **Verð frá kr. 21.900.000,-**



**Skipastígur 30, Grindavík**
Glæsilegt endaraðhús 103,8 ferm.ásamt 23,2 ferm. bílskúr. Sérlega glæsilega innréttað hús. Vandaðar innréttingar og allur frágangur fyrsta flokks. Húsið er hannað af innanhúsarkitekt.**Verð: 24.500.000,-**



**Hellubraut 10, Grindavík**
Nýleg 3ja herbergja íbúð í fjórbýli. Fallegar innréttingar úr kirsuberjaviði. Skápar í forstofu og herbergjum. Mjög falleg eign. Fallegt útsýni.**Verð: 17.900.000,-**



**Litluvellir 16, Grindavík**
Gott 2ja herb. raðhús. Nýlegt parket á gólfum nema baði en þar eru nýlegar flísar. Útgengt úr stofu á sólpall.**Verð: 12.500.000,-**

Frum

RE/MAX Lind

# ERTU AÐ LEITA ?

# ÞARFTU AÐ SELJA HRATT ?

KÍKTU Á **WWW.EIGNALEIT.IS**

www.kubbur.is

*Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign*



Þórarinn Jónsson
Lögg.
fasteignasali

Gunnar Valsson
Sölustjóri
822 3702
gv@remax.is









RE/MAX MJÓDD

## Blöndubakki 18

109 Reykjavík
Opið hús í dag kl. 18:00 til 18:30

**Verð: 17,4**
Stærð: 88,1
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1971
Brunabótamat: 12,6
Bílskúr: Nei



Jónas Örn Jónasson hdl.
lögg. fasteignasali
520 9550

GÓÐ 3JA HERBERGJA 88,1 FM. ÍBÚÐ Á 1. HÆÐ MEÐ AUKAHERBERGI Í KJALLARA. SUÐUR SVALIR. Mjög rúmgott hol með góðum fataskáp og geymslu. Björt stofa með útgengi út á suður svalir. Baðherbergið með innréttingu og tengi fyrir þvottavél. veggir flísalagðir að hluta til og flísar á gólfi. Íbúðarherbergi í kjallara gott til útleigu. Húsið er í góðu ástandi og vel viðhaldið, var viðgert og málað síðasta sumar. Mjög stutt í skóla, leikskóla og í Mjóddina. Barnvænt umhverfi.



Þorkell
Sölufulltrúi
898 4596
thorkell@remax.is







RE/MAX MJÓDD

## Hólmgarður 27

108 Reykjavík
Pantaðu tíma fyrir skoðun

**Verð: 17,7**
Stærð: 62,4
Fjöldi herbergja: 2
Byggingarár: 1951
Brunabótamat: 8,6
Bílskúr: Nei



Jónas Örn Jónasson hdl.
lögg. fasteignasali
520 9550

GÓÐ 2JA HERBERGJA 62,4 FM. ÍBÚÐ MEÐ SÉRINNGANGI Á NEÐRI HÆÐ Í TVEGGJA HÆÐA FJÓRBÝLISHÚSI. Í GÓÐU HVERFI. Forstofa með flísum á gólfi. Lítil geymsla innaf forstofu. Björt og rúmgóð stofa með plast parketi á gólfi. Stórt hol með fataskáp og flísum á gólfi. Baðherbergið með sturtuklefa og flísalagt. Eldhús með harðviðar innréttingu og flísum á gólfi. Svefnherbergi með ágætu skápaplássi og plast parketi á gólfi. Sameiginlegt þvottahús með efri hæð. Góð eign á góðum stað.



Þorkell
Sölufulltrúi
898 4596
thorkell@remax.is



fasteignasalan GARÐUR
S. 562 1200 862 3311
Skipholti 5

Kári Fanndal Guðbrandsson,
Sigrún Sigurpálsdóttir,
lögg. fasteignasali.

**TRAUST ÞJÓNUSTA Í ÁRATUGI**

### ÖNDVERÐARNES - OPIÐ HÚS!



Til sölu góður sumarbústaður á mjög góðum stað í Öndverðarneslandi, Grímsnesi. Húsið er timburhús, byggt 1994, 44,4 fm ásamt ca 20 fm svefnlofti. stofa, eldhús, baðherbergi, 2 svefnherbergi, forstofa og svefnloft. **Góð verönd með heitum potti. Endalóð, fallegt útsýni.** Heilsárshús með hitaveitu. **Mjög góð aðstaða á svæðinu, m.a. golfvöllur og sundlaug. Verð: 16,0 millj.**

**Verður sýndur n.k. fimmtudag og föstudag kl. 14-16, hafið samband við Önnu eða Jón í símum 664 8247 og 891 7102**

### LANGAMÝRI - LAUST FLJÓTLEGA



Glæsilegt raðhús á þessum góða stað í Garðabæ. Húsið er samtals 303,9 fm Innbyggður bílskúr. Á aðalhæðinni er stofa, borðstofa, eldhús, búr, snyrting og hol. Á efstu hæð eru 4 svefnherbergi, stórt baðherbergi, þvottaherbergi og rúmgott sjónvarpshol. Á jarðhæð eru tvö samliggjandi herbergi með sér sturtubaði, forstofa, hol, bílskúr og geymsla. **Mjög gott hús. Fallegur garður. Þrennar svalir og verönd.**

### STÓRHOLT, 3JA HERB. MEÐ BÍLSKÚR



Vorum að fá í einkasölu mikið endurnýjaða, mjög fallega 3ja herb. íbúð á miðhæð í þessu fallega húsi. Íbúðin er stofa, 2 svefnherbergi, eldhús, baðherb. og gangur (getur verið saml. stofa og 1 svefnh.). **Nýl. innrétting í eldhúsi ásamt tækjum. Nýl. á baðherbergi, nýl. fallegt eikarparket. Húsið er nýsteinað utan.** 24 fm bílskúr fylgir. **Mjög góð eign á rólegum, eftirsóttum stað. Verð: 24,5 millj.**

### HÆÐARGARÐUR - 60 ÁRA OG ELDRI



Mjög góð 3ja herbergja 85,3 fm íbúð í þessu eftirsótta húsi. Íbúðin er í dag góð stofa, opið eldhús, gott svefnherbergi, annað herbergi sem hefur verið bætt við stofuna, baðherbergi og hol. **Stæði í bílageymsluhúsi.** Lyfta. Mjög góð eign, frábær staðsetning.

### BOÐAHLEIN - FYRIR 60 ÁRA OG ELDRI



Mjög huggulegt og einstaklega þægilegt lítið raðhús. Úr stofu er gengið út í lítinn garð sem tengist opnu, óhreyfðu, náttúrulegu svæði. Hellulögð, sérlega skjólgóð verönd. Húsið stendur í næsta nágrenni við Hrafnistu í Hafnarfirði og er tengt öryggishnöppum við stofnunina og nýtur ýmissar þjónustu þaðan. **Hús fyrir þá er velja öryggi og friðsæld. Laust. Verð: 21,9 millj.**

### GARÐHÚS GULLFALLEG EFRI SÉRHÆÐ



Vorum að fá í einkasölu 4ra herbergja sérhæð í tvíbýlishúsi ásamt innbyggðum bílskúr. Íbúðin er 104,9 fm og bílskúrinn 23,5 fm, samt. 128,4 fm Skipulag: stofa með arni og mjög stórum svölum, þrjú svefnherbergi, eldhús (gengið úr því út á rúmgóðar svalir (grillsvalir), baðherbergi, hol og forstofa. **Björt, falleg og vönduð íbúð. Verð: 35,0 millj.**

### ARNARHRAUN - HAFNARFIRÐI



Mjjög góð 3ja herb. 110,2 fm neðri sérhæð í tvíbýlishúsi. Íbúðin er stofa, tvö svefnherbergi (í dag notuð sem þrjú herbergi), hol, eldhús, baðherbergi og forstofa. Eldhús er mjög rúmgott með ALNO innréttingu. Mjög stór sólpallur, heitur pottur. Sérlega aðgengileg og vel staðsett íbúð. **Laus fljótlega. Verð: 25,9 millj.**

### SELFOSS - HRAFNHÓLAR

Höfum í einkasölu parhús á einni hæð, 154,6 fm, þ.e. íbúðin 120 fm og innb. bílskúr 34,6 fm, Húsið er fullgert utan og rúml. tilbúið til innréttingar inni. **Mjög góð teikning, gott skipulag. Húsið er á mjög góðum stað, stutt í skóla og þjónustu. Barnvænt hverfi! Verð: 25.0 millj. Áhvílandi lán frá Íbúðalánasj., ca 12,4 millj., 4,15% vextir.**

Frum

RE/MAX FASTEIGNIR

TRAUST • VIRÐING • ÞJÓNUSTA



Stefán Páll Jónsson
Löggiltur fasteignasali

Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign

RE/MAX FASTEIGNIR •Engjateig 9 • 105 Reykjavík •Sími: 578 8800

>>KÆRI HÚSEIGANDI

Vantar eftirtaldar eignir fyrir ákveðna kaupendur

- **3-4 herbergja** íbúð eða hæð í kringum Álfheima, vogana eða sundin.
- **Raðhús** eða einbýli í hverfi 104 eða 105.
- **3-4 herbergja** íbúð í Grafarvogi eða Grafarholti.
- **2-3 herbergja** íbúð í hverfi 101 eða 107.
- **3-4 herbergja** íbúð í Seláshverfi.
- **2-3 herbergja** íbúð á jarðhæð í neðra Breiðholti.
- **200-300 fermetra** verslunarými fyrir gjafavöruverslun.

sími: 697 4881
e-mail: runarp@remax.is



697 4881

Rúnar Peters
Sölufulltrúi
697 4881







## 108 Reykjavík: Glæsilegt einbýlishús í Fossvogi

**Markarvegur 5: Garður í sérflokki með arkitektahannaði lóð.**



**Lýsing:** Húsið er á tveimur hæðum og bílskúr stendur sér. Lóðin er arkitektahönnuð og garðurinn er í sérflokki með lágvöxnum gróðri, lýsingu, grjóti og timburpöllum. Gert er ráð fyrir heitum potti á verönd. Húsið skiptist þannig að á neðri hæð er forstofa, gestasnyrting, hol, eldhús, borðstofa og stofa. Inni af holi er þvottahús og geymsla með sérútgangi á lóð. Náttúruflísar eru á gólfum og falleg innrétting í eldhúsi. Arinn er í stofu og útgangur úr borðstofu og stofu út í garð. Á efri hæð eru hol og þrjú rúmgóð svefnherbergi ásamt baðherbergi. Loft eru viðarklædd og parkett á gólfum. Geymsluris er yfir efri hæð. Húsið er bjart og aðlaðandi og lóðin í sérflokki.

**Verð:** 75 milljónir **Fermetrar:** 212 **Fasteignasala:** Höfði



pgv

GLUGGI TIL FRAMTÍÐAR ...

- ENGIN MÁLNINGAVINNA
- HVORKI FÚI NÉ RYÐ
- FRÁBÆR HITA OG HLJÓÐEINANGRUN
- FALLEGT ÚTLIT
- MARGIR OPNUNARMÖGULEIKAR
- ÖRUGG VIND- OG VATNSÞÉTTING

PGV ehf. sérhæfir sig í smíði glugga, hurða, sólstofa og svalalokanna úr PVC-u

Öllum framleiðsluvörum PGV fylgir 10 ára ábyrgð

Gluggarnir eru viðhaldsfríir og á sambærilegum verðum og gluggar sem stöðugt þarfnast viðhalds

PGV ehf. ı Bæjarhrauni 6 ı 220 Hafnafjörður ı Sími: 564 6080 ı Fax: 564 6081 ı www.pgv.is



RE/MAX Lind

100% ÞJÓNUSTA

Frítt og skuldbindingalaust verðmat

Hringdu núna 864 0803



Þórarinn Jónsson Hdl. Löggiltur fasteigna-, fyrirtækja og skipasali.



Berglind Guðmundsdóttir Sölufulltrúi 864 0803 berglindg@remax.is



UMBROT

frum

Grensásvegi 12A
sími: 568 1000
frum@frum.is - www.frum.is



Stakfell

Fasteignasala Suðurlandsbraut 6

568-7633

Þórhildur Sandholt
lögfr. og lögg. fast.sali
Gsm 899 9545

Gísli Sigurbjörnsson
sölumaður

FAX 568 3231


## ÞORLÁKSGEISLI M/ BÍLGEYMSLU



Björt og falleg 4ra herb. 105,3 fm íbúð á 2. hæð ásamt 6,7 fm geymslu og **sérstæði í bílageymslu**. **Sérinngangur** í íbúðina. Skiptist í stofu með útgangi á svalir, 3 svefnherb. eldhús með eikarinnréttingu, flísalagt baðherb. með baðkari og sturtuklefa, Sérþvottaherb. í íbúð. Vandað parket og flísar á gólfum. **Góð áhvílandi lán. Verð 27.9 millj.**

## AFLAGRANDI



**Fyrir 63 ára og eldri í Samtökum aldraðra** er til sölu falleg 2ja herb. íbúð með frábæru útsýni. Skiptist í svefnherb., stofu/borðstofu, eldhús, baðherb. og geymslu auk sérgeymslu í kjallara og hlutdeild í sameiginlegri bílageymslu. Ýmis konar þjónusta á vegum Félagsmiðstöðvar borgarinnar er í húsinu. **Laus við samning.**

Frum

## SÓLEYJARIMI



Falleg 4ra herbergja íbúð á 4. hæð í **nýlegu lyftuhúsi með sérinngangi** af svölum og stæði í bílageymslu. Skiptist í stóra, bjarta forstofu með fataskáp, 3 herbergi með fataskápum, fallegt eldhús og rúmgóða stofu með útgangi á svalir. Flísalagt baðherb. með sturtuklefa, baðkari. og innréttingu. Þvottaherbergi í íbúðinni. Góð sérgeymsla í kjallara og sérstæði í sameiginlegri bílageymslu. Fallegt útsýni er úr íbúðinni. Stutt í alla þjónustu. **Góð áhvílandi lán. Verð 29.9 millj.**

## VALLARBARÐ - HF.



Til sölu 2-3ja herb. **endaíbúð í litlu fjölbýli.** Skiptist í borðstofu, stofu, svefnherb. eldhús og bað. Sameiginlegt þvottahús á hæðinni, Sérgeymsla á jarðhæð. Laus við samning. **Verð 16. millj.**

## EIGNIR ÓSKAST

**Leitum fyrir ákveðna aðila meðal annars að:**

- ✔ **Einbýlishúsi** með 5 rúmgóðum svefnherbergjum í **Seljahverfi eða Mosfellsbæ**
- ✔ Vandaðri **sérhæð** ca 150 fm auk bílskúrs í **nágrenni Landakotsspítala.**
- ✔ **Ca. 120 fm í lyftuhúsi** með bílskýli og útsýni.
- ✔ **5-6 herb.** íbúð við **Barðastaði**
- ✔ **2ja herb.** íbúð í **lyftuhúsi í Þverbrekku** í Kópavogi


RE/MAX LIND

Sími 897 4583 – www.remax.is – thorir@remax.is

Frum

Ertu í fasteignahugleiðingum?

Við verðmetum eignina þína þér að kostnaðarlausu og án skuldbindinga!

Hafðu samband í síma 897 4583



ÞÓRARINN JÓNSSON
Hdl. Löggiltur fasteigna- og skipasali



ÞÓRIR KR. ÞÓRISSON
Sölufulltrúi
S: 897 4583



Gæða hús handa þér



Bjálkahús ehf

Hefur skapað sér orð fyrir vönduð hús.

Hús okkar eru byggð til að endast.

Á fjórðahundarð hús hafa verið byggð.

einingahús-bjálkahús-sumarhús

www.husogheimili.is

Komdu við á skrifstofu okkar til að fá nánari upplýsingar
HÚSogheimili - BJÁLKAHÚS EHF / Krókháls 5A, 110 R, s: 511-1818


hansgrohe
ALLEGRA CARLTON
ALLEGRA VARIARC
ALLEGRA VARIARC m. brúsu
ALLEGRA STARCK
ALLEGRA UNO
AXOR CITTERIO
ALLEGRA TALIS S
ALLEGRA ELEGANCE
ALLEGRA STEEL
ALLEGRA STEEL m. brúsu
AXOR CITTERIO semi pro
blöndunartæki og vaskar fyrir eldhús
FRANKE
STÁLVASKAR
ÍSLEIFUR JÓNSSON
Dragháls 14-16 - 110 Reykjavík
Sími 4 12 12 00 - www.isleifur.is

## VISSIR ÞÚ ...

... að Írinn Sir Michael Gambon hefur oftast unnið BAFTA-verðlaunin fyrir bestu frammistöðu leikara, eða fjórum sinnum. Þau voru fyrir þættina The Singing Detective (1987), Wives and Daughters (2000), Longitude (2001) og Perfect Strangers (2002).

... að þeir Robbie Coltrane frá Bretlandi eru þeir einu sem hafa fengið BAFTA-verðlaunin í flokki leikara þrjú ár í röð. Coltrane fékk þau fyrir að leika réttargeðlækninn Gerry „Fitz" Fitzgerald í þáttunum Cracker sem sýndir voru á árunum 1994-96.

... að Petronas-turnarnir í Kúala Lúmpúr eru hæstu tvíburaturnarnir í heimi, hvor um sig 88 hæðir, eða 451,9 m. Þeir voru fyrst opnaðir í mars 1996.

... að enginn hefur sparkað hærra svo vitað sé en Bandaríkjamaðurinn Jesse Frankson. Hann sparkaði í púða í 2,94 m hæð 21. desember 2000. Við það stakkst títuprjónn út úr púðanum og sprengdi blöðru sem hékk þar hjá.

... að bandaríska gallabuxnamódelið Anna Nicole Smith kynntist olíubaróninum J. Howard Marshall á nektarstað í Texas. Hún var aðeins 27 ára, hann 89 ára og bundinn við hjólastól. Þegar þau giftu sig stuttu síðar var það mesti aldursmunur brúðhjóna. Hann dó innan árs frá brúðkaupinu.

... að hin þýska Claudia Wavra setti met þegar hún horfði á 40 kvikmyndir í fullri lengd í einni lotu í Kinopolis-bíóinu í Sulzbach im Taunus í Þýskalandi dagana 28. ágúst til 1. september 2005. Metið, sem tók 114 klukkustundir og 6 mínútur að setja, var skipulagt af Kinopolis Main-Taunus í Þýskalandi.

... brauðbeygla sem var til sýnis á ríkissýningunni í Geddes, New York-ríki, í Bandaríkjunum 27. ágúst 2004, er sú stærsta í heimi en hún vó 393,7 kg. Bakarar hjá Brueggers Bagels bökuðu hana.

... að söluhæsta lagið í Bretlandi er „(Is This The Way To) Amarillo" í flutningi Bretanna Tony Christie og Peter Kay, sem kom út 14. mars 2005 en það hefur selst í 57.804 eintökum á netinu.

... að Sigurboginn í París er 50 m hár og 45 m breiður. Korsíkubúinn Napóleon Bónaparte fyrirskipaði smíði hans 1806 og var henni lokið 1836.

... að hinu örsmáa en þekkta málverki Rembrandts, Jacob III de Cheyn (1632) hefur verið stolið úr söfnum og það jafn oft endurheimt hvorki meira né minna en fjórum sinnum. Það er oftar en nokkru öðru málverki hefur verið stolið. Myndinni hefur alltaf verið skilað aftur en þar sem það hefur verið gert í skjóli nafnleyndrar hefur enginn verið ákærður fyrir þjófnað á henni. Frægð málverksins er slík að þjófar eiga nánast enga möguleika að koma því í verð.

... að enginn fiskur sem mældur hefur verið með vísindalegri nákvæmni hefur reynst stærri en hvalháfur (Rhincodon typus), sem veiddist úti af Bab-eyju, nærri Karachi í Pakistan, 11. nóvember 1949. Hann reyndist 12,65 m langur og þar sem fiskurinn var sverastur var ummál hans 7 m. Þyngd hans var talin vera 15-21 tonn.

... að Salar de Uyuni í Bólivíu er risastór saltslétta sem þekur 12.000 ferkílómetra svæði. Sléttan er í 3.650 m hæð yfir sjávarmáli og er talið að á henni séu tíu milljarðar tonna af salti. Hún er því stærsta saltslétta í heimi.

... að Kínverjinn Xi Shun er hæsti maður veraldar, 236,1 cm stór.

# BÓKIN Á NÁTTBORÐINU

## *Sláandi saga en samt góð*

„Ég er nýbúin með eina eftir norska rithöfundinn Herbjörgu Wassmo sem er svolítið svakaleg. Hún heitir á frummálinu Ett glass melk takk og ég held að það sé ekki búið að þýða hana enda kom hún bara út á síðasta ári," segir Alma Lísa Jóhannsdóttir á Selfossi. „Þetta er sláandi saga en mér finnst hún samt mjög góð. Hún fjallar um mansal, er reyndar skáldsaga en byggir á sögu stúlku sem er rænt í Litháen og flutt til Noregs gegnum Svíþjóð.

Svo er ýmislegt fleira á náttborðinu mínu eins og Lífsreglurnar fjórar, Andrés önd og fleira skemmtilegt."



ALMA LÍSA JÓHANNSDÓTTIR, FRAMBJÓÐANDI VG Í SUÐURKJÖRDÆMI, ER MEÐ BÆÐI ÞUNGT OG LÉTT LESEFNI Í TAKINU.





vísir

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR

www.visir.is

SVEITAHÓTELIÐ Í SVEINBJARNARGERÐI
COUNTRYHOTEL
SVALBARÐSSTRÖND AKUREYRI • TEL. 462 4500

VISSIR ÞÚ?

AÐ SVEITAHÓTELIÐ Í SVEINBJARNARGERÐI ER AÐEINS

- 10 MÍN. FRÁ AKUREYRI
- 20 MÍN. FRÁ LENGSTU SKÍÐABREKKU LANDSINS Í KALDBAK
- 45 MÍN. FRÁ BAÐFÉLAGINU Í MÝVATNSSVEIT
- 15 MÍN. FRÁ HLÍÐARFJALLI

SKOÐAÐU TILBOÐIN Á WWW.COUNTRYHOTEL.IS

GEIMSTOFAN

Páskatilboð á sumardekkjum

Sólning og Barðinn bjóða nú sumardekk undan nýjum bílum á sérstaklega góðum kjörum.* Tilboðið gildir til og með 4. apríl.

Vertu klár fyrir sumarið!

Verðdæmi:
Ný sumardekk 14"
á allan bílinn
16.000 kr.
(án umfelgunar).

Eftirfarandi stærðir standa til boða:*

| | |
|---|---|
| 155/65R14 | 4,000,- |
| 175/65R14 | 4,000,- |
| 185/60R15 | 4,000,- |
| 255/70R15 | 8,500,- |
| 205/55R16 | 7,500,- |
| 205/60R16 | 7,500,- |
| 215/65R16 | 8,500,- |
| 215/55R17 | 7,500,- |
| 225/65R17 | 8,000,- |
| 265/65R17 | 10,000,- |
| 225/60R18 | 12,000,- |
| 235/55R18 | 15,000,- |

*Verð miðast við 1 dekk.

*Um er að ræða dekk undan nýjum bílum og eru dekkin keyrð u.þ.b. tíu til fimmtán km.

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

BARÐINN
Skútuvogi 2, sími 568 3080

SÓLNING
Kópavogur, Smiðjuvegi 68-70, sími 544 5000 | Njarðvík | Selfoss

# Íslenska leiðin í öryggismálum

UMRÆÐAN
Öryggis- og varnarmál

Hugmynd Björns Bjarnasonar um að koma á fót íslenskum her er allrar athygli verð. Það er rétt hjá honum að ný staða er komin upp í öryggismálum þjóðarinnar eftir brottför hersins. Það er líka rétt hjá honum að öryggisógnir eru ekki þær sömu og voru á tíma kalda stríðsins. Mesta hættan nú stafar ekki af kjarnorkuveldum heldur ribbaldahópum með klúta á hausnum og alltof mikið skegg.

Við þessar aðstæður er rétt að ræða af fullri alvöru hvort ekki væri æskilegt að koma hér upp lágmarksviðbúnaði til að geta varið landið fyrir strandhöggi glæpahópa. Frekari viðbúnaður en gegn slíkum ógnum væri þó tilgangslaus. Augljóst er að við gætum ekki varist innrás frá nokkru fullburðugu ríki jafnvel þó miklu væri til kostað.

Útfærsla Björns á hvernig heppilegast væri að mæta þessum ógnum er gölluð. Vopnaðar sveitir undir yfirstjórn innanríkisráðherra eru ekki síður ógn við öryggi landsmanna en hver annar útlendur ræningjaflokkur. Það vill því miður oft fara svo að óvinsælir valdhafar sem skeyta ekki um að axla ábyrgð á pólitískum axarsköftum enda á því að beita hernum gegn þegnunum. Þessu varð undirritaður vitni að úti í Ungverjalandi seint á síðasta ári. Þar hafði forsætisráðherrann logið svívirðilega um opinber málefni. Sá lét vopnaðar sveitir lúskra niður þjóð sína í götubardögum á strætum Búdapest á sjálfu 50 ára afmæli 1956 uppreisnarinnar.


HAUKUR LOGI KARLSSON

Íslenski herinn mætti undir engum kringumstæðum vera á valdi stjórnarmeirihluta hvers tíma svo honum yrði ekki beitt í pólitískum flokkadráttum. Binda þyrfti í stjórnarskrá reglur um beitingu hans. Honum mætti aldrei beita gegn íslenskum ríkisborgurum og honum mætti aldrei beita nema til varnar Íslandi og íslenskum hagsmunum. Æðsti yfirmaður hersins gæti verið forsetinn sem þyrfti að fá undirritun á rökstuddri beiðni til að geta beitt honum frá meirihluta dómenda Hæstaréttar. Hlutverk dómsins væri að meta stjórnskipulega þörf beitingar.

Viðbúnaður hersins þyrfti ekki að vera mikill. Léttvopnaður fámennur atvinnumannaher sem síðan hefði liðsauka í varaliði sem kæmi til æfinga eina viku á ári. Gæti samanstaðið af sjálfboðaliðum björgunarsveitanna, skotveiðimönnum eða öðrum sem hefðu áhuga á að eyða hluta af sumarfríinu úti í íslenskri náttúru.

Til að tryggja öryggi þjóðarinnar enn frekar yrði síðan vitanlega að láta af órökstuddri, óþarfa, ögrandi framkomu gagnvart öðrum þjóðum og taka upp sjálfstæða friðsama utanríkisstefnu. Uppsögn varnarsamningsins og úrsögn úr NATO væru trúverðug fyrstu skref í slíkri stefnubreytingu.

Það er óskynsamlegt að vera óvarin fyrir fyrirbyggjanlegum áföllum. Fámennt íslenskt varnarlið gæti forðað slíkum óþarfa slysum. Hinsvegar er fífldirfska hjá litilli og fámennri þjóð að stunda árásargjarna utanríkisstefnu og styðja þannig að hnefarétti þjóðanna. Íslendingar eiga að boða rökræðuhefð sjálfstæðisbaráttunnar á alþjóðavettvangi. Það gæti orðið merkilegt framlag til friðsamari sambúðar ólíkra þjóða sem væri besta leiðin til að tryggja öryggi og sjálfstæði Íslands til framtíðar.

*Höfundur er laganemi og járnabindingamaður.*

BRÉF TIL BLAÐSINS

## Slæm auglýsing

**Hlín Daníelsdóttir skrifar um fermingarauglýsingar:**

Í upphafi máls er rétt að gera svolitla grein fyrir sjálfri mér. Ég er kona komin á sjötugsaldur, ólst upp yngst í stórum föðurlausum barnahópi, í sjávarplássi. Átti yndislega æsku og uppvaxtarár þrátt fyrir að ekki væri mikið til af peningum. Ég er jafnaðarmaður í merg og bein og þoli ekki að fólki sé mismunað og allra síst börnum. Ég hef komist vel af í lífinu, hef hlotið góða menntun, er barnakennari á eftirlaunum, gift kona, móðir og amma. Og hvað rekur mig að tölvunni til að skrifa grein í blað? Jú, ég fór í Hagkaup í gær að kaupa mér sjampó. Í snyrtivörudeildinni voru nokkrar ungar stelpur og ræddu um brúnkukrem, brúnkuklúta og ýmsan óþarfa og ein þeirra sagðist meira að segja mega fara í brúnkumeðferð fyrir ferminguna. En þar kom að ein þeirra sagði klökkum rómi: „Ég fæ ekkert svona. Ó hvað það er erfitt að láta ferma sig þegar engir peningar eru til heima.“ Og svo fór hún. Þá var það sem auglýsingunni skaut upp í huga mér eina ferðina enn. Hafið þið séð auglýsinguna, þar sem fermingarbarnið tilvonandi kemur í kirkjuna til að prófa tóninn í orgelinu, hljómburðinn í kirkjunni og panta þrjá bekki fremst fyrir sig og sitt fólk? Þessi auglýsing ber vott um græðgi, mannfyrirlitningu og hroka. Svona auglýsingu eiga börn ekki skilið. Þessi auglýsing er um börn sem eiga foreldra sem tala aldrei um þau með nafni, en segja: „Sonur minn, dóttir mín á... er... kann... getur... vill...“ Þetta er auglýsing um börn með ég – um mig – frá mér – til mín-heilkennið eins og ég kalla það. Það heilkenni er ekki meðfætt, það er uppeldislegt og það eiga engin börn skilið. Ég get ekki hætt í viðskiptum við fyrirtæki sem ég versla ekki við og einhver mundi kannske segja mér að hætta bara að horfa á þessa auglýsingu til þess að halda geðheilsunni. Það get ég ekki, ég er nefnilega fréttafíkill og horfi á allar fréttir og ég þyrfti að leggja frá mér prjónana til að slökkva á sjónvarpinu í hvert sinn auglýsingin er sýnd. Hlífið mér og börnunum við þessum ósköpum. Gangið á Guðs vegum.

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem er sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn áveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

Rými til sölu...

Mikið úrval af ferðaboxum




39,900
Pacific 100
370 lítrar


69,900
Atlantis 900
650 lítrar


39,900
Pacific 500
330 lítrar


97,800
Spirit 820
480 lítrar


Ath. fleiri stærðir fáanlegar.
www.stilling.is/box // stilling@stilling.is

Stilling

**SIGURÐUR H. RICHTER ER 64 ÁRA Í DAG**

*„Mér fannst 30 ár í sjónvarpi vera orðinn dágóður tími og þetta bara orðið nokkuð gott.“ Dýrafræðingurinn tjáir sig um endalok sjónvarpsþáttarins Nýjasta tækni og vísindi árið 2004.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 2. APRÍL 1978

## *Dallas fer í loftið*

Á þessum degi árið 1978 hóf sjónvarpsþáttaröðin Dallas göngu sína á CBS-sjónvarpsstöðinni í Bandaríkjunum. Dallas var ætlað það erfiða hlutverk að taka við af þáttunum um Kojak en ekki leið á löngu þar til Dallas varð mun vinsælli þáttur. Þættirnir voru sýndir um heim allan og eru enn þann dag í dag álitnir vinsælasta sjónvarpsþáttaröð sögunnar. Dallas var enda sýndur allt þar til í maí árið 1991.

Frægð og vinsældir Dallas-þáttanna byggðust að mestu upp á aðalpersónunni J.R. Ewing sem leikinn var af Larry Hagman. Í fyrstu stóð reyndar til að J.R. yrði bara aukapersóna í þáttunum – aðalmaðurinn átti að verða bróðir hans Bobby og Pamela kona hans. J.R. sló hins vegar í gegn meðal áhorfenda og hann varð fljótt aðalmaðurinn.



Íslendingar fóru ekki varhluta af Dallas-æðinu og nutu þættirnir mikilla vinsælda í Ríkissjónvarpinu. Ekki skemmdi heldur fyrir að myndbandstæki urðu almenningseign hér á landi þegar Dallas voru sem vinsælastir og því var hægt að nálgast þættina á myndbandaleigum til að vera með á nótunum á kaffistofum landsins.

## MERKISATBURÐIR

**1725** Eldgos hefst í nágrenni við Heklu og segir í annálum að skelfilegir jarðskjálftar hafi fylgt gosinu.

**1902** Fyrsta bandaríska kvikmyndahúsið er opnað í sirkustjaldi í borginni Los Angeles.

**1928** Jóhanna Magnúsdóttir fær lyfsöluleyfi og er fyrsta konan til að fá slíkt leyfi. Hún rak Lyfjabúðina Iðunni í 33 ár í Reykjavík.

**1978** Fyrsti þáttur sápuóperunnar Dallas er sýndur á sjónvarpsstöðinni CBS og standa sýningar yfir í þrettán ár.

**1982** Argentínumenn gera innrás í Falklandseyjar.



**Á LEIÐ Í ÚRSLITIN** Hara-systur úr Hveragerði og Jógvan frá Færeyjum etja kappi í lokaþætti X-Factor um næstu helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURJÓN RAGNAR

# Hara og Jógvan í úrslit X-Factor

Það verða Hara-systur úr Hveragerði og Jógvan frá Færeyjum sem mætast í úrslitaþætti X-Factor á Stöð 2 um næstu helgi. Þetta varð ljóst eftir undanúrslitaþáttinn á föstudagskvöld þar sem Guðbjörg var kosin út úr þættinum.

Það var rafmögnuð spenna í Vetrargarðinum í Smáralind síðasta föstudagskvöld. Þrjú atriði voru eftir í X-Factor: Jógvan úr hópi eldri keppenda Einars; Guðbjörg úr hópi yngri keppenda Ellýar, og Hara, sönghópur undir stjórn Palla. Öll tóku þau tvö lög. Að endingu varð ljóst að tími Guðbjargar í þættinum var á enda. Guðbjörg er aðeins 16 ára gömul og á eflaust framtíðina fyrir sér í tónlistinni þó svo hún hafi ekki komist lengra að þessu sinni.

Það stefnir allt í æsispennandi úrslitaþátt X-Factor næstkomandi föstudagskvöld. Íslenska þjóðin fær þá tækifæri til að velja á milli systranna frá Hveragerði, Hara, og færeyska folans Jógvans.



**FRÁBÆR SÖNGKONA** Hin 16 ára Guðbjörg var send heim úr X-Factor á föstudag þrátt fyrir frábæra frammistöðu.



**GEIR ÞORSTEINSSON** Geir, sem var kjörinn formaður KSÍ fyrr á árinu, tók við embættinu af Eggerti Magnússyni.

KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS: SEXTÍU ÁRA AFMÆLI

# Sprækt og við góða heilsu

Knattspyrnusamband Íslands er sextíu ára á þessu ári. „Ég held að hreyfingin sé mjög spræk þótt hún sé orðin sextug og við góða heilsu. Ég held að starfsemin hafi aldrei verið meiri en í dag,“ segir Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ.

Geir er nýkominn frá Spáni þar sem íslenska karlalandsliðið tapaði 0-1 fyrir heimamönnum. Á afmælisdegi KSÍ, tveimur dögum fyrir leikinn, var lítillega haldið upp á daginn. „Við notuðum tækifærið og fengum okkur köku. Það var mjög góður andi í íslenska liðinu á Spáni og ég held að það hafi endurspeglast í leiknum. Þeir stóðu sig vel í leiknum og það er sómi að því,“ segir hann.

Á afmælisárinu verður endurbættur Laugardalsvöllur tekinn í fulla notkun og mun völlurinn hafa sæti fyrir um tíu þúsund áhorfendur. Einnig verður haldin hér á landi úrslitakeppni EM U19 kvenna og fer hún fram í júlí. Er þetta langstærsta verkefni sem Knattspyrnusambandið hefur tekið að sér á þessum vettvangi.

KSÍ var stofnað í Reykjavík 26. mars 1947 og var fyrsti formaður KSÍ Agnar Klemens Jónsson. Umfang Knattspyrnusambandsins hefur aldrei verið meira en á þessu sextíu ára afmæli þess. Um áttatíu aðildarfélög KSÍ halda upp öflugu knattspyrnulífi um allt land og líður varla sá dagur ársins að ekki sé leikinn skipulagður knattspyrnuleikur.

Á síðasta ári fóru fram um 8.200 leikir þar sem KSÍ sá um skipulagningu á einn eða annan hátt. Ennfremur halda aðildarfélögin ýmis opin mót og samkvæmt talningu fóru fram um 7.000 leikir á þannig mótum. Knattspyrnusambandið hefur einnig haldið úti átta landsliðum karla og kvenna. Á síðasta ári voru leiknir 47 landsleikir hjá öllum landsliðum en á þessu ári verða þeir yfir 50 talsins.

freyr@frettabladid.is




†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa, langafa og bróður,*

**Gunnars Baldvinssonar**

frá Hofsósi.

Margrét Þorgrímsdóttir
Trausti Baldvins Gunnarsson Jóhanna Elísabet Clausen
Guðrún Jóna Gunnarsdóttir Steinn Márus Guðmundsson
Gunnar Heiðar Gunnarsson Sólveig Ingunn Skúladóttir
Friðrikka Baldvinsdóttir Heimir Jóhannsson
barnabörn og langafabörn.


# Nýrri leikjatölvu fagnað

Heljarinnar partí var haldið á Nasa um síðustu helgi í tilefni af útkomu þriðju Playstation-leikjatölvunnar. Tölvuleikjanördar og annað áhugafólk um Playstation á Íslandi mættu í partíið og virtust menn skemmta sér hið besta.



**GILZENEGGER** Egill „Gilzenegger“ stillti sér upp með vini sínum.



**GEIMTÍVÍ-GAURAR** Félagarnir úr sjónvarpsþættinum Geimtíví, Ólafur Þór Jóelsson og Sverrir Bergmann, brugðu á leik fyrir ljósmyndarann.



**VINKONUR** Það var létt yfir vinkonunum Berglindi, Laufeyju, Þórdísi og Kristínu Eddu á Nasa. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL R.




## Litlir hlutir krefjast mikillar vinnu

Ímyndaðu þér allan þann fjölda vinnuvéla sem þarf til að færa þér rafmagn. Ímyndaðu þér alla þá vinnu sem fer í að byggja stíflur, reisa möstur og leggja línur. Sameiginleg verkþekking manna og kvenna gerir þetta mögulegt. **Doosan Infracore** byggir framtíðina á 111 ára reynslu.

***"Power Up for Tomorrow"***



DOOSAN

**Doosan Infracore**
Construction Equipment

www.doosaneurope.com

**H.A.G. ehf - Taekjasala** • Smiðshöfða 14, 110 Reykjavík • Sími: 5672520, Fax: 5678025 • www.hagtaekjasala.is • hag@hagtaekjasala.is





## STUÐ MILLI STRÍÐA: Húsin í bænum

**ÞÓRGUNNUR ODDSDÓTTIR** VAKNAR UPP AF RANGHUGMYNDUM UM ÍSLENSKAN ARKITEKTÚR.



Einu sinni las ég grein um Reykjavík eftir bandarískan mann sem var heillaður af Íslandi. Greinin byrjaði á þessum orðum: „Ég veit ekki hvað það er við þessa kofabyggð sem dregur mig til sín.“

„Kofabyggð,“ hugsaði ég og varð stórhneyksluð. Um hvað var maðurinn eiginlega að tala? Ég las áfram og undraðist lýsingar mannsins á hrörlegum skúrum sem hann sagði einkenna miðborgina. Hvar hafði maðurinn verið? Hafði hann ekki séð alþingishúsið, Hallgrímskirkju, Hótel Borg, ráðhúsið og allar hinu fallegu byggingarnar í bænum?

Vissi hann ekki að á Íslandi eru byggð sterkustu hús í heimi?

Mörgum árum síðar var ég á vappi í miðbænum nýkomin heim eftir langa dvöl í Kaupmannahöfn. Það var sól og blíða svo það glampaði á þök húsanna í bænum. Ég horfði í kringum mig og fraus skyndilega í sömu sporunum. Þarna blöstu þeir við. Kofarnir í miðbænum. Rislitlir skúrar í öllum regnbogans litum og flestir að hruni komnir. Hvernig hafði þetta farið fram hjá mér? Ég vissi svo sem að íslenskur arkitektúr væri ekki upp á marga fiska en ég hafði aldrei tekið eftir því að annað hvert hús í miðbænum væri hreinlega ónýtt.

Í fyrstu varð ég svolítið miður mín en svo áttaði ég mig á því að það er einmitt þetta sem gerir Reykjavík svo heillandi. Allar aðrar borgir eru hver annarri líkar. Með sínar fallegu byggingar, útflúruðu gluggaskreytingar og hallir í endurreisnarstíl. Íslendingar eiga engar sögulegar byggingar. Konunglega listaakademían í Kaupmannahöfn stendur við Kóngsins Nýjatorg í reisulegu húsi frá 17. öld. Þar drýpur sagan af hverri fjöl.

Listaháskóli Íslands er í gömlu sláturhúsi!

Það væri hægt að fara með jarðýtu um miðbæ Reykjavíkur og moka öllu burt án þess að nokkur menningarverðmæti færu til spillis. Það er hins vegar ekki góð hugmynd. Þegar öllu er á botninn hvolft er nefnilega heilmikið varið í þessa kofabyggð.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



# X-TRA mikið fyrir X-TRA lítið

x-tra













Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi • Höfn í Hornafirði

netto

**Kl. 10.00**

*Þrjár sýningar standa nú yfir í Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur. Í D-sal sýnir Geirþrúður Finnbogadóttir Hjörvar innsetningu en í aðalsal gefur að líta verk franska myndlistarmannsins Pierre Huyghe. Á efri hæðinni má síðan sjá sýningu á um eitt hundrað vatnslitamyndum eftir Erró.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Skírnir á vefnum

Hið íslenska bókmenntafélag hefur sett á stofn vefsíður fyrir sitt forna tímarit, Skírni, sem Halldór Guðmundsson bókmenntafræðingur ritstýrir nú um stundir: www.skirnir.is. Þar má meðal annars fylgjast með fréttum og umræðum í tengslum við efni Skírnis. Þar verða kynnt tilboð til áskrifenda og kjör sem þeim bjóðast. Á heimasíðunni má lesa um efni Skírnis síðustu tíu árin og fletta upp í efnisskrá Skírnis 1967-2001. Birtar verða valdar greinar úr heftum síðustu ára og átta sig þar með betur á efni tímaritsins og fyrir þá sem vilja leita lengst aftur í sögu þessa merka rits er tengill á vefsíðu þar sem hægt er að lesa fyrstu níutíu árganga Skírnis. Greinar er á síðunni að finna um Hið íslenska bókmenntafélag, útgefanda Skírnis, svo og sögu tímaritsins sem er orðin 180 ára löng.

Ritstjórinn segir þetta bara fyrsta skref og þiggur allar ábendingar, svo og tillögur um efni í Skírni eða á heimasíðuna. Þess má geta að vorhefti Skírnis er væntanlegt eftir mánuð eða svo, og verður þar margt forvitnilegt lesefni, segir í frétt frá félaginu. Tímarit eru í auknum mæli að sækja inn á netið og þeir sem fylgjast með í tímaritaútgáfu í Evrópu og Bandaríkjunum og víðar þekkja kosti þessa fyrirkomulags. Vefur tímarits Máls og menningar hefur verið virkur um langt skeið og einnig er aðgangur frír að greinum í Lesbók Morgunblaðsins á mbl.is.



HALLDÓR GUÐMUNDSSON

### > Ekki missa af...

sýningunni **Sitji guðs englar** í **Þjóðleikhúsinu**. Leikgerð Illuga Jökulssonar á sögum **Guðrúnar Helgadóttur** hefur fengið feikigóðar viðtökur leikhúsgesta á öllum aldri.

sýningu alþýðulistakonunnar **Guðlaugar Ingibjargar Sveinsdóttur** í **Boganum** í Gerðubergi. Þar sýnir listakonan vefnað og málverk.

vortónleikum **Söngsveitarinnar Fílharmoníu** í **Langholtskirkju** á morgun.

# Í ljósum kertanna

Árlegir kertaljósatónleikar söngvaskáldsins Harðar Torfasonar fara fram í Borgarleikhúsinu í kvöld. Tónleikar þessir njóta jafnan gífurlegra vinsælda enda hefur tónlistarmaðurinn fjölhæfi fest sig í sessi sem einn dáðustu listamanna þjóðarinnar. Sem fyrr mun Hörður leika nýtt efni í bland við gamlar perlur auk þess að segja sögur úr veröldinni eins og honum er einum lagið.

Hörður segist ekki hafa tölu á sínum kertaljósatónleikum og segist halda að hann hafi nú staðið fyrir þeim í um þrjá áratugi.

„Oft notar maður þetta tækifæri til þess að kynna nýtt efni og spila svo gömlu lögin. Fólk er óhrætt við að hringja í mig og senda mér skeyti með óskalögunum sínum," segir Hörður og bendir á að hann hafi einnig tekið við slíkum óskum úr salnum ef svo ber undir.

Hörður er að leggja lokahönd á plötu sem ber titilinn Jarðarsaga og tilheyrir verkefni sem hann kennir við Vitann. „Það er ævintýri sem ég hef verið að skrifa í nokkra áratugi. Ég hef þegar gefið út tvær plötur í þessu safni, Loftsögu og Eldsögu, en þetta verða fimm plötur í allt." Aðdraganda þessa verks rekur Hörður til þess að fólk var sífellt að biðja hann um að skrá ævisögu sína. „Ég hafði takmarkaðan áhuga á því þá. Ég var upptekinn í minni vinnu. Sá tilgangur sem ég lagði upp með þegar ég sagði skilið við atvinnuleikhúsið í kringum árið 1972 var að fela mig ekki á bak við eitthvað hlutverk. Ég fór að láta lífið skrifa hlutverkið fyrir mig. Þetta verk spinnst í kringum þetta lífsfar mitt og byggir á því, það er ungur maður sem fer í gegnum lífið og tjáir sig í gegnum söngva."

Einnig er von á bókstaflegri ævisögu Harðar og vinnur rithöfundurinn og útvarpsmaðurinn Ævar Þór Jósepsson að skráningu hennar. Bæði þessi verk eru væntanleg með haustinu.

Tónleikarnir í kvöld hefjast kl. 20.



**HÖRÐUR TORFASON** Heldur sína árlegu kertaljósatónleika í kvöld.
FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN






# Elín Ósk í stórræðum

**Það styttist í frumsýningu á samstarfsverkefni Íslensku óperunnar og Óperukórs Hafnarfjarðar, hinni vinsælu óperu, Cavalleria Rusticana, í Gamla bíó en æfingar eru nú á fullu og verður frumsýningin að kvöldi annars páskadags.**



**RÆÐST EKKI Á GARÐINN ÞAR SEM HANN ER LÆGSTUR** Elín Ósk Óskarsdóttir, söngkona og stofnandi Óperukórs Hafnarfjarðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Um fjölmenna sýningu er að ræða því auk fimm einsöngvara taka yfir 60 manns úr Óperukór Hafnarfjarðar þátt í sýningunni ásamt yfir 40 manna hljómsveit Íslensku óperunnar. Þetta er í fyrsta sinn sem Óperukór Hafnarfjarðar ræðst í sviðsetningu en stjórnandi og stofnandi kórsins, Elín Ósk Óskarsdóttir, syngur aðalkvenhlutverkið í verkinu, hlutverk Santuzzu.

Önnur burðarhlutverk er líka í höndum þekktra söngvara: keppinauta um ástir Santuzza syngja þeir Jóhann Friðgeir Valdimarsson tenór, sem syngur hlutverk Turridos Ólafur Kjartan Sigurðarson, barítón, syngur hlutverk Alfios. Nýliðar í hópnum eru Hörn Hrafnsdóttir mezzósópran, sem fer með hlutverk Luciu, en hún hefur hlotið mikið lof fyrir frammistöðu sína í Systur Angelicu sem Óperustúdíó Íslensku óperunnar sýnir um þessar mundir, og Þórunn Stefánsdóttir sópran, syngur hlutverk Lolu. Hljómsveitarstjóri er Kurt Kopecky og leikstjóri Ingólfur Níels Árnason sem hefur einnig umsjón með sviðsmynd og búningum.

Cavalleria var sýnd í Þjóðleikhúsinu fyrir tveimur áratugum og naut þá mikilla vinsælda. Nú eru fyrirhugaðar fjórar sýningar á Cavalleria Rusticana. Hún er fyrsta óperan sem Mascagni samdi og jafnframt sú langvinsælasta. Verkið sló algjörlega í gegn þegar það var frumsýnt í Róm árið 1890 og hefur síðan þá verið sýnt reglulega um allan heim. Tónlistin úr verkinu hefur einnig verið mikið notuð í kvikmyndum og allir þekkja hið fræga Intermezzo í verkinu. Óperan er byggð á smásögu sikileyska rithöfundarins Giovanni Verga og segir frá Turiddo sem er ótrúr unnustu sinni því hann elskar enn fyrrverandi heitmey sína Lolu, sem nú er gift. Þegar Santuzza kemst að ótryggð Turiddos segir hún eiginmanni Lolu, Alfios, frá ástarsambandinu, til þess að hefna sín. Alfio skorar Turiddo á hólm og drepur hann.

Það er Elín Ósk Óskarsdóttir sem er driffjöðrin í þessu mikla fyrirtæki. Hún stofnaði Óperukór Hafnarfjarðar árið 2000 og hefur stýrt honum síðan. Félagar eru 70 talsins en kórinn sérhæfir sig í flutningi á óperu- og Vínartónlist og hefur hróður hans borist víða. Elín Ósk Óskarsdóttir hélt upp á tuttugu ára starfsafmæli sitt á síðasta ári og af því tilefni gaf hún út geisladisk þar sem hún syngur nokkrar af helstu perlum óperubókmenntanna. Hún ræðst þó ekki á garðinn þar sem hann er lægstur með því tiltæki að hrinda af stað stórri óperuuppfærslu með kórnum sínum, vinum og stórri hljómsveit.

pbb@frettabladid.is

# Páskaleikhús á Akureyri

Leikfélag Akureyrar heldur uppteknum hætti og býður til leikhúsveislu þar nyrðra um páskana. Leikið verður á þremur stöðum í bænum og er þegar vel selt á sýningar sem í boði verða.

Fyrst má nefna sýninguna Lífið – notkunarreglur sem var frumsýnt í síðustu viku og hefur hlotið gott lof og fína aðsókn. Lífið er ævintýrið um okkur öll, fullt af hlýju, tónlist og húmor. Höfundur er Þorvaldur Þorsteinsson, Megas samdi tónlistina og Kjartan Ragnarsson leikstýrði. Uppselt er á flestar sýningarnar í páskavikunni en bætt hefur verið við aukasýningum á skírdag og laugardaginn fyrir páska, 7. apríl.

Á morgun hefjast sýningar á rómaðri gestasýningu frá Reykjavík. Verkið Best í heimi sem leikið var í Iðnó í vetur þar sem uppselt var á allar sýningar. Verkið er háðsádeila á íslenskt samfélag í dag. Þar er gert grín að þjóðarstoltinu og ljósi varpað á aðstæður útlendinga sem reyna að fóta sig í nýju landi. Verkið er spunaverk samið af Hávari Sigurjónssyni, Maríu Reyndal og leikhópnum. Stuðst er við reynslu listamannanna, viðtöl við innflytjendur og Íslendinga og sögur sem hópurinn hefur viðað að sér. Sýningin er leikin á íslensku og textuð á ensku. Haustið 2004 frumsýndi LA í samstarfi við LR Ausa Steinberg eftir Lee Hall. Sýningunni var vel tekið og hlaut Ilmur Kristjánsdóttir frábæra dóma fyrir túlkun sína á Ausu. Vegna fjölda áskorana er verkið tekið til sýninga á ný í þrígang á Akureyri í dymbilviku. Sýningin er endurunnin og er verkið nú leikið í heild sinni í Akureyrarkirkju sem þykir kirkjan henta umfjöllunarefni verksins vel. Ausa er mannbætandi sýning þar sem birtist einlæg, falleg en oft drepfyndin sýn níu ára barns á lífið sem hún fær ekki að lifa. Þýðingu gerði Jón Viðar Jónsson og María Reyndal leikstýrði. Ástæða er til að vekja sérstaka athygli á eftirmiðdagssýningu á föstudaginn langa kl. 16.

Nú er um að gera fyrir norðanmenn og gesti þeirra að skjótast í leikhús.

- pbb



**AUSA** Fer aftur á svið.

# ASUS TÖLVUTILBOÐ

*ASUS móðurborð var í einni af hverjum þremur seldum tölvum árið 2006*
*ASUS vann 2168 verðlaun á árinu 2006*



## ASUS 3300 AMD Sempron

- 1GB DDR parað vinnsluminni
- 18x DVD-RW dual layer
- 7.1 rása Windows Vista HD hljóðstýring
- 250GB SATA 2 harður diskur
- NVIDIA GeForce 6100 / nForce 405 skjástýring
- 10/100 netkort
- Logitech UltraX lyklaborð USB
- Logitech opitcal mús USB
- Windows Vista Home Basic

**Verð kr. 49.900**

## ASUS 4200 Athlon64 DualCore

- 1GB DDR2 parað vinnsluminni
- 18x DVD-RW dual layer
- 7.1 rása Windows Vista HD hljóðstýring
- 400GB harður diskur 16MB Buffer
- NVIDIA® GeForce 6150 skjástýring
- 10/100 netkort
- Logitech UltraX lyklaborð USB
- Logitech opitcal mús USB
- Windows Vista Home Basic

**Verð kr. 69.900**

## ASUS E6300 Intel Core 2 Duo

- 1GB DDR2 vinnsluminni
- 18x DVD-RW dual layer
- 7.1 rása Windows Vista HD hljóðstýring
- 400GB harður diskur 16MB Buffer
- GeForce 7600GS Silent 256MB - DVI - DUAL VGA
- 10/100 netkort
- Logitech UltraX lyklaborð USB
- Logitech opitcal mús USB
- Windows Vista Home Basic

**Verð kr. 89.900**

## ASUS AMD 5200 Athlon64 DualCore

- 2GB DDR2 667 parað háhraða minni
- 18x DVD-RW dual layer
- 7.1 rása Windows Vista HD hljóðstýring
- 400GB SATA2 16MB Buffer
- Asus 8800GTS PCI-ex 640MB skjákort
- 10/100/1000 netkort
- Logitech UltraX Lyklaborð
- Logitech Opitcal Wheel Mús USB Svört
- Windows Vista Home Basic

**Verð kr. 139.900**



## 19” LCD skjár

- 1440X900 **breiðtjaldsskjár**
- Svartími 5ms
- 16.2 milljónir lita
- Birta: 300 cd/m2
- Contrast: 700:1
- Analog (VGA) & Digital (DVI)
- Ummál (BxDxH): 462x180x385 mm

Tilboð með tölvu **kr. 19.990**
Almennt verð kr. 22.990

### TILBOÐ GILDA MEÐ TURNKAUPUM

## Creative HQ1300

- Öflug lokuð heyrnartól
- Tíðnisvið: 20Hz - 20kHz
- Næmni: 102dB
- Styrkstillir
- 3m kapall



Tilboð með tölvu **kr. 2.990**
Almennt verð kr. 4.990

## Creative LiveCam IM

- Vefmyndavél - 800x600 punkta uppl.
- 4x digital zoom
- 1.3 megapixel kyrrmyndavél
- Handfrjáls búnaður fylgir
- USB tenging við tölvu



Tilboð með tölvu **kr. 2.990**
Almennt verð kr. 4.990



## JBL Encounter

- 2.1 hátalarakerfi með innbyggðum magnara
- Passar fyrir tölvur, MP3, geislaspilara og fl.
- Snertitakkar (volume)
- 2x13w og 1x34w

Tilboð með tölvu **kr. 10.990**
Almennt verð kr. 14.990



## Canon IP3300

- 4800x1200dpi, full blæðing
- 25bls í SH, 17bls í lit
- USB2, 4 hylkja
- Hugbúnaður fylgir

Tilboð með tölvu **kr. 5.990**
Almennt verð kr. 12.990

SJÁIÐ FRÁBÆRT ÚRVAL TÖLVUBÚNAÐAR Í VERSLUN OKKAR

# TAKKAR

**TÖLVUVERSLUN** - SÍÐUMÚLA 34 - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 534 1000 - TAKKAR.IS

**TÖLVUVERSLUN** *með þjónustuna í lagi*

JBL
ASUS
PHILIPS
SanDisk
JVC
Sarotech
CREATIVE
RAZER
SPEED LINK
OCZ

ABBABABB!
eftir Dr. Gunna
FRÁBÆR FJÖLSKYLDUSKEMMTUN!
Sun 1. apríl kl. 14.00 laus sæti
Sun 1. apríl kl. 17.00 laus sæti
Sun. 15. apríl kl. 14.00 örfá sæti laus
Sun. 29. apríl kl. 14.00 & 17.00
Leikhópurinn Á senunni & HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Miðasala í síma 555 2222
eða á www.midi.is
www.abbababb.is

CAVALLERIA RUSTICANA
Elín Ósk Óskarsdóttir
Jóhann Friðgeir Valdimarsson
Ólafur Kjartan Sigurðarson
Hörn Hrafnsdóttir
Þórunn Stefánsdóttir
Hljómsveitarstjóri: Kurt Kopecky
Leikstjóri: Ingólfur Níels Árnason
Óperukór Hafnarfjarðar og hljómsveit Íslensku óperunnar
CAVALLERIA RUSTICANA
eftir PIETRO MASCAGNI
Frumsýning annan í páskum -uppselt
2. sýn: Mið. 11. apríl kl. 20
3. sýn: Lau. 14. apríl kl. 20 - NOKKUR SÆTI LAUS
4. sýn: Sun. 15. apríl kl. 17 (lokasýning)
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN
SAMSTARFSVERKEFNI ÍSLENSKU ÓPERUNNAR OG ÓPERUKÓRS HAFNARFJARÐAR

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
LEG
Stóra sviðið kl. 20:00
SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Sun. 15/4 kl. 14:00 örfá sæti laus, aukasýning kl. 17:00 nokkur sæti laus, sun. 22/4 kl. 14:00 örfá sæti laus, aukasýning kl. 17:00, sun. 29/4 kl. 14:00.
Sýningum lýkur í apríl!
LEG - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Fim. 12/4 örfá sæti laus, fös. 13/4 örfá sæti laus, lau. 14/4 örfá sæti laus, fim. 19/4, fös. 20/4 örfá sæti laus, lau. 21/4 nokkur sæti laus, fim. 26/4, fös. 27/4 örfá sæti laus.
Ath. nemendaafsláttinn og hópafsláttinn. Námufélagar fá 35% afslátt ef greitt er með Námukorti.
CYMBELINE eftir Shakespeare - gestaleikur í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík.
Þri. 15/5, mið. 16/5, fim. 17/5 örfá sæti laus, fös. 18/5.
Smíðaverkstæðið kl. 20:00
Hálsfesti Helenu eftir Carole Fréchette.
Frumsýning lau. 14/4 uppselt, sun. 15/4 örfá sæti laus, fös. 21/4.
Kassinn
HJÓNABANDSGLÆPIR eftir Erich-Emmanuel Schmitt.
Frumsýning mið. 18/4 uppselt, fim. 19/4 uppselt, fös. 20/4 uppselt, lau. 21/4 uppselt, fim. 26/4 uppselt, fös. 27/4 uppselt, lau. 28/4 uppselt, sun. 29/4 uppselt, fim. 3/5 örfá sæti laus, fös. 4/5 örfá sæti laus, lau. 5/5 örfá sæti laus, sun. 6/5 örfá sæti laus.
Kúlan
MJALLHVÍT Brúðusýning Helgu Arnalds.
Lau. 14/4 kl. 15:00, sun. 15/4 kl. 15:00, fim. 19/4 kl. 15:00, lau. 21/4 kl. 15:00, sun. 22/4 kl. 15:00.
GERSEMAR GÆRDAGSINS Gestasýning frá Turak leikhópnum í Frakklandi.
Mán. 16/4 kl. 20:00.
Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.
Leikhúskjallarinn opinn fyrir og eftir sýningar föstudaga og laugardaga.
Upplýsingar í miðasölusíma.

„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN“
GRETTIR
SÍÐAN SKEIN SÓL
20 ára afmælistónleikar
Mið 18/4 kl. 20 Miðav. 3.900
VILTU FINNA MILLJÓN?
Sun 15/4 kl. 20 Fim 3/5 kl. 20
Síðustu sýningar
HÖRÐUR TORFA
Kertaljósatónleikar
Í kvöld kl. 20 Miðav. 3.100
EILÍF HAMINGJA
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Mið 4/4 kl. 20 AUKAS. Sun 15/4 kl. 20
Þri 17/4 kl. 20 Fim 19/4 kl. 20
LADDI 6-TUGUR
Þri 3/4 kl. 20 UPPS. Mið 4/4 kl. 20 UPPS.
Mið 4/4 kl. 22:30 UPPS. Fim 5/4 kl. 17
Fim 5/4 kl. 20 UPPS. Lau 14/4 kl. 20
Sun 15/4 kl. 14 UPPS. Mán 16/4 kl. 21 UPPS.
Fim 19/4 kl. 14 Fim 19/4 kl. 17 UPPS.
Fim 19/4 kl. 21 UPPS. Fös 27/4 kl. 20 UPPS.
Fös 27/4 kl. 22:30 UPPS. Fös 4/5 kl. 20 UPPS.
Fös 4/5 kl. 22:30 Fim 10/5 kl. 20 UPPS.
Fim 10/5 kl. 22:30 Mið 30/5 kl. 20 UPPS.
SÖNGLEIKURINN ÁST
Í samstarfi við Vesturport
Lau 14/4 kl. 20 UPPS. Sun 15/4 kl. 20 UPPS.
Fös 20/4 kl. 20 UPPS. Lau 21/4 kl. 20 UPPS.
Sun 22/4 kl. 20 UPPS. Mið 25/4 kl. 20 UPPS.
Lau 28/4 kl. 20 UPPS. Sun 29/4 kl. 20
Fim 3/5 kl. 20 Sun 6/5 kl. 20
Fim 10/5 kl. 20 Fös 11/5 kl. 20
DAGUR VONAR
Mið 18/4 kl. 20 UPPS. Fim 19/4 kl. 20
Fim 26/4 kl. 20 Fös 27/4 kl. 20
Fös 4/5 kl. 20 Mið 16/5 kl. 20
SÖNGLEIKURINN GRETTIR
Fös 20/4 kl. 20 FORS.UPPS.
Lau 21/4 kl. 20 FORS. MIÐAVERÐ 1.500
Sun 22/4 kl. 20 FRUMSÝNING UPPS.
Lau 28/4 kl. 20 2.sýning Gul kort
Sun 29/4 kl. 20 3.sýning Rauð kort
Lau 5/5 kl. 20 4.sýning Græn kort
Sun 6/5 kl. 20 5.sýning Blá kort
Fös 11/5 kl. 20
KILLER JOE
Í samstarfi við leikhúsið Skámána
Fim 5/4 kl. 20 AUKAS. Lau 14/4 kl. 20
Fös 20/4 kl. 20 Lau 21/4 kl. 20
KARÍUS OG BAKTUS
Sun 15/4 kl. 13,14,15 UPPS.
Sun 22/4 kl. 13,14, 15 UPPS.
Sun 29/4 kl. 13, 14, 15 UPPS.
Sun 6/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 13/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 20/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar
ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Þri 17/4 kl. 20 AUKAS.
Mið 2/5 kl. 20 AUKAS.
Lau 5/5 kl. 20 AUKAS.
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog.is
BORGARLEIKHÚSIÐ



**UMSKIPTIN TIL UMRÆÐU** Ástráður Eysteinsson fjallar um Kafka og vandann við að skilja verk hans. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Vandinn við Kafka

Ástráður Eysteinsson, prófessor í almennri bókmenntafræði og þýðandi, heldur erindi um nóvelluna Umskiptin eftir Franz Kafka í dag.

Erindi sitt kallar Ástráður „„Þetta var ekki draumur“: Vandinn að skilja og þýða Umskiptin“ en verk það, ásamt skáldsögunni Réttarhöldunum, er með þekktustu verkum Kafka og jafnframt eitt frægasta sagnaverk evrópskra bókmennta á 20. öld. Þetta er saga sem margir þekkja og hafa lesið en jafnframt verk sem enn vefst mjög fyrir þeim sem leitast við að túlka eða „skýra“ hana – svo mjög raunar, að rætt hefur verið um „örvæntingu túlkandans“. Í erindinu verður spurt hvaða þröskuldar mæti skilningi lesenda í sögunni. Í því samhengi verður einnig velt vöngum yfir reynslunni af því að þýða slíkt verk yfir á íslensku.

Erindið flytur Ástráður á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur sem skipuleggur fyrirlestraröðina „Þýðing öndvegisverka“. Fyrirlesturinn fer fram í stofu 111 í Aðalbyggingu Háskóla Íslands og hefst kl. 16.30 í dag.

ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
Í samstarfi við Vesturport
31. mars - Uppselt
1. apríl - Uppselt
14. apríl - Uppselt
15. apríl Uppselt
21. apríl Uppselt
25. apríl Uppselt
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
VesturPort BORGARLEIKHÚSIÐ

Listvinafélag Hallgrímskirkju 25. starfsár
HALLGRÍMSPASSÍA
eftir Sigurð Sævarsson
frumflutt í Hallgrímskirkju
föstudaginn langa
6. apríl 2007 kl. 22
SCHOLA CANTORUM
CAPUT
Jóhann Smári Sævarsson bassi - Hallgrímur Pétursson
Hrólfur Sæmundsson barítón - Jesús
Benedikt Ingólfsson bassi - Pílatus
Gísli Magnason tenór - Júdas
Guðrún Edda Gunnarsdóttir alt
Stjórnandi:
Hörður Áskelsson
Forsala í Hallgrímskirkju
miðaverð:
2.500/2.000 kr.
Tónlistarsjóður menntamálaráðuneytisins




## NÝJAR BÆKUR



Bréf til Maríu eftir Einar Má Jónsson, sagnfræðing og doktor í miðaldafræðum, kemur út hjá forlaginu Ormstungu 4. apríl. Í bréfi sínu til vinkonunnar Maríu (sem minnir óneitanlega á kunnugt bréf til Láru) fer höfundur vítt og breitt um samtíma sinn og lítur lengra aftur: Einar greinir samtíma sinn af djúpstæðri þekkingu á menningarsögu og stjórnmálasögu Vesturlanda og eylandsins sem ól hann – en hann hefur dvalið langdvölum í Frakklandi við nám fyrst og síðar störf. Hér eru ferðafélagarnir ekki af lakari endanum: Freud, Marx, Althusser, Derrida, Lacan, Bukarín, Lenín, de Gaulle og Le Pen. Er hér margt til umfjöllunar og hóta útgefandi og höfundur að Bréfið verði páskalesningin hér á landi.



Predikarinn, skáldsaga eftir Camillu Läckberg, er komin út á forlagi Ara. Sagan gerist á heitu sumri í Fjällbacka, undurfögrum bæ á vesturströnd Svíþjóðar. Þar segir frá Patrik lögreglumanni og rithöfundinum Ericu Falck sem nú búa saman og eiga von á barni. Þau vinna að sakamáli saman en þar koma við sögu tvær kynslóðir manna, Camilla lýsir lífi þeirra, tilfinningum og þrám og tvinnar vel saman gamla og nýja tíma. Áður fyrr var blómlegur sjávarútvegur stundaður í Fjällbacka sem nú hefur dalað töluvert. Sumir hafa ílenst í bænum – aðrir sækja á æskustöðvarnar á sumrin, í gömlu húsin sem standa annars auð – og enn aðrir kjósa að eyða sumarleyfum á þessum fagra stað sem iðar þá af mannlífi. Sögur Läckberg seldust mest allra bóka í Svíþjóð 2006 og lesendur kusu hana rithöfund þess árs og ársins á undan. Þetta er önnur sakamálasaga hennar sem kemur út á íslensku, en þær báðar verða kvikmyndaðar fyrir sænska sjónvarpið. Sigrún Ástríður Eiríksdóttir þýddi.



Sjötta sakamálasaga sænsku krimmadrottningarinnar Lizu Marklund, Arfur Nóbels, er komin út hjá forlagi Ara. Nú er Liza aftur mætt galvösk með Anniku Bengtzon blaðakonu. Að vanda heldur hún spennunni til enda og vel það, varpar ljósi á atburði líðandi stundar, skrifar um það sem allir vita innst inni en þegja yfir. Hér tekur hún fyrir erfðatækni og átökin um Nóbelsverðlaunin, fangaflugið til Guantanamo og samkeppni milli vísindamanna. Hún lýsir tilfinningum fólks og álagi við að halda sínu, bæði í vinnu og einkalífi, og síðast en ekki síst hvernig líf Anniku breytist þegar hún verður vitni að morði á Nóbelshátíð og Q lögregluforingi setur hana í tjáningarbann. Sögur Marklund hafa um langt skeið verið með vinsælasta lesefni af þessu tagi á Norðurlöndum og víðar. Anna R. Ingólfsdóttir þýddi.

Draumalandið
eftir Andra Snæ Magnason
14. apr lau 8 sýning kl. 20
20. apr fös 9 sýning kl. 20
21. apr lau 10 sýning kl. 20
HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Strandgata 50, Hafnarfirði. Miðasala í síma 555 2222 og á www.midi.is

# Eins og örlögin knýi dyra


SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT NORÐURLANDS.

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands heldur tónleika í Glerárkirkju á skírdag og flytur þá Örlagasinfóníuna eftir Beethoven og fiðlukonsert eftir Max Bruch. Einleikari á fiðlu er Ari Þór Vilhjálmsson og stjórnandi er Guðmundur Óli Gunnarsson.

Örlagasinfónían er eitt dáðasta tónverk tónlistarsögunnar og upphafsstefið þekkir hvert mannsbarn en haft er eftir tónskáldinu sjálfu að í því sé líkt og örlögin sjálf berji dyra. Verkið er mjög kraftmikið og hristir upp í hverjum sem er en er jafnframt mjög aðgengilegt.

Eftir Max Bruch verður flutt-ur konsert í g-moll fyrir fiðlu og hljómsveit. Fiðlukonsertinn er hugljúf tónsmíð en gerir miklar kröfur til einleikarans. Sinfóníuhljómsveit Norðurlands er nú á sínu fjórtánda starfsári.

Kjarni hljómsveitarinnar hefur frá upphafi verið kennarar við Tónlistarskólann á Akureyri og hópur hljóðfæraleikara sem býr og starfar á landsbyggðinni. Á þessum tónleikum kemur einnig hópur hljóðfæraleikara af Reykjavíkursvæðinu til liðs við hljómsveitina.



xS

Sterk saman

Ingibjörg Sólrún og Össur efna til funda um kröftuga sókn til framfara og velferðar í íslensku samfélagi. Það er kominn tími til að mynda sterka stjórn undir forystu jafnaðarmanna þar sem við setjum málefni barna í forgang og tryggjum öldruðum sómasamleg lífskjör.

**Akureyri** – Hótel KEA, þriðjudaginn 3. apríl kl. 12:00
**Hafnarfjörður** – Strandgötu 43, þriðjudaginn 3. apríl kl. 20:00
**Reykjavík** – Kaffi Sólon, miðvikudaginn 4. apríl kl. 12:00
**Akranes** – Sal Verkalýðsfélagsins, Kirkjubraut 40, miðvikudaginn 11. apríl kl. 20:00

**Komdu á fund með okkur og taktu þátt í að móta framtíðina.**

Samfylkingin



Goran Bregovic
– fjör fyrir brúðkaup og jarðarfarir

Laugardalshöll 19. maí Miðaverð: 4.900 / 5.900



actavis

Goðsögnin Goran Bregovic ásamt 40 manna stórhljómsveit og kór leikur ómótstæðilega tónlist frá Balkanskaga.

Goran Bregovic samdi meðal annars tónlistina við kvikmyndirnar Underground, Arizona Dream og Time of the Gypsies. Tónleikarnir eru samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Vorblóts. Sjá nánari upplýsingar og myndbrot frá 200 þúsund manna tónleikum Goran Bregovic í Montreal sl. sumar á **www.listahatid.is**.

„STRENGJASVEIT, KARLAKÓR, HARMÓNIKKULEIKARAR, BÚLGARSKAR SÖNGKONUR, RAFMAGNSGÍTARAR OG HEIL LÚÐRASVEIT! ALLT ÞETTA SAMAN OG ÁHORFENDUR ÆRAST AF GLEÐI.“
- NEW YORK TIMES, 2006

„OLÉ, GORAN !!! NÆSTUM ÞRJÁR KLUKKUSTUNDIR AF HEITUM TILFINNINGUM, ÓGNARKRAFTI, LITADÝRÐ, ÁSTRÍÐU, FRAMANDLEIKA OG TÖFRUM.“
- EL PAIS




Glæsilegur 68 síðna dagskrárbæklingur Listahátíðar í Reykjavík 2007 kominn út!

Fáðu þér eintak í verslunum Hagkaupa fyrir páska.

Miðasala

Miðasala á viðburði Listahátíðar í Reykjavík 2007 fer fram á **www.listahatid.is** og í síma 552 8588, alla virka daga frá kl. 10 til 16. Miðasala á tónleika Goran Bregovic er einnig á www.midi.is.

10.–26. maí
Listahátíð í Reykjavík 2007
REYKJAVIK ARTS FESTIVAL

KAUPÞING ICELANDAIR SAMSKIP Radisson SAS

fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is



# Ghostigital flottir í Kaupmannahöfn

VEL MÆTT Fjöldi áhorfenda mætti í Loppen og voru þeir vel með á nótunum.

**Hljómsveitin Ghostigital lék á tónleikum í Loppen í Kaupmannahöfn á föstudagskvöld. Vel var mætt á tónleikana, bæði af Dönum og Íslendingum sem búsettir eru í Danmörku.**

„Ghostigital sýndu það og sönnuðu enn einu sinni að þeir eru frábært tónleikaband. Við höfum aldrei fengið jafn mikla athygli danskra fjölmiðla eins og fyrir þessa tónleika, sem er auðvitað frábært,“ segir Hjalti Már Einarsson, talsmaður íslenska tónleikafélagsins Beatless Propaganda í Kaupmannahöfn. Á föstudagskvöld léku Ghostigital á þeirra vegum á hinum fornfræga tónleikastað Loppen.

Danski dúettinn Snake and Jet's Amazing Bullit Band hitaði upp fyrir Ghostigital og virtust tónleikagestir skemmta sér konunglega. „Við virðumst vera með puttann á púlsinum á dönsku senunni því Snake and Jet's skrifuðu undir plötusamning við Crunchy Frog daginn fyrir tónleikana okkar. Þetta voru því fyrstu tónleikar þeirra undir þeirra merkjum,“ segir Hjalti Már.



GHOSTIGITAL Í KÖBEN Einar Örn, Curver Thoroddsen og Frosti Logason gítarleikari.



Í MIKLU STUÐI Ghostigital voru þéttir á tónleikum sínum í Kaupmannahöfn og Einar Örn Benediktsson var í miklu stuði.

# Háður Eurovision-keppninni

**Peter Fenner semur textann við framlag Íslands til Eurovison-söngvakeppninnar. Peter er Eurovisionbolti, hefur mætt til hverrar keppni allt frá árinu 1997 og er mikill Íslandsvinur.**

„Já, ég vissi af þessum ágreiningi Kristjáns Hreinssonar og Sveins Rúnars og hef mikla samúð með Kristjáni,“ segir Peter Fenner, útvarpsmaður og söngtextaskáld.

Fréttablaðið hefur greint frá krytum milli Kristjáns Skerjafjarðarskálds og Sveins Rúnars Sigurðssonar en Kristján taldi einsýnt, sem höfundur hins íslenska texta við íslenska sigurlagið „Ég les í lófa þínum“ að hann fylgdi laginu út með enskum texta. En Sveinn Rúnar valdi „Valentine Lost“ eftir Fenner til að keppa í Helsinki 10. til 12. maí.



PETER FENNER Okkar maður í Euroivison-stuði á Grikklandi í fyrra. Með honum og nánast hverjum einasta íslenska keppanda undanfarinna ára hefur tekist góð vinátta.
FRETTABLAÐIÐ/VALLI

### Hefur samúð með Kristjáni

Eftir að Fenner sá æfingar var hann sannfærður um sigurmöguleika lagsins þótt þar væru þrjú eða fjögur lög önnur sigurstrangleg. Fenner skilst að Kristján hafi einnig skrifað enskan texta við lagið en segist ekki hafa séð þann texta. Og segir jafnframt að hann hafi gert öllum það ljóst að ef íslenskur höfundur, einkum Kristján, gæti gert góða enska útgáfu þá ætti sá texti að brúkast. Því sjálfur væri hann, þrátt fyrir allt, ekki Íslendingur.

„Hins vegar skilst mér að ekki hafi allir verið ánægðir með enskan texta Kristjáns. Og tekin var ákvörðun um að nota minn texta og ég get ekki gert mikið við því. Ég veit að þemað er annað en Kristjáns en ég skrifaði bara það sem mér þótti eiga við lagið. Textinn er persónulegur en merkingin vonandi önnur fyrir aðra. Ég vona að Kristján sé ekki bitur vegna þessa og veit að hann mun fá tækifæri í framtíðinni. Kannski munum við skrifa texta saman síðar, hver veit?“ segir Fenner.

### Eurovison er ávanabindandi

Peter Fenner segist mjög stoltur af því að vera í íslenska Eurovision-liðinu, ekki síst af því hann er mjög elskur af landi og þjóð og á marga góða vini meðal Íslendinga. Viðbrögðin við „Valentine Lost“ eru góð og í Noregi er þetta eina lagið sem fékk fullt hús stiga frá tónlistargagnrýnanda blaðsins VG – svo Fenner bindur við það vonir að fá mörg stig frá Noregi.

„Við höfum einnig fengið jákvæð viðbrögð frá Bretlandi og Bandaríkjunum en einnig löndum sem ég bjóst ekki við að yrðu okkur hliðholl svo sem Tyrklandi, Rússlandi, Serbíu og Póllandi. Mjög mikilvægt er að fá stig frá mörgum ólíkum löndum og ég vona að það gerist. Eiríkur er frábær flytjandi og hugsanlega vinnum við. Maður veit aldrei þegar þessi keppni er annars vegar.“

Að mati Fenners verða helstu keppinautar Íslands Serbía, Sviss og Svíþjóð. Og frábær árangur er að komast upp úr undankeppninni því aðeins tíu lög af 28 fara áfram.

Aðspurður segist Fenner mikill aðdáandi keppninnar. Telur reyndar því svo farið með flesta og segir hana eitt fárra fyrirbæra sem sameini álfuna. En svo verði atkvæðagreiðslan til að sundra henni á ný jan leik.

„Og hafir þú verið við eina keppni verður þú háður. Ég hugsa að það hafi þeir uppgötvað Gísli Marteinn, Logi Bergmann og nú Simmi!“

### Fenner og Íslendingarnir

Fenner hefur fjallað um keppnina allt frá árinu 1997 sem útvarpsmaður og verið á vettvangi. Finnlandsför hans er sú ellefta. Einhverra hluta vegna hefur Fenner bundist sérstökum vináttuböndum við íslenska þátttakendur í Eurovision-keppninni. Sem Fenner segir sérkennilegt í ljósi þess að hann tali litla sem enga íslensku meðan hann hefur á færi sínu frönsku, þýsku, spænsku, portúgölsku, ítölsku og sænsku.

„Ég kynntist hins vegar Páli Óskari árið 1997 í Dublin og okkur varð strax vel til vina. Og við skemmtum okkur konunglega saman – hann er algerlega óborganlegur. Mér fannst hans framlag frábært og skil ekki enn þann dag í dag af hverju lagið hans náði ekki lengra. Ég kynntist Selmu 1999 og við urðum einnig ágætir vinir – erum það enn. Ég er þeirrar skoðunar að hennar framlag, You´re All out of Luck, sé besta Eurovisonlag frá upphafi. Og vildi óska þess að það hefði unnið.“

### Sungið fyrir sendiherra

Og Fenner heldur áfram að rekja tengsl sín við Íslendingana. „Einari Bárðarsyni kynntist ég árið 2001 og við höldum enn sambandi. Áttum góða daga saman í Danmörku þrátt fyrir þau vonbrigði að lagið skyldi enda svo neðarlega. Ég man að ég söng enska útgáfu af Angel með Kristjáni Kristjánssyni í partíi með íslenska sendiherranum. Það tók á taugarnar en tvö glös af íslensku brennivíni hjálpaði að sannarlega upp á sakirnar.“

Og Fenner rekur tengsl sín við Íslendinga. Góð kynni tókust með honum og Jónsa í Tyrklandi 2004 og þeir eru enn í sambandi. Og þannig má áfram telja.

„Og svo er það auðvitað Silvía Nótt. Sem er ólík öllu sem fram hefur komið. En ég dáist að ótvíræðum hæfileikum hennar, dáist að henni sem listamanni og fulltrúa fyrir íslenska menningu.“

jakob@frettabladid.is










TILBOÐ
TIL PÁSKA
TILBOÐ GILDA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
GLÆSILEG TILBOÐ Á TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐI TIL PÁSKA
OPIÐ Í DAG 10-19
TILBOÐ GILDIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
iP4300
Canon iP4300 er mest seldi prentari á Íslandi
5 stök hylki, prentar beint á geisladiska
9.990
Hvergi betra verð! - Aðeins 1 stk. á mann
OPNUNARTÍMAR
2. apríl
10:00 - 19:00
3. apríl
10:00 - 19:00
4. apríl
10:00 - 19:00
TÖLVUTEK
Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is








# Þrír sumarsmellir

Jeffrey Katzenberg, forstjóri teiknimyndadeildar Dreamworks, hefur litlar áhyggjur af því að þriðja myndin um græna skrímslið Skrekk eigi eftir að lúta í lægra haldi fyrir tveimur öðrum framhaldsmyndum: Köngulóarmanninum og lokamyndinni um sjóræningjana á Karíbahafinu. „Allir eiga eftir að sjá Köngulóarmanninn, allir fara á sjóræningjana og allir munu horfa á Skrekk,“ sagði Katzenberg á fundi sem skipulagður var af Bank of America í New York á miðvikudaginn. „Sigurinn kemur til með að velta á því hversu margir sjá sömu myndina aftur og aftur og aftur,“ útskýrði forstjórinn.

Myndirnar þrjár, sem allar eiga það sameiginlegt að vera þær þriðju í röðinni í sínum bálki, verða frumsýndar í maí og því nokkuð ljóst að forsvarsmenn kvikmyndahúsanna hugsa sér gott til glóðarinnar í þeim mánuði. Katzenberg gerði einnig nýjustu heimabíótækninni skil og sagðist kvíða fyrir hönd Blue Ray og HD DVD. „Munurinn á þessum gæðum og DVD-mynddiskagæðum er einfaldlega ekki það mikill fyrir almenning að honum finnist taka því að breyta til,“ sagði Katzenberg.



**SKREKKUR** Þriðja myndin um græna skrímslið verður frumsýnd í maí.








**SHOGUN** Sigraði Músíktilraunir í ár með feikiöflugu rokki sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

# Shogun verðugir sigurvegarar

**Úrslit Músíktilrauna fóru fram síðastliðið laugardagskvöld í porti Listasafns Reykjavíkur. Að lokum stóð harðkjarnasveitin Shogun uppi sem verðugur sigurvegari. Heilt yfir var keppnin flott í alla staði og úrslitakvöldið sérlega glæsilegt.**

Fyrsta hljómsveit upp á svið, reyndar önnur þar sem Foreign Monkeys höfðu hitað salinn upp á undan, var Soðin skinka. Piltarnir sýndu ágæta takta og fluttu sæmilegt fjósaglysrokk. Hip Razikal var síðan önnur landsbyggðarsveit, bjó yfir fjölbreyttum hljóm en var smá þreytandi til lengdar og þarf aðeins að vanda sig betur.

Þriðja hljómsveit kvöldsins kom úr Grafarvoginum og heitir The Portals. Sveitin var ein af tveimur nýbylgjusveitum kvöldsins, lék vel flutt og grípandi gítarrokk í anda Franz Ferdinand og The Killers. Nokkuð vantaði þó upp á kraftinn í söngnum. Hin nýbylgjusveitin, Loobyloo, var líkt og The Portals gríðarlega efnileg, fínar pælingar voru í gangi en sveitin þarfnast mikillar mótunar.

Tvær háskólapönkrokksveitir settu svo skemmtilegan svip á keppnina. Hljómsveitirnar hétu Magnyl og SkyReports og báðar þessar sveitir gátu státað af ógnar grípandi hljómum sem voru vel framkallaðir. Magnyl var þó ögn betri enda með fína íslenska texta á meðan SkyReports þakkaði meðal annars einu sinni fyrir sig með því að segja „Thank you“, án efa kjánalegasta atvik kvöldsins, fyrir utan kannski þegar Björn Ingi afhenti aðalverðlaunin.

The Custom og Spooky Jetson voru síðan aðrar tvær hljómsveitir af svipuðum meiði. Sálarfullt retrórokk með progguðum undirtóni en báðar tvær náðu ekki að



**<3 SVANHVÍT** Fagnaði vel og innilega þegar ljóst var að sveitin hafði hreppt annað sætið.

skapa sinn eigin stíl og lögin voru alltof langdregin. Hæfileikana vantaði samt ekki.

En þá komum við að sveitunum sem skipuðu þrjú efstu sætin. Gordon Riots, sem endaði í þriðja sæti, og sigurvegararnir, Shogun, voru heldur betur í þéttari kantinum og voru áberandi drífandi og lifandi í flutningi sínum. Gordon Riots hafði innanborðs mikil gæði og síðasta lagið fær fullt hús stiga. Shogun hafði það hins vegar fram yfir Gordon Riots að þora að fara út fyrir rammann og gerði nokkuð frumlegri hluti, bauð upp á flottar hraðabreytingar og sumar fléttur sveitarinnar voru við það að rífa mann í sundur, slíkur var krafturinn og þunginn. Sannarlega vel að sigrinum komin en harðkjarnasveit hefur ekki sigrað í Músíktilraunum síðan 2001 þegar Andlát fór með sigur af hólmi. Sveitin í öðru sæti, <3 Svanhvít!, var án efa mest hressandi sveit kvöldsins, spilaði kaldhæðnislegt krúttpopp og textarnir báru af. Þrátt fyrir kjánaganginn bjó sveitin yfir heilsteyptum hljómi og allt dæmið gekk fullkomlega upp. Gæti gert góða hluti í framtíðinni ef meðlimir sveitarinnar halda rétt á spilunum, rétt eins og fleiri sveitir í keppninni í ár.

steinthor@frettabladid.is







**Háskólabíó**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| MRS POTTER | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | Leyfð | LADY CHATTERLEY | kl. 5:40 - 9 | |
| ROBINSON F... ÍSL TAL | kl. 7 | Leyfð | TELL NO ONE | kl. 8 | |
| THE GOOD GERMAN | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | B.i.16 | HORS DE PRIX | kl.10:20 | |
| 300. | kl. 9 | B.i.16 | PARIS, JE T'AIME | kl 5:40 | |

**SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| HOT FUZZ | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | B.i.16 | 300. | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | B.i.16 |
| HOT FUZZ VIP | kl. 8 - 10:30 | | MUSIC & LYRICS | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | Leyfð |
| ROBINSON F...M/- ÍSL TAL | kl. 3:40 - 5:50 - 8 | Leyfð | SMOKIN ACES | kl. 10:30 | B.i.16 |
| ROBINSON F... VIP | kl. 3:40 - 5:50 | | BRIDGE TO TEREBITHIA | kl. 3:40 | Leyfð |
| WILD HOGS | kl 3:40 - 5:50 - 8 -10:20 | b.i 7 | SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal. | kl. 3:40 | Leyfð |

**SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| ROBINSON...M/- ÍSL TAL | kl. 6 | Leyfð | |
| MEET THE... M/- ENSKU Tali | kl. 8:10 - 10:20 | Leyfð | DIGITAL |
| 300. | kl. 8 - 10:30 | B.i.16 | |
| WILD HOGS | kl. 6 - 8:10 - 10:20 | B.i.7 | |
| NORBIT | kl. 5:50 | Leyfð | |

**SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| MEET THE ROBINSONS | kl. 5:50 | Leyfð |
| SCHOOL FOR SCOU... | kl. 8 - 10:10 | Leyfð |
| WILD HOGS | kl. 8 - 10:10 | Leyfð |

**SAMBÍÓIN / AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| WILD HOGS | kl. 6 - 8 - 10 | Leyfð |
| MEET THE ... M/- ÍSL TAL | kl. 6 | Leyfð |
| 300 | kl. 8 - 10 | B.i. 16 |

Skráðu þig á SAMbio.is

www.SAMbio.is ( 575 8900 www.SAMbio.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Hótelerfinginn **Paris Hilton** er í slæmum málum eftir að hún var tekin drukkin undir stýri í Los Angeles. Á hún yfir höfði sér níutíu daga fangelsi fyrir að brjóta skilorð. Hilton var handtekin í september í fyrra undir áhrifum og játaði fyrir rétti að hafa brotið af sér. Lofaði hún því að halda sig á mottunni framvegis en virðist nú hafa gleymt þeim yfirlýsingum sínum.



Fyrrverandi konungur poppsins, **Michael Jackson**, er ekki á sjúkrahúsi eins og bandarískir fjölmiðlar hafa haldið fram. Talsmaður popparans viðurkenndi að hann hefði verið lítillega veikur að undanförnu en hann hefði ekki þurft að leggjast inn. Jafnframt neitaði talsmaðurinn þeim orðrómi að Jackson hygði á endurkomu í Las Vegas.





Rapparinn **Snoop Dogg** er afar ósáttur við yfirvöld í Bretlandi fyrir að hafa neitað sér um landvistarleyfi. Þurfti hann fyrir vikið að aflýsa tónleikaferð sinni um landið. „Ég var mjög undrandi vegna ákvörðunarinnar en ég vonast til að yfirvöld í Bretlandi átti sig fljótlega á friðarhugsjónum mínum og leyfi mér að koma til landsins."




**VANTAR ÞIG PÍPU-LAGNINGARMENN?**

Höfum milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins

Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?

VOOT STARFSMANNAMIÐLUN

VOOT STARFSMANNAMIÐLUN • HAFNARGATA 90
230 REYKJANESBÆR • SÍMI 581 2222 • WWW.VOOT.IS

KVIKMYNDAKLÚBBURINN FJALAKÖTTURINN
MÁNUDAGUR 2. APRÍL
TJARNARBÍÓI
FILMFEST.IS SKRÁNING STENDUR YFIR

**KLUKKAN 17.00**
VERÖLD GEISJUNNAR
*(World of Geisha / Yojohan fusuma no urabari)*
(JAP), Tatsumi Kumashiro, 1973.

**KLUKKAN 19.00**
ÁSTARINNAR KRÓKALEIÐ
*(Twistedd Path of Love)*
(JAP), Tatsumi Kumashiro, 1973.

**KLUKKAN 21.00**
MÚSLIMAR OG KRISTNIR
*(Muslims and Christians)*
(FRA), Jacques Debs, 2006.



**na na thai**
Thai Restaurant & Store

Heimsending
**Matseðill á**
**www.thaimatur.com**

**Við notum:**
**Vel valið hráefni t.d.**
-kjúklingabringur
-nauta fillet
-svína fillet
-Lamba fillet
-ferskt grænmeti
-gæða krydd
(innflutt af okkur)
-litla olíu
-og fleira

**Tælenskur matur**

**Heimsendingargjald 700 kr.**

**Skeifan 4** Sími: 588 1818 • 896 3536

# TAKTU ÞÁTT Í FERMINGARLEIK KLASSA

**Það skiptir ekki máli hvað þú færð mikið í fermingargjöf, heldur hvað þú gerir við það.**

Leggðu 30.000 kr. eða meira inn á Framtíðargrunn og þú færð 5.000 kr. til viðbótar frá Landsbankanum. Dregið verður úr þáttakendum sem geta unnið MacBook fartölvu eða iPod shuffle.




Landsbankinn

## > Eggert lék með Hearts

Hinn ungi og efnilegi Eggert Gunnþór Jónsson lék síðustu 24 mínúturnar með Hearts í gær gegn Hibernian. Hearts vann leikinn, 1-0. Eggert hefur smám saman verið að stimpla sig inn hjá félaginu og að því er skoskir fjölmiðlar segja er aðeins tímaspursmál hvenær hann fer að leika reglulega með byrjunarliðinu. Hearts skoraði sigurmarkið eftir að Eggert kom af bekknum.



**sport**

sport@frettabladid.is

**TYSON PATTERSON ÚR KR:** KR-INGAR VERÐA AÐ VINNA Í HÓLMINUM, ANNARS ERU ÞEIR KOMNIR Í SUMARFRÍ

# *Ekki stíll KR að skora 61 stig í leik*

KR-ingar eru komnir upp að vegg í úrslitakeppni Iceland Express-deildarinnar eftir tap í þriðja leiknum gegn Snæfelli á laugardag. Áhyggjur KR-inga ná einnig til ástandsins á leikstjórnanda liðsins, Tyson Patterson, sem var ekkert með síðustu átta mínútur síðasta leiks vegna meiðsla á kálfa. „Þetta eru ekki alvarleg meiðsli en þau eru samt að stríða mér. Stundum getum maður spilað í gegnum meiðslin en stundum ekki," sagði Tyson sem skoraði aðeins 4 stig í þriðja leiknum. „Við verðum að vinna í kvöld. Við höfum tapað tveimur leikjum í röð þar sem sigurinn hefði getað fallið hvorum megin sem var," segir Tyson sem er ekkert farinn að hugsa um sumafríið. „Við höfum enn mikla trú á okkar liði. Við höfum verið í þessari stöðu áður og komum þá sterkir og baráttuglaðir til baka og unnum," sagði Tyson en einn besti leikur KR-liðsins var einmitt í sigri á ÍR-ingum í Seljaskólanum. Með þeim sigri nældu KR-ingar sér í oddaleik á heimavelli og það er markmiðið í leiknum í kvöld.

„Vörnin er góð en sóknarleikurinn hefur oft verið í tómu rugli. Brynjar er frábær leikmaður og bar okkur í síðasta leik en við þurfum meiri framlög frá öllum liðinu, það þurfa fleiri að skora. Það er ekki stíll KR-liðsins að skora 61 stig því við erum vanir því að skora 80 eða 90 stig í leik," segir Tyson sem er ekkert að skorast undan því að hann sjálfur þurfi að gera meira. „Við þurfum að fá meira af þessum auðveldu körfum úr hraðaupphlaupum. Fannar þarf að skora meira, ég þarf að skora meira líkt og JJ. Það að allir séu að skora er einn okkar helsti styrkur," segir Tyson sem horfði upp á Justin Shouse skora sigurkörfuna í síðasta leik. „Ég vona að ég þurfi ekki að skora sigurkörfuna í kvöld því það er ekki stefnan að leikurinn verði svo jafn í lokin. Ég legg áherslu á að halda öllum inni í leiknum og láta boltann ganga. Þegar allir snerta boltann og allir eru með í sókninni þá erum við sterkastir. Við mætum fullir sjálfstrausts í Hólminn. Við vitum að við getum unnið þá. Þeir eru með gott lið en við vitum að okkar lið er betra," sagði Tyson. Leikur Snæfells og KR hefst klukkan 19.15 en klukkan 20.00 spila Grindavík og Njarðvík í Grindavík og þar geta Íslandsmeistarar Njarðvíkur komist í lokaúrslitin með sigri.



Ragna Ingólfsdóttir:

## Á leiðinni út

**BADMINTON** Ragna Ingólfsdóttir, nýkrýndur þrefaldur Íslandsmeistari, er á leiðinni út til þess að keppa á þremur mótum í þessum mánuði.

„Ég fer út 12. apríl og keppi þá í Hollandi, Portúgal og Ísrael," sagði Ragna sem er komin upp í 49. sæti á heimslistanum og stefnir á að ná í fleiri stig á þessum mótum. - óój








# Fullkomið mót hjá Rögnu

**Ragna Ingólfsdóttir og Magnús Ingi Helgason urðu í gær Íslandsmeistarar á Meistaramóti Íslands í badminton og Ragna bætti um betur og vann í fyrsta sinn þrefalt. Hún tapaði ekki hrinu á öllu mótinu í þremur flokkum.**

**BADMINTON** Meistaramóti Íslands í badminton lauk í gær og þetta varð mót Rögnu Ingólfsdóttur sem vann þrefaldan sigur. Magnús Ingi Helgason og Helgi Jóhannesson unnu báðir tvöfalt og Magnús varð Íslandsmeistari í einliðaleik í fyrsta skipti.

Ragna Ingólfsdóttir varð Íslandsmeistari fimmta árið í röð eftir öruggan 21-11 sigur í báðum hrinunum á móti Tinnu Helgadóttur. „Ég bjóst líka við þessu sjálf. Þetta er áttunda árið í röð sem ég er í úrslitunum þannig að ég er orðin vön þessum aðstæðum og að spila þennan leik. Maður vill alltaf halda titlinum og þetta var þægilegt," sagði Ragna. „Ég hef aldrei unnið þrefalt og ætla að reyna að ná því," sagði Ragna stax eftir sigur sinn í einliðaleiknum og hún náði markmiðum sínum með því að vinna tvíliðaleik með Katrínu Atladóttur og svo tvenndarleikinn með Helga Jóhannessyni. Ragna vann alla sjö leikina sem hún spilaði í öllum flokkum á mótinu og það sem meira er tapaði hún engri hrinu. Frábært og fullkomið mót hjá glæsilegum fulltrúa badmintonsins á Íslandi.

Magnús Ingi Helgason varð Íslandsmeistari í fyrsta sinn eftir 2-1 sigur á Tryggva Nielsen í úrslitunum. Tryggvi sló Íslandsmeistara síðasta árs, Helga Jóhannesson, út í undanúrslitunum og komst í 1-0 í úrslitaleiknum með 21-14 sigri í fyrstu hrinu. Magnús vann næstu hrinu 21-19 eftir mikla spennu og tryggði sér síðan sigurinn með 21-16 sigri í lokahrinunni. „Ég byrjaði að spila af of miklum krafti og hann át allt upp hjá mér. Ég breytti um taktík í annarri hrinu og þá gekk þetta upp. Ég fékk góða röðun og var nokkuð viss um að ég gæti komist í úrslit þannig að ég var bjartsýnni fyrir þetta mót en oft áður. Það hefur gengið vel í vetur, ég er að spila vel og í góðu formi," sagði Magnús sem fékk frábæran stuðning frá systur sinni, Tinnu Helgadóttur, þrátt fyrir að hún væri að fara að spila til úrslita á móti Rögnu strax á eftir. „Hún er með svipuna á bakinu á mér. Hún gaf mér aukakraft," sagði Magnús sem vann reynslumeiri mann í úrslitunum.

„Hann hafði reynsluna fram yfir mig en var búinn að tapa í síðustu tveimur úrslitunum og kannski hefur það nagað hann eitthvað í bakið," sagði Magnús sem varð einnig Íslandsmeistari í tvíliðaleik með Helga Jóhannessyni. Systkinin töpuðu hins vegar tvenndarleiknum á móti Rögnu og Helga og vann Helgi því tvöfalt í gær. Tinna fagnaði innilega sigri bróður síns en varð hins vegar sjálf að sætta sig við silfur í öllum þremur úrslitaleikjunum sínum.

ooj@frettabladid.is



**MEISTARAKOSS** Ragna Ingólfsdóttir er farin að þekkja Íslandsbikarinn vel enda vann hún hann fimmta árið í röð.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**TVÖFALT** Magnús Ingi Helgason var Íslandsmeistari í einliðaleik í fyrsta sinn og hér fer bikarinn á loft.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA




# FLÖT UNITED SJÓNVÖRP

## UNITED

**LTV27W63**

27" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1280x720 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, 900:1 skerpu, 2x6w Nicam stereo hljóðkerfi, 2 Scart, HDMI, Component, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 89.990**

FULLT VERÐ kr. 109.990







**UNITED LTV15L52**

15" LCD Sjónvarp með Digital Comb filter, 8w stereó hljóðkerfi, Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heyrnartólstengi og VGA tengi. Er bæði fyrir 12 og 220V.

**TILBOÐ 34.990**

FULLT VERÐ kr. 39.990




**UNITED LTV20L63**

20" LCD SJÓNVARP með fjölkerfa móttakara, 640x480 punkta upplausn, skerpa: 500:1, sjónsvið: (H/V) 160x140, birtustig: 450cd/m2, stereó hljóðkerfi, 2 Scart með RGB, AV og SVHS inn og Scart og heyrnartól út, PC-inn, textavarpi, borðstandi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 49.990**

FULLT VERÐ kr. 69.990




**UNITED LTV32W63**

32" LCD HD Ready BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Progressive Scan, Nicam stereo hljóðkerfi, 2 Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi. Passar fyrir VESA200 veggfestingar (fylgir ekki).

**TILBOÐ 99.990**

FULLT VERÐ kr. 119.990




**UNITED LTV37W63**

37" LCD HD Ready BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Progressive Scan, 30w Nicam stereó hljóðkerfi, 2 Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi.

**TILBOÐ 149.990**

FULLT VERÐ kr. 199.990




**UNITED PTV42W63**

42" PLASMA BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1024x1024 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, 3.000:1 skerpu, 2x10w Nicam stereó hljóðkerfi, 2 Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi (styður XGA) og textavarpi.

**TILBOÐ 159.990**

FULLT VERÐ kr. 199.990

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2007

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶** REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Póllinn, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.






Fram og Akureyri buðu upp á litla skemmtun í Safamýri í gær:

# Fram sendi grófa Akureyringa tómhenta heim í Eyjafjörð

**HANDBOLTI** Fram lagði Akureyri, 29-27, í leik sem var ekki góð auglýsing fyrir handboltann. Bæði var handboltinn slakur og svo var umgjörðin enn verri. Svo slök að blaðamaður varð að slökkva á tónlistinni í leikhléi svo hægt væri að halda leik áfram.

Akureyringar mættu grimmir til leiks en ekk leið á löngu þar til leikmenn liðsins gerðust mjög grófir. Fór þar fremstur í flokki Hörður Fannar Sigþórsson en það var hneyksli að hann skyldi ekki líta rauða spjaldið í fyrri hálfleik.

Dómararnir voru hræðilegir og ekki nóg með að þeir leyfðu Akureyringum að komast upp með fádæma ruddaskap þá voru fjölmargir dómar þeirra alveg glórulausir og þeir höfðu aldrei tak á leiknum. Framarar einbeittu sér að því að spila handbolta þó einhverjir leikmanna liðsins hafi verið hreinlega hræddir við Akureyinga.

Jafnt var á með liðunum í fyrri hálfleik en Fram var alltaf nokkrum skrefum á undan í þeim síðari. Akureyri náði að þjarma að þeim undir lokin en Fram hélt og fagnaði sigri. Það var sigur fyrir handboltann.

- hbg



**RÚNAR SIGTRYGGSSON** Það var lítil reisn yfir leik lærisveina Rúnars í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Ekkert breytt hjá Haukum

**Viggó Sigurðssyni tókst ekki að blása lífi í Haukaliðið sem tapaði fjórða leiknum í röð í DHL-deildinni og hleypti Fylki upp að hlið sér í fallbaráttunni.**

**HANDBOLTI** Fylkismenn komu með mikið líf í fallbaráttu DHL-deildar karla með 26-24 sigri á Haukum í baráttuleik í Árbænum í gær. Þetta var fyrsti leikurinn síðan Viggó Sigurðsson bættist í þjálfarateymi liðsins en það var aðeins í upphafi hvors hálfleiks sem Haukarnir minntu á þá tíma þegar Viggó réð öllu á Ásvöllum. Þegar á reyndi voru það Árbæingar sem voru sterkari á svellinu og fögnuðu mikilvægum sigri. Fylkismenn geta þakkað frábærri markvörslu Hlyns Morthens að bæði stigin komu í hús og að þeir séu nú jafnir að stigum við Hauka þegar aðeins þrír leikir eru eftir.

„Þetta hefði bara verið búið ef við hefðum tapað þessu og við lögðum allt í þetta," sagði Hlynur Morthens, markvörður Fylkismanna, sem varði alls 23 skot í leiknum. „Loksins fann ég mig. Ég er búinn að vera eins og hálfviti í síðustu leikjum og það var ekki annað í stöðunni en að rífa sig upp. Við erum enn þá inni í myndinni og eigum við annan svona leik á móti Akureyri næst," sagði Hlynur.

„Við erum bara búnir að vera 10 til 11 á æfingum, tveir eru hættir og það eru veikindi í liðinu en menn þjöppuðu sér saman sem einn maður," sagði Hlynur en Ásbjörn Stefánsson og Arnar Þór Sæþórsson eru hættir og Eymar Kruger var ekki með vegna veikinda.

Viggó Sigurðssyni tókst ekki að laga sjálfstraustsvandamál Haukaliðsins. Liðið hefur ekki unnið leik síðan 16. desember, hefur aðeins fengið eitt stig út úr síðustu sjö leikjum sínum og er komið í bullandi fallhættu. Árni Þór Sigtryggsson var líka svekktur í lokin. „Það eru ólýsanleg vonbrigði að tapa þessum leik en það eru þrír leikir eftir og við ætlum bara að vinna þá. Við erum að spila góða vörn og erum að fá færi í sókninni en Hlynur er að taka marga góða bolta í markinu og ætli munurinn á liðunum liggi ekki bara þar. Það lak allt inn hjá okkur en ekki hjá þeim," sagði Árni sem fagnar innkommu Viggós. „Hann er algjör fagmaður, kann þetta allt út og inn og kemur til með að hjálpa okkur," segir Árni og bætir við

„Við þurfum að leita langt aftur eftir leik sem við höfum spilað vel í 60 mínútur. Við eigum HK og Val eftir og gekk rosalega vel með þau í fyrra og við erum með sama lið í ár. Við höfum unnið Val í bikarnum og ég tel okkur hafa getuna til þess að vinna þessi lið. Við þurfum að byggja upp sjálfstraust en það er greinilega eitthvað að í liðinu og búið að vera lengi," sagði Árni niðurlútur eftir leik.

Auk frábærrar markvörslu Hlyns í markinu má ekki gleyma 11 glæsimörkum stórskyttunnar Arnars Jóns Agnarssonar sem hélt sóknarleik Fylkismanna á floti í leiknum en hjá Haukunum þurfa lykilmenn eins og Árni og sérstaklega Andri Stefan að gera miklu betur ef ekki á illa að fara í vetur.

ooj@frettabladid.is



**VOND STAÐA** Viggó Sigurðsson horfði upp á nýju lærisveinana tapa fyrir Fylki í gær. Vonbrigði hans með leik liðsins leyndu sér ekki. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## ÚRSLIT

*DHL-deild karla:*

**FRAM-AKUREYRI 29-27 (15-14)**

**Mörk Fram (skot):** Andri Berg Haraldsson 9 (15), Einar Ingi Hrafnsson 7/3 (7/3), Hjörtur Hinriksson 5 (8), Stefán Baldvin Stefánsson 5 (8), Þorri B. Gunnarsson 1 (2), Sigfús Páll Sigfússon 1 (3), Jóhann Gunnar Einarsson 1 (6/1).
**Varin skot:** Magnús Erlendsson 16/1, Björgvin Páll Gústavsson 4.
**Hraðaupphlaup:** 6 (Hjörtur 2, Stefán 2, Andri, Einar).
**Fiskuð víti:** 4 (Einar, Andri, Stefán, Hjörtur).
**Utan vallar:** 6 mínútur.
**Mörk Akureyri (skot):** Nikolaj Jankovic 6 (10), Hörður Fannar Sigþórsson 5 (6), Magnús Stefánsson 5 (13), Goran Gusic 3 (8/2), Andri Snær Stefánsson 2 (6), Einar Logi Friðjónsson 2 (3), Atli Ævar Ingólfsson 1 (1), Heiðar Þór Aðalsteinsson 1 (1), Ásbjörn Friðriksson 1 (2).
**Varin skot:** Hreiðar Levý Guðmundsson 12/1, Sveinbjörn Pétursson 3.
**Hraðaupphlaup:** 8 (Nikolaj 2, Andri 2, Magnús 2, Atli, Heiðar)
**Fiskuð víti:** 3 (Rúnar, Goran, Hörður).
**Utan vallar:** 8 mínútur.

**FYLKIR-HAUKAR 26-24**

**Mörk Fylkis (skot):** Arnar Jón Agnarsson 11 (19), Heimir Örn Árnason 6/1 (8/1), Vladimir Duric 3 (8), Ingólfur Axelsson 2 (3), Guðlaugur Arnarsson 2 (3), Ívar Grétarsson 1 (2), Brynjar Þór Hreinsson 1 (3), Þórir Júlíusson 0 (3).
**Varin skot:** Hlynur Morthens 23/1.
**Hraðaupphlaup:** 5 (Guðlaugur 2, Ívar, Arnar, Heimir).
**Fiskuð víti:** 1 (Ívar).
**Utan vallar:** 4 mínútur.
**Mörk Hauka (skot):** Guðmundur Pedersen 5/4 (9/5), Gísli Jón Þórisson 5/3 (10/3), Kári Kristjánsson 4 (4), Árni Þór Sigtryggsson 4 (9), Sigurbergur Sveinsson 2 (2), Freyr Brynjarsson 2 (3), Samúel Ívar Árnason 1 (4), Andri Stefan 1 (6), Arnar Pétursson 0 (3)..
**Varin skot:** Magnús Sigmundsson 12, Björn Friðþjófsson 2.
**Hraðaupphlaup:** 3 (Freyr 2, Guðmundur)
**Fiskuð víti:** 8 (Kári 2, Árni 2, Freyr, Gísli, Guðmundur, Arnar).
**Utan vallar:** 4 mínútur.

**STJARNAN-ÍR 25-26**

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. VALUR | 18 | 13 | 1 | 4 | 510:473 | 27 |
| **2. HK** | **18** | **12** | **3** | **3** | **496:453** | **27** |
| 3. FRAM | 18 | 10 | 2 | 6 | 541:499 | 22 |
| **4. STJARNAN** | **18** | **9** | **0** | **9** | **488:486** | **18** |
| 5. AKUREYRI | 18 | 7 | 2 | 9 | 481:498 | 16 |
| **6. HAUKAR** | **18** | **4** | **4** | **10** | **501:525** | **12** |
| 7. FYLKIR | 18 | 5 | 2 | 11 | 497:529 | 12 |
| **8. ÍR** | **18** | **5** | **0** | **13** | **506:557** | **10** |

Mikilvægur sigur hjá Tottenham gegn Reading:

# Keane tryggði þrjú stig

**FÓTBOLTI** Tottenham smellti sér í sjötta sæti ensku úrvalsdeildarinnar í gær er það lagði Reading að velli, 1-0. Það var Robbie Keane sem skoraði eina mark leiksins úr vítaspyrnu. Ívar Ingimarsson var í byrjunarliði Reading og lék allan leikinn en Brynjar Björn Gunnarsson sat á bekknum sem fastast í 90 mínútur.

Sigur Spurs var sanngjarn en þeir réðu lögum og lofum á vellinum nánast allan leikinn. Vandamál liðsins lágu þó í því að nýta ekki færin.

„Við fengum þrjú frábær tækifæri snemma til að ganga frá leiknum og við fengum fleiri góð færi í síðari hálfleik. Við hefðum átt að skora að minnsta kosti þrjú til fjögur mörk," sagði Martin Jol, stjóri Spurs. „Þetta var leikur sem varð að vinnast og ég er geysilega sáttur við stigin. Engu að síður verðum við að nýta færin okkar betur."

- hbg

# ÞÚ FÆRÐ FERMINGAR**GJÖFINA**
# Í **TÖLVU**LISTANUM

AÐEINS 2.521 KR Á MÁNUÐI

| | |
|---|---|
| Örgjörvi | 1.6Ghz AMD Turion 64 X2 1MB flýtiminni, 2000MHz FSB+HT |
| Minni | 1GB Dual DDR2 533MHz Einfalt að stækka minnið í 4GB |
| Harður diskur | 120GB 5400RPM diskur 5400RPM hraður og hljóðlátur |
| Skrifari | 8xDVD±RW DL skrifari Skrifar DVD diska og CD-RW |
| Skjár | 15,4" WXGA WideScreen skjár Breiðtjaldsskjár með CrystalBrite |
| Skjákort | 128MB ATI Radeon X1100 Samnýtt minni, PCI-Express 16x |
| Hátalarar | Hljóðkerfi með 2 hátölurum Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi |
| Þráðlaust | 54Mbps þráðlaust netkort Innbyggt 802.11g með loftneti í skjá |
| Netkort | Gigabit 10/100/1000 Einnig innbyggt 56k mótald |
| Stýrikerfi | Windows Vista Home Premium Öruggara og öflugra |
| Annað | Aðeins 2.82Kg með rafhlöðu Rafhlöðuending allt að 2.5 tímar |

## FERMINGARGJÖFIN Í ÁR ER ACER ASPIRE 5102WLMI

**DUAL CORE 64 X2**
AMD Turion 64 er með tvo örgjörva fyrir enn meiri afköst og vinnslu í mörgum forritum í einu án vandræða

**15,4" CRYSTALBRITE**
15,4" Widescreen skjár með nýrri CrystalBrite tækni sem skilar ótrúlegri dýpt og skerpu

**8xDVD± SKRIFARI**
Vandaður 8xDVD Dual Layer geislaskrifari sem les og skrifar DVD og venjulega geisladiska

**128MB ATI X1100**
Eitt nýjasta skjákortið frá ATI sem gengur á PCI-Express sem skilar sér í meiri afkastagetu og flottari grafík

**KORTALESARI**
Acer 5102 kemur með 5 í 1 kortalesara fyrir öll helstu minniskort úr stafrænum myndavélum

**WINDOWS VISTA**
Tölvan er uppsett með Windows Vista Premium ásamt öllum uppfærslum, tilbúin til notkunar

acer

# VERÐ 89.900

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl. Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og er miðað við 48 mánaðarlegar jafnar afborganir. 3,5% stimpil og lántöku-gjald ásamt vöxtum er innifalið. Vextir eru samkvæmt ákvörðun TL á hverjum tíma og eru núna 16,75%.

## FERMINGARVÉLIN

AÐEINS 3.362 KR Á MÁNUÐI

2.13GHz Intel Core 2 Duo E6400 með 2MB flýtiminni 2GB Dual DDR2 minni • 320GB 7200RPM harður diskur 18xDVD±RW DL skrifari • 19" LCD Acer AL1916FS skjár 256MB MSI Geforce7 NX7600GS PCI-E 16X skjákort 10/100/1000 netkort • Windows Vista Home Premium

**VERÐ 119.900**

RISAEGG 1.4KG
NÓI SÍRÍUS
RISAPÁSKAEGG FRÁ NÓA SÍRÍUS FYLGIR ÖLLUM TÖLVUTILBOÐUM Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

## LOGITECH Z-10

FRÁ 558 KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI

Logitech Z-10 er öflugt hátalarakerfi með baklýstum upplýsingaskjá og snertihnöppum. Kerfið skilar frábærum hljómgæðum, USB 2.0

**VERÐ 14.900**

## MY BOOK HÝSING

FRÁ 642 KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI

500GB My Book er flott fermingargjöf frá Western Digital, geymdu allar ljósmyndirnar, bíómyndirnar og alla tónlistina á einum stað

**VERÐ 19.900**

## 500GB HARÐUR DISKUR

ÁBYRGÐ 5 ár

**500GB SATA2 16MB**
500GB SATA2 Special Edition harður diskur frá Western Digital sem er 7200RPM og með 16MB buffer

**FLUID BEARING**
Fluid Dynamic Bearing tæknin skilar mun hljóðlátari og endingarbetri hörðum diskum

**WESTERN DIGITAL**
Betri, hljóðlátari, hraðvirkari og mest seldu hörðu diskarnir í dag á enn betra verði en áður

SERIAL ATA
WD Western Digital

**VERÐ 14.900**

ÁBYRGÐ 10 ár
1GB Corsair USB 2.0 Value Select minnislykill
**VERÐ 1.990**

15" Empire II hliðartaska frá Manhattan
**VERÐ 5.490**

15" University fartölvubakpoki frá Manhattan
**VERÐ 5.990**

Canon CanoScan 4400F flottur borðskanni
**VERÐ 17.900**

# TÖLVULISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| Tölvulistinn. | Nóatúni 17 | Reykjavík. | ☎ 414 1700 |
| Tölvulistinn. | Glerárgötu 36 | Akureyri. | ☎ 414 1730 |
| Tölvulistinn. | Hafnargötu 90 | Keflavík. | ☎ 414 1740 |
| Tölvulistinn. | Miðvangi 2-4 | Egilsstaðir. | ☎ 414 1735 |

## PHILIP SEYMOUR HOFFMAN



Philip er fæddur í New York árið 1967. Hann útskrifaðist úr leiklistarskóla 22 ára en stuttu síðar fór hann í meðferð vegna alkóhól- og fíkniefnaneyslu og hefur haldið sér hreinum síðan. Eitt af fyrstu hlutverkum Philips var í sjónvarpsseríunni Law and Order en tveimur árum síðar lék hann í myndinni Scent of a Woman. Sjálfur segir hann að það hlutverk hafi komið sér á kortið en fram að því starfaði hann á birgðalager. Þótt Philip þyki hæfileikaríkur leikari er myndin Owning Mahowny ein af fáum myndum sem hann hefur leikið aðalhlutverkið í en hún verður sýnd á Stöð 2 Bíó kl. 18.00.

# gskrá

**VIÐ TÆKIÐ** SVAVAR HÁVARÐSSON OG HÁKON SVAVARSSON BÁRU SAMAN BÆKUR SÍNAR

## Mmmmmmmdaaaaaaaa og Punk'd

Enn þann dag í dag fæ ég ósvikna gleðitilfinningu þegar ég horfi á Tomma og Jenna. Hraðametin sem ég setti á leiðinni inn í stofu þegar þessar teiknimyndir voru að byrja voru aldrei skráð en eins og þá er mér fyrirmunað að slíta mig frá ævintýrum þeirra félaga þegar þau eru á skjánum. Ég sakna líka Línunnar. Að mínu mati bestu teiknimyndir sem gerðar hafa verið. Mmmmmmmmmdaaaaaaaaaaa. Ekki einu sinni Bond, James Bond slær við þessum frasa.




Það er til marks um hvað tíminn er fljótur að líða að fyrsti sjónvarpsþátturinn sem ég sá í lit var Prúðuleikararnir. Á svipuðum tíma kom Húsið á sléttunni sterkt inn. Enn hata ég Nelly af jafnmikilli ástríðu og ég gerði þá. Þeirri tilfinningu deili ég eflaust með mörgum af minni kynslóð ásamt spurningunni af hverju þetta sjónvarpsefni er ekki allt endursýnt reglulega.

Það er gaman að bera saman smekk ungu kynslóðarinnar í dag við það sem er manni sjálfum eftirminnilegt. Hvað skyldi henni vera efst í huga varðandi það sjónvarpsefni sem henni stendur til boða?

Þar sem ég get ekki sett mig í þau spor bað ég Hákon Svavarsson, 11 ára, að skrifa niðurlag þessa pistils.



Punk'd er enska útgáfan af þættinum Tekinn með Auðuni Blöndal sem var áður fyrr á Sirkus á mánudögum. Punk'd er þáttur sem gengur út á að hrekkja þá frægu og koma þeim í vandræði. Kannski með að láta skógarbjörn ráðast á bílinn þeirra eða blanda krökkum inn í hrekkinn og láta krakka bulla og vandræðast við þá frægu.

Einu hef ég tekið eftir að það er mikið um blótsyrði í þættinum og heyrist þá þetta hávaða píp. Af hverju ekki að láta hljóðið hverfa meðan blótsyrðin eru eða hreinlega að hætta að blóta?

## EKKI MISSA AF



▶ **21.15** **Lífsháski** SJÓNVARPIÐ



▶ **20.55** **American Idol** STÖÐ 2



▶ **22.00** **Gothika** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.00** **Twenty Four** SIRKUS



▶ **22.50** **Everybody Loves Raymond** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**15.45 Helgarsportið**
**16.10 Ensku mörkin**
**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Myndasafnið**
**18.01 Fyndin og furðuleg dýr** (17:26)
**18.06 Lítil prinsessa** (7:30)
**18.16 Halli og risaeðlufatan** (3:26)
**18.30 Vinkonur** (28:52)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.20 Regnmaðurinn sjálfur** (The Real Rainman) Hvað varð um Regnmanninn, Kim Peek, sem Dustin Hoffman lék svo eftirminnilega? Í þessari bresku heimildamynd er sagt frá þessum frægasta sérvita heims.
▶**21.15 Lífsháski** Bandarískur myndaflokkur um hóp fólks sem komst lífs af úr flugslysi og neyddist til að hefja nýtt líf á afskekktri eyju í Suður-Kyrrahafi þar sem ýmsar ógnir leynast. Meðal leikenda eru Naveen Andrews, Emilie de Ravin, Matthew Fox, Jorge Garcia, Maggie Grace, Dominic Monaghan, Yunjin Kim, Terry O'Quinn og Josh Holloway. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Ensku mörkin**
**23.20 Spaugstofan**
**23.45 Kastljós**
**00.10 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.05 The Good Girl**
**08.00 Jersey Girl**
**10.00 Lost in Translation**
**12.00 Owning Mahowny**
**14.00 Jersey Girl**
**16.00 Lost in Translation**
**18.00 Owning Mahowny**
**20.00 The Good Girl** Rómantísk gamanmynd. Aðalhlutverk. Jennifer Aniston, Zooey Deschanel, Jake Gyllenhaal.
▶**22.00 Gothika** Ógnvekjandi hrollvekja með Halle Berry og Robert Downey jr.
**00.00 Below**
**02.00 The Juror** (e)
**04.00 Gothika**

## STÖÐ 2

**07.20 Grallararnir**
**07.40 Tasmanía**
**08.45 Í fínu formi 2005**
**09.00 Bold and the Beautiful**
**09.20 Forboðin fegurð**
**10.05 Amazing Race**
**10.50 Whose Line Is it Anyway? 5**
**11.15 Sisters**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Sisters**
**13.55 Listen Up**
**14.20 Punk'd**
**14.45 The Robinsons**
**15.15 The Comeback**
**15.50 Galdrastelpurnar**
**16.10 Tvíburasysturnar**
**16.35 Skrímslaspilið**
**17.18 Véla-Villi**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður**
**19.40 Jamie Oliver - með sínu nefi**
**20.05 Grey's Anatomy**
▶**20.55 American Idol** Dómarar eru ekki lengur með völdin og því þurfa keppendur að leggja enn harðar að sér til að vinna hylli almenningsins.
**21.40 American Idol**
**22.05 Crossing Jordan** Jordan er réttarlæknir og er kölluð til þegar andlát ber að höndum en hún gegnir iðulega lykilhlutverki við rannsókn flókinna sakamála.
**22.50 Prison Break** Flóttinn úr rammgirtasta fangelsi Bandaríkjanna heldur áfram í þessari annarri seríu af spennuþættinum vinsæla Prison Break.
**23.35 Shark** Nýir bandarískir spennuþættir sem slegið hafa í gegn vestanhafs.
**00.20 Gangsta's Paradise (Race Against Time)**
**01.55 The Dangerous Lives of Alter Boys**
**03.40 Blind Justice**
**04.25 Grey's Anatomy**
**05.10 Fréttir og Ísland í dag**
**06.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider** Í þessum þáttum fara stjórnendurnir með okkur í innsta hring stjarnanna þar sem við fáum að sjá einkaviðtöl, nýjustu upplýsingarnar og sannleikann á bakvið heitasta slúðrið í Hollywood. Þessir skemmtilegu þættir koma frá sömu framleiðendum og Entertainment Tonight.
**18.30 Fréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Seinfeld** (e) Georg reynir að fá Jerry til að biðjast afsökunar en hann er upptekinn af nakinni vinkonu sinni.
**19.55 Entertainment Tonight** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur.
**20.20 Dirty Dancing**
**21.15 Trading Spouses** Nokkrar fjölskyldur taka sig til og prófa nýtt líf. Við fylgjumst með nokkrum fjölskyldum þar sem mæður og feður skipta um fjölskyldur. Í hverri viku mun einn húsráðandi skipta um hlutverk við annan húsráðanda. Þau munu ala upp börn þeirra, hugsa um heimilið þeirra og fá þannig að upplifa annað líf. Fyrir suma er þetta gott frí en fyrir aðra algjör martröð.
▶**22.00 Twenty Four** Sjötta þáttaröð vinsælasta spennuþáttar Stöðvar 2 síðustu árin. Þátturinn hefur margsinnis hlotið Golden Globe og Emmy-verðlaunin.Í sjöttu þáttaröðinni hefst enn einn örlagaríkur sólarhringurinn í lífi mikilvægasta leyniþjónustumanns og hryðjuverkasérfræðings heimsins. (11.24)Jack er í kapphlaupi við tímann en fundur með fyrrum forseta Bandaríkjanna veitir honum mikilvægar upplýsingar í leitinni að kjarnorkusprengjunum.
**22.45 Cold Case** Fjórða þáttaröð þessara vinsælu spennuþátta.
**23.30 Seinfeld** (e)
**23.55 Entertainment Tonight** (e)
**00.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10:15 næsta dag.
**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05:45 til 09:45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Melrose Place** (e)
**10.30 Óstöðvandi tónlist**
**15.15 Vörutorg**
**16.15 Game tíví** (e)
**16.45 Beverly Hills 90210**
**17.30 Melrose Place**
**18.15 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Racheal Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.30 Malcolm in the Middle** (e) Græðgin grípur Hal heljartökum þegar hann finnur ávísun upp á 10 þúsund dollara sem ætluð er Malcolm.
**20.00 The O.C.** (11.16) Það er allt í hers höndum hjá Ryan og Taylor og ástandið er engu betra hjá Summer og Seth. Che reynir að hjálpa Seth að finna sjálfan sig og Julie reynir allt sem hún getur til að bjarga vinskapnum við Kirsten.
**21.00 Heroes** (13.23) Bandarísk þáttaröð um venjulegt fólk sem öðlast óvenjulega hæfileika.
**22.00 C.S.I.** (12.24) Bandarískir þættir um störf rannsóknardeildar Las Vegas borgar.
▶**22.50 Everybody Loves Raymond** Ray segir Frank og Marie loks hvað honum finnst um ágang þeirra og átroðning eftir að Marie keyrir á húsið hans.
**23.15 Jay Leno**
**00.05 Boston Legal** (e)
**01.05 Psych** (e)
**01.55 Vörutorg**
**02.55 Beverly Hills 90210** (e)
**03.40 Melrose Place** (e)
**04.25 Óstöðvandi tónlist**

## SKJÁR SPORT

**14.00 Charlton - Wigan** (frá 31. mars)
**16.00 Liverpool - Arsenal** (frá 31. mars)
**18.00 Þrumuskot**
**18.55 Aston Villa - Everton** (beint)
**21.00 Að leikslokum**
**22.00 Eggert á Upton Park**
**22.30 Ítölsku mörkin**
**23.30 Þrumuskot** (e)
**00.30 Bolton - Sheff. Utd.**(frá 31. mars)
**02.30 Dagskrárlok**





FERMINGARGJAFIR

Gott veganesti út í lífið

Nú einnig
á hljóðbók.

„Ég fagna útkomu *Biblíunnar á 100 mínútum*. [Hún] er skemmtilegt og handhægt yfirlit . . . [og] gefur glögga innsýn í meginstef Biblíunnar og handægan leiðarþráð til að rata gegnum hana.“

Úr formála biskups Íslands, herra Karls Sigurbjörnssonar.




Hinar sígildu Heilræðavísur Hallgríms Péturssonar
með myndskreytingum Önnu Þóru Árnadóttur.

Bókafélagið Ugla

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.05**
### Grey's Anatomy



Vinsælasti þátturinn í Bandaríkjunum, þar sem nú ríkir Grey's Anatomy æði. Þættirnir gerast á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle-borg og þar starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu læknanna á það til að flækjast fyrir þeim og gera þeim lífið enn þá erfiðara. Í þætti kvöldsins sýður upp úr á milli Christinu og Burke en þau virðast ekki eiga mikla samleið. Nýr læknir er kynntur til sögunnar og í ljós kemur að hann á sér sögu með einum af aðstoðarlæknunum.

**VIÐ MÆLUM MEÐ**
### REGNMAÐURINN SJÁLFUR
**SJÓNVARPIÐ KL. 20.20**

Hvað varð um Regnmanninn, Kim Peek, sem Dustin Hoffman lék svo eftirminnilega? Í þessari bresku heimildamynd er sagt frá þessum frægasta sérvitringi heims sem skaddaðist á heila í fæðingu en man allt sem hann les og lærði að reikna svo hratt að vísindamenn botna ekkert í því hvernig hann fer að því. Bíómyndin Regnmaðurinn verður síðan sýnd á miðvikudagskvöldið.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Laufskálinn
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Stefnumót
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Landslag er aldrei asnalegt
**14.30** Miðdegistónar
**15.03** Krossgötur
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Vitinn
**19.30** Laufskálinn
**20.10** Söngvamál
**21.00** Vísindamaður á tali
**22.15** Lestur Passíusálma
**22.25** Úr tónlistarlífinu
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SÝN

**07.00 Spænski boltinn** (Celta - Real Madrid)
**13.10 PGA Tour 2007** Bein útsending (Shell Houston Open)
**16.10 Spænski boltinn** (Getafe - Zaragoza)
**17.50 NBA deildin** (Pheonix - Dallas)
**19.50 Iceland Expressdeildin 2007**
**21.45 Þýski handboltinn**
**22.15 Spænsku mörkin**
**23.00 Coca Cola mörkin** Hér er farið yfir allt það helsta sem gerðist í liðinni umferð í ensku 1. deildinni í knattspyrnu. Mörg félaganna í deildinni eru með íslenska leikmenn á sínum snærum og því kærkomið að fá tækifæri til þess að fylgjast með tilþrifum þeirra í hverri einustu umferð.
**23.30 Football and Poker Legends** Í heimsmótaröðinni í póker eru sautján mót sem fram fara víðs vegar um heiminn. Þar er keppt um stórar upphæðir og gjarnan eru þar atvinnumenn á ferð. Við og við eru svo haldin óhefðbundin mót þar sem stórstjörnum úr Hollywood eða íþróttum er boðið að setjast að spilaborðinu.

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar
**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

## DR 1

**6.10** Svampebob Firkant **6.35** Til dans, til vands og i luften **6.55** Mulan 2 **8.10** Lucky Luke **8.35** Brødrene Løvehjerte **9.00** Livet ombord - så dykker vi **9.30** Hjerterum **10.00** TV Avisen **10.10** 21 Søndag **10.50** Debatten **11.30** OBS **11.50** Aftenshowet **12.20** Søren Ryge besøger Lis og dyrene **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Dawson's Creek **14.00** Hjerteflimmer **14.30** Seksløber Snurre **14.40** Ronja Røverdatter **15.30** Den lille brandskole **15.55** Gurli Gris **16.00** Troldspejlet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Når giraffen får en tennisalbue **17.30** Ud i det blå **18.00** Dræber-is **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.35** Snaphaner **20.35** Danger Beneath the Sea **22.05** OBS **22.10** Poul Martinsen kavalkade **23.10** Hjerteflimmer **4.30** Elmers verden **4.45** Brum **5.00** Rasmus Klump **5.10** Palle Gris på eventyr **5.30** Noddy **5.45** Der var engang

## NRK 1

**6.05** Harry med bøtta full av dinosaurer **6.20** Lille Prinsesse **6.35** Småspøkelsene **6.45** Pippi Langstrømpe **7.10** Hønsehuset **7.25** Sauen Shaun **7.35** Hubert **7.50** Mini-kryp **8.00** Den dårligste heksa i klassen **8.25** Ut i naturen: La løvet leve **8.50** Vestindia - vårt tapte paradis **9.00** Familiegudstjeneste fra Byåsen kirke i Trondheim **10.00** Siste nytt **10.05** Lonely Planet **11.00** Siste nytt **11.05** Schrödingers katt **11.30** Viten om **12.00** Siste nytt **12.05** Norge rundt **12.30** Migrapolis: Norge i Afghanistan **13.00** Siste nytt **13.05** Lyoko **13.30** Den blå sandens hemmelighet **14.00** Siste nytt **14.03** Totalt genialt! **14.30** Fabrikken **15.00** Siste nytt **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Tid for tegn **15.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Mikkes klubbhus **16.25** Sauer **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Påskenøtter **17.45** Og si meg så hva vil du mere **18.45** Stemningar frå Romsdalskysten **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Brannmur **20.55** Løsning påskenøtter **21.00** Kveldsnytt **21.15** Christian Reim **22.10** Villmark **5.30** Påskemorgen **5.32** Mekke-Mikkel **5.45** Postmann Pat

## SVT 1

**7.30** Världen **8.30** Ekonomicoaching **8.55** Ramp om matematik **9.25** Keith on the road **10.00** Rapport **10.05** Agenda **11.00** Sportspegeln **12.25** En karl i köket **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Kaksi/två **15.30** Krokomax **16.00** Charlie och Lola **16.15** Ellas lördag **16.20** Brum **16.30** Evas funkarprogram **16.45** Dr Dogg **17.00** Lilla sportspegeln **17.30** Rapport **18.00** Bror och syster **19.00** Plus **19.30** Kobra **20.00** Supernatural **20.45** Rapport **20.55** Kulturnyheterna **21.05** Bingo Royale **21.50** Sopranos **22.45** Sändningar från SVT24 **4.00** Gomorron Sverige


þróunarfélag | property development

ÞYRPING

Til leigu:

# Glæsilegt skrifstofuhúsnæði í hjarta helsta fjármálahverfis Reykjavíkur



**Laust**

| | Austurhluti | Vesturhluti |
|---|---|---|
| 8. hæð | | leigt |
| 7. hæð | | leigt |
| 6. hæð | | 1064m² |
| 5. hæð | 890m² | 925m² |
| 4. hæð | 890m² | 925m² |
| 3. hæð | 896m² | 932m² |
| 2. hæð | 705m² | leigt |
| 1. hæð | 450m²* leigt | leigt leigt |

** hægt er að skipta þessu rými til helminga*
***allar stærðir eru birt flatarmál*

Þyrping reisir sérhannað 12000m² skrifstofuhúsnæði að Borgartúni 26. Bílastæði verða annars vegar í bílageymslu undir húsinu fyrir um 200 bíla auk bílastæða við bygginguna.

Húsnæðið skiptist í tvo misháa hluta, 8 hæðir vestan megin og 5 hæðir austan megin. Jarðhæðin skiptist upp í 4-5 rými og verður verslun og þjónusta þar en á öðrum hæðum hússins er gert ráð fyrir skrifstofu- og þjónustustarfsemi. Húsnæðið verður sérhannað út frá þörfum framsækinna fyrirtækja með frábæru útsýni.
Meðal leigjenda eru 10-11, Lyfja, Spron, Baugur, Gnúpur og Samkeppniseftirlitið.

Húsnæðið afhendist tilbúið til innréttinga vorið 2007.

Á vefsíðu Þyrpingar, www.thyrping.is, er að finna frekari upplýsingar auk ítarlegra teikninga af húsinu í heild og einnig hverri hæð fyrir sig.

Frekari upplýsingar gefur Þorsteinn hjá Þyrpingu í síma 594 4200.

Þyrping hf, Hátúni 2b, 105 Reykjavík
sími 594 4200
fax 594 4201
netfang thyrping@thyrping.is
vefslóð www.thyrping.is

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég hlusta mikið á franska tónlist, sérstaklega með ungu listafólki og helst með harmonikkuspili. Meðal annars hef ég verið að hlusta á Emily Loizeau og Pauline Croze. Svo hlusta ég mikið á Ampop, mér finnst þeir meiri háttar.“*

Anna Sigríður Garðarsdóttir, eigandi Sportíss.

# Þorvaldur komst inn, Magnús ekki

Þorvaldur Davíð Kristjánsson hefur fengið inngöngu í hina virtu leiklistardeild Julliard-skólans í New York eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir helgi. Eftir því sem næst verður komist er Þorvaldur fyrsti Íslendingurinn sem fer alla leið í gegnum inntökuferlið í Julliard en nokkrir hafa reynt fyrir sér hjá skólanum í stóra eplinu. Einn þeirra er Magnús Ragnarsson, sjónvarpsstjóri Skjás eins, sem reyndi að komast inn í skólann árið 1983 ásamt þremur öðrum Íslendingum.



**MAGNÚS RAGNARSSON** Komst ekki inn í leiklistardeild Julliard árið 1983.

„Þetta voru ég, Jón Bjarni Guðmundsson og Árni Pétursson en hann hef ég reyndar ekki séð síðan,“ sagði Magnús sem var að vonum ánægður fyrir hönd Þorvaldar að hafa komist inn. „Ég komst hins vegar því miður ekki inn,“ bætir Magnús við. Þorvaldur mun í sumar eyða mestum tíma í vinnu en fer síðan út í ágúst þar sem hann hyggst koma sér vel inn í málið og kynna sér New York.

Leiklistardeild Julliard er feikilega virt í leiklistarheiminum og þykir hafa einhverja bestu klassísku menntunina í þessum fræðum ásamt leiklistardeild Yale-háskólans. Meðal þeirra sem þarna hafa stundað nám má nefna Val Kilmer, Robin Williams og Kevin Spacey sem reyndar gafst upp eftir tvö ár. Og prófskírteinið ætti því að opna dyr að frekari heimsyfirráðum. Námið í Julliard er ekki ókeypis og er talið að kostnaðurinn við þessa útrás Þorvaldar nemi nokkrum milljónum. Skólinn mun þó koma að einhverju leyti til móts við leikarann unga frá Íslandi. „Þetta verður örugglega mjög gaman fyrir strákinn,“ segir Magnús. - fgg



**ÞORVALDUR** Heldur til Bandaríkjanna í ágúst og hyggst koma sér vel fyrir í New York.



**LÁRÉTT**
**2** uss 6 drykkur 8 neðan 9 bók 11 samþykki 12 teygjudýr 14 hlutverk 16 tveir eins 17 gól 18 húðsepi milli táa 20 til 21 innyfli.

**LÓÐRÉTT**
**1** að utan 3 tveir eins 4 rabba 5 forsögn 7 gufulest 10 efni 13 málmur 15 eyðimörk 16 vafi 19 í röð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2 suss, 6 te, 8 upp, 9 rit, 11 já, 12 amaba, 14 rulla, 16 ee, 17 ýlu, 18 fit, 20 að, 21 iður.
**LÓÐRÉTT:** 1 ytra, 3 uu, 4 spjalla, 5 spá, 7 eimreið, 10 tau, 13 blý, 15 auðn, 16 efi, 19 tu.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Bresku sjóliðarnir í Íran eru fimmtán.
2. Foreldrar missa að meðaltali tveggja mánaða svefn fyrsta ár barnanna.
3. Þorvaldur Davíð Kristjánsson hefur fengið inngöngu í leiklistardeild Julliard-skólans.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

HRAFNKELL PÁLMARSSON: ÞRIGGJA ÁRA TÓNSMÍÐANÁM AÐ BAKI

# Landslið poppara útskrifast

Benedikt Hermann Hermannsson, Kjartan Sveinsson úr Sigur Rós og eiginkona hans, María Huld úr Amiinu, eru á meðal þeirra sem útskrifast sem tónsmiðir úr Listaháskóla Íslands á næstunni.

Á meðal fleiri útskriftarnema eru Páll Ragnar Pálsson, fyrrum gítarleikari Maus, Hafdís Bjarnadóttir gítarleikari og Hrafnkell Pálmarsson, fyrrum gítarleikari Í svörtum fötum. Auk þess mun söngkonan Guðrún Árný Karlsdóttir útskrifast sem tónlistarkennari.

Hrafnkell segir að námið, sem er þriggja ára langt, hafi verið rosalega skemmtilegt. Segir hann að popparanir hafi náð vel saman í náminu þó svo að poppið hafi ekki endilega mikið borið á góma á kaffistofunni. „Það sem er mest verið að tala um í þessum skóla er þessi tónlist án landamæra. Þetta er allt af sama meiði hvort sem um er að ræða popp, klassík eða rokk. Það er bara mismunandi háttur á flutningi og framsetningi og aðferðum,“ segir Hrafnkell, sem stundaði nám í hefðbundnum tónsmíðum þar sem klassík kemur mikið við sögu. „Ég hef góðan grunn í klassík því ég lærði lengi vel á fiðlu, löngu áður en ég fór að spila á gítar. Ég hef verið að vinna mikið af verkefnum tengdum leikhúsi og kvikmyndatónlist. Síðan hef ég unnið töluvert líka í „pródúseringu“. Ég er það heppinn að ég hef getað nýtt mér ýmis tækifæri innan skólans til að prófa hinar ýmsu leiðir,“ segir hann. Segist hann vel geta hugsað sér að starfa við leikhús- eða kvikmyndatónlist í framtíðinni.



Þeir sem ljúka tónsmíðanáminu flytja lokaverkefni sín á næstunni. Benedikt reið á vaðið með tónleikum í Salnum síðastliðið laugardagskvöld ásamt Blásarasveit Reykjavíkur en tónleikar Hrafnkels verða aftur á móti 25. apríl, einnig í Salnum. Þar mun hann flytja tvö klassísk verk eftir sig auk þess sem níu manna kammersveit mun flytja lokaverkið sjálft. Félagi hans úr útskriftarhópnum, Hreiðar Ingi Þorsteinsson, mun einnig flytja lokaverkefni sitt sama kvöld.

freyr@frettabladid.is

**HRAFNKELL PÁLMARSSON** Hrafnkell stundaði fiðlunám áður en hann gerðist gítarleikari.



**KJARTAN SVEINSSON** Hljómborðsleikari Sigur Rósar er að útskrifast frá Listaháskóla Íslands.



**MARÍA HULD** María Huld Markan Sigfúsdóttir er meðlimur Amiinu, sem er á tónleikaferðalagi um Bandaríkin.



**BENNI HEMM HEMM** Benedikt Hermann Hermannsson hélt útskriftartónleika síðastliðið laugardagskvöld.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Stórpönkarinn **Ceres4** hefur nú lagt lokahönd á myndband við lag um West Ham-ævintýri **Björgólfs Guðmundssonar** og **Eggerts Magnússonar**. Lagið heitir Sagan af Bjögga og Eggert og lætur Ceres allt flakka eins og honum einum er lagið. Gerir óspart grín að þessari miklu ævintýramennsku athafnamannanna í Bretlandi en Ceres samdi einmitt einnig lag um kaup Íslendinga á knattspyrnufélaginu Stoke sem fékk heldur dapurlegan endi. Skemmtilegast er þó að sjá **Halldór Gylfason** í hlutverki Björgólfs þar sem hann húðskammar leikmenn liðsins og **Ottó Tynes** sem bregður sér í hlutverk fyrrverandi formanns KSÍ.



Mikil spenna ríkir fyrir stórtónleika **Stuðmanna** og **Sálarinnar hans Jóns míns** sem haldnir verða í Kaupmannahöfn 18. apríl. Uppselt er á sjálfan dansleikinn en enn eru til miðar á 800 manna borðhald sem kostar litlar 18 þúsund krónur. Það er **Sigurður K. Kolbeinsson** og fyrirtæki hans, kaupmannahofn.dk/hotelbokanirikaupmannahofn, sem standa að þessum viðburði en hann verður haldinn í Cirkus Bygningen í miðborg Kaupmannahafnar. Mörgum er eflaust í fersku minni það klúður sem átti sér stað þegar alnafni Sigurðar skipulagði tónleika með Sálinni fyrir tveimur árum síðan. Þeir tónleikar fóru út um þúfur en Sálin lét það lítið á sig fá og settu sjálfir upp tónleika á Vega. En haft hefur verið á orði að nú vilji hinn eini sanni Sigurður Kolbeinsson hreinsa nafnið af slíku skipulagsslysi enda ku allt vera á hreinu fyrir þessa tónleika. - fgg



PÁSKATILBOÐ
HUMARSÚPA PRINSINS
+
1KG HUMAR = 2000KR
STÓR HÖRPUDISKUR-TIGRIS RÆKJUR-HUMAR
TILBOÐIN GILDA FRAM AÐ PÁSKUM
GIRNILEGA PÁSKA
HAFIÐ FISKIPRINSINN
Þú getur alltaf treyst á prinsinn
Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogi •
s: 554 7200 • www.hafid.is
FISKBÚÐIN Vík
Fiskbúðin Vík ehf. • Hringbraut 92 • 230 Keflavík

# Hákarl í dulargervi grænmetisætu

„Þetta er strangt til tekið ekki hákarl heldur svokallaður Pangasíus langfin. Hann er hins vegar kallaður hákarl út af útlitinu, er með háan bakugga og stóran kjaft,“ segir Hlynur Ingi Grétarsson, eigandi fiskverslunarinnar Fiskbaur.is. En „hákarlinn“ hefur vakið mikla athygli viðskiptavina þar sem hann syndir um í búrinu sínu, sextíu sentimetra langur, þótt enn hafi enginn treyst sér til að kaupa hann. „Þetta er ekki grimmt dýr en eins og aðrir fiskar ver hann landsvæði sitt af mikilli hörku,“ útskýrir Hlynur en „hákarlinn“ er aðallega fóðraður á rækjum og öðrum fisk sem leggst til. „En grænmeti er samt í mestu uppáhaldi hjá honum; aspas, gulrætur og kartöflur.“

Pangasíus langfin hefur getið sér góðs orðs sem matfiskur í Víetnam og þar fer fram mikil ræktun á honum til manneldis. „Hann er talinn vera einn skæðasti keppinautur við annað fiskeldi í heiminum ekki síst vegna þess hversu ódýrt það er að fæða hann og halda honum uppi,“ segir Hlynur

Fiskáhugi Íslendinga er ekki bara bundinn við veiði í laxám því Íslendingar hafa í síauknum mæli verið að fá áhuga á skrautfiskum til að skreyta heimili sín. Á vefsíðunni fiskaspjall.is má meðal annars sjá myndir af glæsilegri koitjörn í Fossvoginum og segir Hlynur að menn geti eytt milljónum í að skapa fiskunum sínum glæsileg heimili. „Ég held að það komi fólki alveg merkilega á óvart hversu mikið er af þessum tjörnum hér á landi,“ segir Hlynur. - fgg



**HLYNUR OG HÁKARLINN** Hákarlinn er reyndar ekki hákarl heldur Pangasíus langfin og þykir fátt jafn gott og gulrætur og kartöflur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


Eragon er kominn á DVD í BT
2 DISC - SPECIAL EDITION
eragon
2.299
Páskamyndin á DVD!
Hin stórkostlega ævintýramynd Eragon er komin á DVD í BT. Öllum eintökum fylgir páskaegg nr. 2 frá Nóa Síríus*
NÓI SÍRÍUS
BT
*ATH: Á meðan birgðir endast.
BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



LYFJA
Lífið heil
Lyfja Lágmúla
Lyfja Smáratorgi
Opið 8-24 alla daga




BAKÞANKAR

ÞRÁINS BERTELSSONAR

## *88 og 300*

Hafnfirðingar (fyrir utan álfa og huldufólk) eru 23.275 talsins og búa (eins og nafnið bendir til) í Hafnarfirði. Alcan er fjölþjóðlegt fyrirtæki með 53.000 starfsmenn í 41 landi. Hafnarfjarðar er fyrst getið í heimildum um 1400, þó er minnst á Hafnarfjörð í Landnámabók. Bjarni Sívertsen sem nefndur er faðir Hafnarfjarðar hóf að versla í Firðinum árið 1794. Alcan var stofnað rúmri öld síðar, árið 1902, sem kanadískt dótturfyrirtæki málmiðnaðarrisans Pittsburgh Reduction Company.

**Í HAFNARFIRÐI** eru 11.302 konur en karlarnir eru 11.149. Af bæjarbúum eru 5.443 á aldrinum 0-14 ára, 14.926 bæjarbúar eru á aldrinum 15-64 ára, en 2.082 eru 65 ára og eldri; 5 Hafnfirðingar eru yfir 100 ára en elsti íbúi bæjarins er fæddur í maí árið 1902 – sama ár og Alcan var stofnað.

**Í HAFNARFIRÐI** eru 8 grunnskólar með rúmlega 3.650 nemendur. Um 16% íbúa eru í grunnskólum. Leikskólar eru 15 með um 1.400 börn. Í Tónlistarskólanum eru 644 nemendur. Um 75.000 ferðamenn heimsækja Hafnarfjörð á hverju árið. Bæjarlandið er um 147 ferkílómetrar og á því svæði eru kratar algengari en annars staðar á Íslandi (en kratar eru félagsverur). Hafnfirðingar eru áhugasamir um íþróttir. Hver bæjarbúi fer 16 sinnum í sund á ári og meira en 1.000.000 manns koma í íþróttahúsin.

**Í HAFNARFIRÐI** var fyrsta lútherska kirkjan á Íslandi reist árið 1533 þar sem hét Háigrandi, gegnt Óseyri, rétt við smábátahöfnina. Sérstaklega góð hafnarskilyrði gerðu Hafnarfjörð snemma að einni helstu verslunarhöfn landsins og þar var aðalhöfn þýskra kaupmanna á 16. öld og á fyrri hluta einokunartímabilsins á 17. öld. Fyrsta tilraun til þilskipaútgerðar á Íslandi var gerð í Hafnarfirði á árunum 1753-1759. Í Hafnarfirði var fyrsta almenningsrafveitan á Íslandi. Fyrsti togari Íslendinga, Coot, var gerður út frá Hafnarfirði 1905-1908. Hafnfirðingar láta hvorki mútur né hótanir stjórna gerðum sínum heldur heilbrigða skynsemi og trú á framtíðina.

**ÁRIÐ 480** f. Kr. stöðvuðu 300 Spartverjar innrás Persa í Laugaskarði. Á laugardaginn stöðvuðu 88 Hafnfirðingar innrás Alcan í Hafnarfjörð.





2 DAGA REYNSLUAKSTUR SUBARU LEGACY*

Það er algengt að fólk ánetjist Subaru, enda eiga öryggið, þægindin og aksturseiginleikarnir sér enga hliðstæðu. Þess vegna lánum við þér bílinn í allt að 48 klst. þegar þú kemur í reynsluakstur. Aktu í vinnuna, skutlaðu krökkunum í skólann, verslaðu og heillaðu þína nánustu. Upplifðu Subaru við þínar aðstæður.
– Passaðu bara að gleyma ekki að skila honum.

Pantaðu 2 daga reynsluakstur í síma 525 8088

* SJÁ SKILMÁLA Á WWW.SUBARU.IS ** Bílasamningur miðað við 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði og sérkjör hjá Glitni

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

GLITNIR
FJÁRMÖGNUN



**Sedan** verð frá **2.490.000,-** Bílasamn. Glitnis** **30.243,-**
**Wagon** verð frá **2.640.000,-** Bílasamn. Glitnis** **32.049,-**



# Brúnegg á morgnana

## Hrein orka, góð næring, gott í maga

*Fáðu þér eitt ..eða tvö !*



**BRÚNEGG**
FRJÁLSAR HÆNUR
VISTVÆN EGG